

Ólafur Arnar Sveinsson

Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur
í skjalasöfnum sýslumanna
í Þjóðskjalasafni Íslands



Ólafur Arnar Sveinsson

Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur
í skjalasöfnum sýslumanna
í Þjóðskjalasafni Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands
Mars 2011

Rit Þjóðskjalasafns Íslands.

Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum.

Leiðarvísir fyrir dóma- og þingbækur í skjalasöfnum sýslumanna í Þjóðskjalasafni Íslands.

© 2011 Þjóðskjalasafn Íslands / Ólafur Arnar Sveinsson.

ISSN 2298-5972

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands.

Ritstjóri:

Hrefna Róbertsdóttir.

Höfundur:

Ólafur Arnar Sveinsson.

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR	3
1. EFNISAFMÖRKUN OG TILURÐ VERKEFNIS	3
2. SKJALASÖFN SÝSLUMANNA OG BREYTINGAR Á EMBÆTTINU	5
II. SÝSLUMANNSEMBÆTTI Á ÍSLANDI.....	9
3. UMBOÐSSTÖRF OG EMBÆTTISSKYLDUR.....	9
III. DÓMA- OG ÞINGBÆKUR	14
4. TEGUNDIR DÓMA- OG ÞINGBÓKA	14
5. SKRIFT OG LETUR	15
6. TENGDIR SKJALAFLOKKAR OG SKJALASÖFN	16
IV. ÞINGTEGUNDIR.....	19
7. TEGUNDIR ÞINGA	19
8. AMTSÚRSKURÐUR	22
9. AUKAÞING, EXTRARÉTTUR	23
10. ÁREIÐARÞING	26
11. BÆJARÞING.....	28
12. DÓMÞING, AUKADÓMÞING	30
13. EINKALÖGREGLURÉTTUR	31
14. FIMMTARSTEFNUÞING.....	33
15. FÓGETARÉTTUR, FÓGETADÓMUR, FÓGETAÁLYKTUN	35
16. GESTARÉTTUR	37
17. HAUSTFRAMTALSÞING, HAUSTHREPPASKILAÞING	39
18. HÉRAÐSÞING, HÉRAÐSRÉTTUR.....	40
19. HREPPSTJÓRNARÞING	42
20. JUSTITSRÉTTUR, EXTRA-JUSTITSRÉTTUR.....	43
21. LANDAMERKJADÓMUR, MERKJADÓMUR	45
22. LEIÐARÞING.....	47
23. LÖGREGLUÞING, PÓLITÍRÉTTUR	49
24. MANNTALSÞING	51
25. PRÓFASTSRÉTTUR.....	55
26. PRÓFSRÉTTUR.....	56

27. SJÓDÓMUR, SJÓRÉTTUR	58
28. SKIPTARÉTTUR	59
29. STANDRÉTTUR	61
30. UMBOÐSRÉTTUR, NÓTARÍAL-RÉTTUR	62
31. UPPBOÐSRÉTTUR	63
32. ÞRIGGJA HREPPA ÞING.....	65
V. NIÐURSTÖÐUR	67
33. EFNISKRÁNING DÓMA- OG ÞINGBÓKA	67
34. ÞINGTEGUNDIR OG ÞINGHALDSSTAÐIR	69
VI. HEIMILDASKRÁ	72
VII. VIÐAUKI OG SKRÁR.....	78
A. ORÐSKÝRINGAR	78
B. MÁLSTEGUNDIR OG ATRIÐISORÐ Í DÓMABÓKAGRUNNI.....	82
C. YFIRLIT YFIR DÓMA- OG ÞINGBÓK HÚNAVATNSSÝSLU 1756–1760.....	85

I. Inngangur

1. Efnisafmörkun og tilurð verkefnis

Í þessum leiðarvísi er markmiðið að greina frá skipan og breytingum á sýslumannsembættum á Íslandi í sögulegu ljósi og veita lesendum innsýn í þær heimildir sem finna má í dóma- og þingbókum sýslumanna. Þannig verða mikilvægar breytingar á sýslumannsembættum tíundaðar og tegundir dómabóka og þinga skilgreindar. Þá verða tekin dæmi um þær þingtegundir sem koma fyrir í frumheimildunum, auk þess sem dómabókagrunni sýslumanna á Þjóðskjalasafni Íslands eru gerð góð skil og leitarmöguleikum hans lýst. Ennfremur verða ítarlegar viðbótarupplýsingar í viðauka, s.s. orðskýringar yfir hugtök, orðatiltæki úr frumheimildunum og listar yfir flokkun málstegunda og atriðisorða í dómabókagrunninum. Þá verður einnig yfirlit yfir skráða dóma- og þingbók í viðaukanum, eins og hún birtist efnisskráð í dómabókagrunninum.¹

Vorið 2007 hófst efnisskráning á dóma- og þingbókum sýslumanna á Þjóðskjalasafni Íslands. Verkefnið var upphaflega liður í þjóðlenduverkefni ríkisins, þar sem rannsaðir voru margir efnisflokkar vegna ákvarðana um mörk eignarlanda, þjóðlenda og afrétta.² Auk dóma- og þingbókanna, var farið í gegnum ýmsa aðra heimildaflokka í tengslum við þjóðlenduverkefnið, t.d. landamerkjabréf, jarðaskjöl, afsals- og veðmálabækur, fasteigna- og jarðamöt og vísitasubækur biskupa. Dóma- og þingbækurnar voru hins vegar efnisskráðar í þar til gerðan gagnagrunn á kerfisbundinn hátt, þar sem fyrst var lögð áhersla á skráningu jarðamála vegna þarfa þjóðlenduverkefnisins, en síðan á öll önnur dómsmál, þingstörf, dagsetningar, þingstaði, málsaðila o.s.frv. Þannig varð til einskonar hliðarafurð við rannsóknir á dóma- og þingbókunum í formi leitarbærs gagnagrunns, sem ekki aðeins auðveldaði leit að jarðamálum í frumheimildunum fyrir þjóðlenduverkefnið, heldur einnig leit að öllum dóms- og þingstörfum viðkomandi sýslumannsembætta.³

Gagnaöflun í tengslum við þjóðlenduverkefnið hófst árið 2000, en skipuleg rannsóknarvinna á Þjóðskjalasafni Íslands fór í gang árið 2004.⁴ Efnisskráning dóma- og

¹ Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950 er afrakstur yfirgripsmikillar skráningar á dóma- og þingbókum á árunum 2007–2009, upphaflega gerður í tengslum við rannsóknir á þjóðlendum á Þjóðskjalasafni Íslands. Aðgangur að honum er á lestrarsal Þjóðskjalasafns Íslands, en stefnt er að opnun vefviðmóts bæði fyrir gagnagrunninn og dóma- og þingbækurnar.

² Þjóðlenduverkefni ríkisins byggist á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Sjá, *Stjórnartíðindi 1998. A-deild*, bls. 227–231.

³ Gunnar Örn Hannesson: „Íslands Nationalarkivs domprotokolprojekt“, í *Nordisk Arkivnyt*, 53. árg., 3. tbl. (2008), bls. 134–135.

⁴ Björk Ingimundardóttir: „Nyt forskningsarbejde i Íslands Nationalarkiv“, í *Nordisk Arkivnyt*, 50. árg., 1. tbl. (2005), bls. 12–13.

Þingbókanna hófst hins vegar ekki fyrr en með vorinu 2007. Dómabókaverkefnið hófst því samhliða rannsóknum Þjóðlenduverkefnisins á svokölluðum svæðum 7a og 7b, sem náðu yfir Eyjafjarðarsýslu og hluta Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna.⁵

Efnisskráning dómabókanna var í stöðugri mótun fyrstu misserin, þar sem atriðisorð, þingtegundir og þinghaldsstaðir urðu fleiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Þannig bera dóma- og þingbækurnar með sér mjög breytilega starfshætti sýslumannsembættanna eftir tímabilum. Þinghaldsstaðir í grunninum urðu t.a.m. gríðarlega margir, á meðan prentaðar heimildir gerðu ráð fyrir 8–12 föstum þinghaldsstöðum í hverri sýslu.⁶ Sama gildi um fjölda þingtegunda, sem eftir fullbúna skráningu á dóma- og þingbókum þriggja sýslna var kominn í 25 þingtegundir.

Ljóst er að sýslumannsembætti hafa tekið talsverðum stakkaskiptum frá því ákvæði um sýslumenn birtust fyrst í íslenskum lögum, þ.e. með Gamla sáttmála 1262–1264. Í þessum leiðarvísi verður varpað ljósi á þessar breytingar, þar sem fyrst og fremst verður einblínt á dóma- og þingbækurnar, innihald þeirra og notkunarmöguleika. Tilurð þessa leiðarvísis er efnisskráning og rannsóknarvinna að baki dómabókagrunni sýslumanna og þeir möguleikar sem grunnurinn býður uppá. Dómabókagrunnurinn inniheldur nú efni úr dóma- og þingbókum fjögurra sýslna, þ.e. Eyjafjarðar-, Skagafjarðar-, Húnavatns- og Mýrasýslu.⁷ Gagnagrunnurinn býr því yfir skráningu á dóma- og þingbókum sem eru á þriðja hundrað talsins og skiptast niður í tæplega 70.000 færslur um ýmiskonar þingstörf sýslumanna á árunum 1621–1950. Þessi efnisskráning er lögð til grundvallar í þessum leiðarvísi, þar sem einnig verður stuðst við frumheimildirnar sjálfar. Efnisafmörkun tekur hins vegar mið af sýslumannsembættunum í sögulegu ljósi, þar sem dóma- og þingbækurnar sjálfar leika stórt hlutverk. Þannig verður í framhaldi inngangskafans því lýst hvernig skjalasöfn sýslumanna eru tilkomin, auk þess sem skýrt verður frá upphafi sýslna og sýslumannsembættum á Íslandi og mikilvægum breytingum í embættisskipan á Íslandi.

Í II. kafla verður greint frá umboðsstörfum og embættisskyldum sýslumanna á Íslandi. Þannig verður rýnt í upphaf embættisins og hvernig starfsskyldur sýslumanna hafa mótast í tímans rás, þar sem umfjöllunin tekur mið af sex málstegundum: Atvinnumálum, fjárhagsmálefnum, jarðamálum, réttarfari, samfélagsmálum og stjórn-gæslu og/eða

⁵ *Þjóðskjalasafn Íslands. Skýrsla um starfsemi 2006–2008*, bls. 58–63; Svæði 7a er syðri hluti vestanverðs Norðurlands, þ.e. vestan Fnjóskár og austan Blöndu. Svæði 7b er nyrðri hluti vestanverðs Norðurlands, þ.e. Tröllaskagi norðan Öxnadalshéiðar.

⁶ Dæmi um þetta eru t.d. 12 þinghaldsstaðir Húnavatnssýslna, en eftir skráningu á 53 dóma- og þingbókum embættisins reyndust þinghaldsstaðirnir vera 280 talsins. Sjá, Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir I.–V.*, bls. 433; *ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950*, þinghaldsstaðalisti Húnavatnssýslu.

⁷ Efnisskráningu dóma- og þingbóka er lokið í öllum sýslunum nema Mýrasýslu.

stjórnvaldsaðgerðum.⁸ III. kafli mun síðan greina frá dóma- og þingbókunum sjálfum, tegundum þeirra og leturgerð og skýra í stuttu máli frá tengdum skjalaflokkum innan skjalasafns sýslumanna. Í IV. kafla verður svo farið ítarlegar í efni þingtegunda, þar sem hverri og einni er lýst með stafréttu dæmi. Þá verða í V. kafla teknar saman niðurstöður um efnisskráningu heimildanna, þingtegundir og þinghaldsstaði. Í framhaldi af niðurstöðum er loks birtur viðauki með ítarefni sem tekur til gagnagrunnsins og frumheimildanna.

2. Skjalasöfn sýslumanna og breytingar á embættinu

Sýslumannsembættin eru með eldri stjórnarstofnunum á Íslandi. Með brotthvarfi goðaveldisins á 13. öld er talið að sýslumenn hafi orðið umboðsmenn Noregskonungs á Íslandi, en skv. *Sögu Sverris konungs* munu þeir hafa verið reglulegir embættismenn í Noregi, a.m.k. frá því um 1180.⁹ Í elstu stjórnлагаheimildum Íslands er umboðsmanna konungs getið í Gamla sáttmála 1262–1264, Járnsíðu 1271 og Jónsbók 1281, en þá virðast sýslumenn einnig hafa verið nefndir valdsmenn.¹⁰ Þannig hafa valdsmenn í Járnsíðu nokkrum sömu hlutverkum að gegna og sýslumenn í Jónsbók. Ennfremur er talað um hirðstjóra í Jónsbók, sem síðar nefndust einnig höfuðsmenn.¹¹ Framan af virðist ekki hafa verið skýr greinarmunur á þessum umboðsmönnum konungs, en hirðstjórar voru um tíma einn í hverjum fjórðungi á meðan umboðsmenn þeirra voru í smærri umdæmum. Þá virðist ennfremur sem embættismannakerfið hafi verið breytilegt framan af og tekið talsverðan tíma í mótun. Sýslur voru þannig mun stærri og breytilegar hverju sinni á miðöldum en síðar tíðkaðist, en tóku eflaust mið af einhvers konar landfræðilegum mörkum, þó sú skipan hafi ekki orðið fastmótuð og varanleg fyrr en á 16. öld.¹² Þróunin varð hins vegar sú að hirðstjóri varð aðeins einn en sýslumenn eða valdsmenn í hverri sýslu, sem tóku mið af hinum fornu þinghám. Landinu var þannig skipt í 12 umdæmi sem nefnd voru þing og voru einskonar kjördæmi þeirra er nefndir voru til alþingissóknar á Öxarárþingi: Múlaþing, Skaftafellsþing, Rangárþing, Árnessþing,

⁸ Þessar sömu málstegundir eru stofninn í flokkun atriðisorða og færslna í dómabókagrunni sýslumanna. Sjá, VII. Viðauki og skrár. B. Málstegundir og atriðisorð í dómabókagrunni.

⁹ *Ópr.*, Pétur G. Kristjánsson: „Sýslumenn“, Óútgefin grein í eigu höfundar, bls. 1.

¹⁰ Í Gamla sáttmála birtast ákvæði um sýslumenn fyrst í öðrum sáttmála Íslendinga við Noregskonung, eða endurnýjun þess fyrsta, frá 1263, sjá, *Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn*, I, [hér eftir *D.I.*] bls. 635. (Annar sáttmáli Íslendinga við konung 1263).

¹¹ Eftir 1555 var einnig talað um lénsmenn. Sjá: *Lovsamling for Island*, I, bls. 69–71. (Erindisbréf 20. mars 1555, fyrir Knud Stenssen sem lénsmann á Íslandi).

¹² Axel Kristinsson: „Embættismenn konungs fyrir 1400“, í *Saga XXXVI* (1998), bls. 121–122 og 148–149.

Kjalarnessþing, Pverárþing, Þórsnessþing, Þorskafjarðarþing, Húnavatnsþing, Hegranessþing, Vaðlaþing og Þingeyjarþing.¹³

Til að sinna embættisskyldum sínum þurftu sýslumenn að halda dóma- og þingbækur, bæði til að tryggja réttindi fólks og konungs. Þá bera heimildir frá 14. öld með sér að sýslumönnum hafi verið skylt að mynda skjöl, þ.e. skv. réttarboði frá 1308 og *Hirðskrá* Magnúsar lagabætis.¹⁴ Þannig bar sýslumönnum að senda konungi skýrslur um vígsmál og lögbrot og færa inn dóma.¹⁵ Með eflingu konungsvaldsins á 17. öld fjölgaði sýslum á Íslandi úr hinum 12 fornu þingum í 20, en sú skipan lögsagnarumdæma hélst nær óbreytt þar til á 19. og 20. öld.¹⁶

Þrátt fyrir að sýslumannsembætti séu með eldri embættum á Íslandi, þá þykja skjalasöfn sýslumanna frekar ung, en aldur skjala er þó breytilegur eftir sýslum. Í skjalasöfnum sýslumanna á Þjóðskjalasafni Íslands eru yfir 700 dóma- og þingbækur úr öllum sýslum og nokkrum kaupstöðum. Heimildaflokkurinn inniheldur þannig þingbækur, dómabækur, aukadómsmálabækur o.s.frv. Elst dóma- og þingbóka á Þjóðskjalasafni Íslands er dómabók Einars Hákonarsonar, sýslumanns í Árnassýslu, 1619–1626. Hún er afskrift af frumheimildinni sem varðveitt er á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.¹⁷ Elstu frumheimildirnar í flokki dóma- og þingbóka á Þjóðskjalasafni Íslands eru hins vegar dóma- og þingbók Matthíasar Guðmundssonar í Snæfellsnessýslu 1652–1667, brot af dóma- og þingbók Bjarna Péturssonar, sýslumanns í Dalasýslu, 1653–1654 og dóma- og þingbók Eggerts Björnssonar fyrir Barðastrandarsýslu 1661–1662.¹⁸

Varðveislu sýslumannsskjala var misjafnlega háttað hjá embættunum og stafaði það m.a. af því að embættin höfðu ekki fast aðsetur fyrstu aldirnar. Þar að auki gengu embættisskjöl oft frá sýslumanni til lögerfingja, líkt og um einkaheimildir væri að ræða, en ekki til eftirmanns í embætti.¹⁹ Með erindisbréfum til sýslumanna á 18. öld voru kröfur hertar varðandi skjalagerð og varðveislu skjala, s.s. með skráningu á manntalsbók, jarðabók, dóma- og þingbók, er ætti að innihalda m.a. dóma, pantbréf, gjafabréf, kaupbréf, makaskiptabréf o.fl. Þá var einnig gerð skýr krafa um að sýslumenn ættu að afhenda eftirmönnum sínum

¹³ *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, Már Jónsson tók saman, bls. 81–83.

¹⁴ Magnús Hákonarson IV. lagabætir, Noregskonungur (1238–1280).

¹⁵ *Ópr.*, Pétur G. Kristjánsson: „Sýslumenn“, bls. 14.

¹⁶ Sigfús Haukur Andrésson: *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar*, bls. 71–72.

¹⁷ *AM*: 254, 4to.

¹⁸ Sjá, *ÞÍ*: Skjalasafn sýslumanna og sveitarstjórna [Sýsl.], Snæf.IV.1.a., Dóma- og þingbók Matthíasar Guðmundssonar 1652–1667; *ÞÍ*: Sýsl., Dal.V.1., Dóma- og þingbók Bjarna sýslumanns Péturssonar 1653–1654 (brot); *ÞÍ*: Sýsl., Barð.IV.1., Dóma- og þingbók Eggerts sýslumanns Björnssonar 1661–1662.

¹⁹ Sigfús Haukur Andrésson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 72.

skjalasöfn embættanna.²⁰ Hins vegar varð til ákveðinn grundvöllur fyrir varðveislu sýsluskjala með konungsráskurði árið 1727, þar sem sýslumönnum var skylt að búa innan sýslu sem þeir höfðu umboð fyrir.²¹ Upp frá því taka að myndast skjalasöfn við embætti sýslumanna. Áður hafði nægt að einhvers konar umboðsmaður sýslumanna á Íslandi, eða svokallaður lögsagnari, myndi búa í viðkomandi sýslu og halda til lögum og rétti fyrir fólk.²² Auk ýmissa sýsluskjala og dóma- og þingbóka sýslumanna, hafa einnig varðveist brot af ýmsum dómum í öðrum heimildum, þar sem sýslumenn komu við sögu, og hafa m.a. verið gefnir út í *Alþingisbókum Íslands* og í *Íslensku fornbréfasafni*.²³

Embættisskyldur sýslumanna hafa einkum verið að sinna umboðs- og stjórnarsýslustörfum. Þannig var þeim ætlað að gæta réttar konungs og innheimta tekjur hans á meðan Ísland laut konungsvaldi Noregs og/eða Danmerkur og þá bar þeim enn fremur að halda uppi lögum og rétti, hver í sínu umdæmi. Fyrirkomulag embættisins var þannig að sýslumenn störfuðu einkum eftir ákvæðum Jónsbókar, auk þess sem réttarbætur konungs og alþingissamþykktir gerðu embættisskyldurnar skilvirkari. Breytingar urðu á stjórnkerfinu með tilkomu einveldisskipunarinnar í konungsríkinu, en með einveldinu fylgdu samræmd lög og breytingar á höfuðembættum. Í stað hirðstjóra eða höfuðsmanna voru sett á stofn ný embætti sem tóku við valdsviði hans, þ.e. stiftamtmaður, amtmaður og landfógeti.²⁴ Sýslumannsembættin héldust þó að nafninu til og að mörgu leyti óbreytt þar sem sýslur voru áfram veittar skv. hinni fornu skipan, þ.e. á leigu til að gefa skýrslur um tekjur konungs, en standa svo að eftirstandandi tekjum.²⁵ Með einveldinu urðu störf sýslumanna mun skýrari í ákveðnum málum, auk margra tilskipana í ýmsum málaflokkum.²⁶ Þrátt fyrir aukna miðstýringu varð aldrei fulllokið að semja nýja lögbók fyrir Ísland á 17. öld, líkt og gert var í Danmörku árið 1683 og Noregi árið 1687, og skapa þannig réttareiningu innan

²⁰ Ópr., Pétur G. Kristjánsson: „Sýslumenn“, bls. 15–16.

²¹ *Lovsamling for Island*, II, bls. 64–65. (Konungsráskurður 29. mars 1727, um sýslumannsembætti á Íslandi).

²² *Lovsamling for Island*, I, bls. 252. (Konungsbréf 21. maí 1657, til Henrik Bjelke um samantekt á jarðabók og einnig um búsetu sýslumanna).

²³ Sjá, *Alþingisbækur Íslands*, I–XVII. bindi, *Acta Comitorum Generalium Islandiæ* [Hér eftir: *Alþingisbækur Íslands*]; *D.I.*, I–XVI. bindi.

²⁴ Sjá t.d., *Lovsamling for Island*, I, bls. 405–406. (Veitingarbréf 26. janúar 1684, um stiftamtsembætti fyrir Ulrik Christian Gyldenlöve); *Lovsamling for Island*, I, bls. 476–481. (Veitingarbréf 21. apríl 1688 og erindisbréf 5. maí 1688, um amtmannsembætti fyrir Christian Müller); *Lovsamling for Island*, I, bls. 396–403. (Konungsráskurður 17. janúar 1683, veitingarbréf 5. maí 1683 og erindisbréf 16. maí 1683, um landfógetaembætti handa Christopher Heideman).

²⁵ Eftir að konungsvald var sett á Íslandi héldust sýslur fyrst fyrir reikning, en síðar fór að tíðkast að sýslur væru veittar á leigu gegn ákveðinni upphæð, þar sem sýslumaður stæði að afgangi vísaeyris og tekna. Sjá t.d., Axel Kristinsson: „Embættismenn konungs fyrir 1400“, í *Saga XXXVI* (1998), bls. 124–125.

²⁶ Ópr., Pétur G. Kristjánsson: „Sýslumenn“, bls. 5–6.

konungsríkisins. Dönsk og norsk lög voru þess í stað innleidd í íslenskum réttarfarsmálum frá 1718 og fram undir miðja 19. öld.²⁷

Frekari breytingar á höfuðembættum á Íslandi urðu árið 1873 með skipun landshöfðingja í stað stiftamtmanns og árið 1904 með tilkomu Íslandsráðherra, en þá var ennfremur lagt niður embætti amtmanna og tóku þá sýslumenn og bæjarfógetar við þeirra embættisskyldum. Á 20. öld breyttust sýslumannsembættin og skjalasöfn þeirra einkum með tveimur mikilvægum lagasetningum. Sú fyrri var um meðferð einkamála í héraði, þar sem sýslumannsembættum var skylt að taka málefni fyrir á bæjarþingum innan kaupstaða. Kaupstaðir urðu þannig í upphafi 20. aldar sérstök lögsagnarumdæmi, auk þess sem hætt var að halda venjubundin manntalsþing í hreppum sýslanna er líða tók á 20. öldina.²⁸ Þá varð breyting á myndun skjala hjá sýslumannsembættum, þar sem sérstök mál á borð við landamerkjadóma og sjó- og verslunardóma voru nú færð inn í þar til gerðar dómabækur, í stað venjubundinna dóma- og þingbóka eins og áður hafði tíðkast.²⁹ Þannig urðu meginbreytingar á dóma- og þingbókum sýslumanna á 19. og 20. öld þær, að farið var að sundurgreina málaflökka niður í sérstakar dómabækur. Því eru skjalasöfn sýslumanna frá 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. samsett af bæjarþingsbókum, fógetabókum, landamerkjabókum, manntalsþingbókum, skiptabókum o.s.frv., ásamt venjubundnum dóma- og þingbókum, sem áður héldu utan um alla áður nefnda málaflökka.³⁰

Síðari lagasetningin sem hafði mikilvægar breytingar í för með sér á sýslumannsembættum kvað á um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þ.e. með lögum nr. 92/1989. Þannig varð héraðsdómsvald á Íslandi aðskilið frá sýslumannsembættum, sem þó héldu umboðsvaldi sínu með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda.³¹ Með þeirri lagasetningu urðu héraðsdómstólar, þ.e. fyrsta dómstig þeirra mála er tekin voru fyrir í ákveðinni sýslu, aðskildir frá sýslumannsembættunum, sem áfram sinntu öðrum umboðsstörfum sínum.

²⁷ Gísli Baldur Róbertsson: „Áform um endurskoðun íslenskra laga“, í *Jónsbók*, bls. 42–43 og 54.

²⁸ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 215–279.

²⁹ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 228.

³⁰ Sjá, *Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna I–IV*, Bráðabirgðaskrár Þjóðskjalasafns. Í bráðabirgðaskrá yfir sýsluskjalasöfnin er sýslum raðað í landfræðilega röð, frá Norður-Múlasýslu, til suðurs og hringinn í kringum landið. Í heimildaskrá þessa leiðarvísis er farið eftir stafrófsröð yfir sýsluskjalasöfnin.

³¹ *Stjórnartíðindi 1989. A-deild*, bls. 458–464.

II. Sýslumannsembætti á Íslandi

3. Umboðsstörf og embættisskyldur

Þar sem upphaf sýslumannsembættis á Íslandi má rekja allt aftur til 13. aldar, er hvorki ljóst hvenær nákvæmlega farið var að veita sýslur til umboðsmanna Noregskonungs né hvenær sýslumenn hófu markvisst að halda dóma- og þingbækur. Á Íslandi er þó hugtakið „sýsla“ þekkt a.m.k. aftur til ársins 1180, ef marka má bréf Eysteins Erlendssonar, erkibiskups í Niðarósi, til Þorláks Þórhallssonar, biskups í Skálholti og nokkurra höfðingja á Íslandi, þar sem þeir eru áminntir um að bæta ráð sitt og lífernir. Eða eins og orðalag bréfsins greinir:

Nú gjörð það fyrir guðs sakir, fyrirmunið ykkur eigi þeirrar gæsku, að um ykkar daga mætti nokkur umbót leggjast á ráð manna. Sæll er sá, að svo langa nyt skyldi vita eftir sinnar sýslu sem þér vitið, ef þér leggið nú hug á, að þér ættið eilíflega yðar starfs.³²

Þá eru sýslur kallaðar metorð í bréfi Eiríks erkibiskups í kringum 1190, um bannsmál og að enginn vígður maður til guðsþjónustu mætti taka að sér sóknarmál, nema kauplaust til að veita skyldmönnum, lærðum eða fátækum, fulltingi fyrir rétti.³³ Sýslur voru í þessum skilningi ákveðið landsvæði sem embættismaður hafði til umsjónar og yfirferðar. Með tilkomu konungsvaldsins virðast sýslur hins vegar verða ákveðin landsvæði, þar sem embættismönnum bar að framfylgja lögum og rétt, auk þess að innheimta tekjur konungs í viðkomandi sýslum, sem fóru með tímanum að taka sér fastari landfræðileg mörk.

Sýslumenn birtast fyrst í stjórnлагаheimildum Íslands árið 1263 í Gamla sáttmála, þ.e. endurnýjun á þeim fyrsta frá 1262. Um aldur og tilurð Gamla sáttmála hefur verið deilt og því verið haldið fram að hann sé frá 15. öld.³⁴ Þ.a.l. hefur verið velt upp spurningum um gerð sáttmálans og jafnframt ákvæði hans, s.s. um sýslumenn. Það er þó ljóst að lagaákvæði um sýslumenn birtast í Jónsbók árið 1281 og bersýnilegt er að valdsmenn sem skilgreindir eru í Járnsíðu frá 1271 bera margar sömu embættisskyldurnar. Þannig áttu valdsmenn Járnsíðu að nefna menn til Öxarárþings, halda þing á leiðum að því loknu, gæta handtekinna manna og taka fyrir þjófnaðarmál, en öll eru þessi verk hin sömu og lutu að skyldum valdsmanna og/eða sýslumanna skv. Jónsbók.³⁵ Hvergi í Jónsbók er hins vegar minnst á fjölda sýslumanna eða

³² *D.I.*, I, bls. 263. (Bréf Eysteins erkibiskups í Noregi til Þorláks biskups í Skálholti og nokkurra nafngreindra höfðingja á Íslandi, um vandlætning lífernir þeirra, með áminning um að bæta ráð sitt, 1180).

³³ *D.I.*, I, bls. 291. (Bréf Eiríks erkibiskups til biskupanna á Íslandi, 1190).

³⁴ Sjá, Boulhosa, Patricia Pires: *Gamli sáttmáli. Tilurð og tilgangur* (Reykjavík 2006); Helgi Þorláksson: „Er Gamli sáttmáli tómur tilbúningur?“ í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006*, ritstjórar: Benedikt Eyþórsson og Hrafnkell Lárusson, bls. 392–398; Már Jónsson: „Efasemdir um sáttmála Íslendinga og Noregskonungs árið 1262“, í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006*, bls. 399–406.

³⁵ Sjá, *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útgefendur Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, bls. 63–64, 66, 81 og 139; *Jónsbók*, bls. 81–82, 86, 105–106 og 243.

sýslna. Þannig ber Jónsbók með sér að embættiskerfi sýslumanna hafi ekki verið fullmótað og sýsluveitingar líklega mjög breytilegar. Þ.a.l. eru umboðsstörf sýslumanna í elstu stjórnлагаheimildum Íslands oft skilgreind með býsna víðu orðalagi og því ekki fullljóst hvaða málsatvik komu fyrir sýslumenn. Þarna veldur vitaskuld helst heimildaleysi, en með heimildum á borð við dóma- og þingbækur sýslumanna frá 17.–20. aldar er frekar augljóst mynstur umboðsstarfa sem sýslumenn tóku sér fyrir hendur, m.a. með vísunum í Jónsbók.

Umboðsstörf sýslumanna má einkum flokka í sex málaflokka, þ.e. í hina sömu sex flokka og mynda stofninn í flokkun málstegunda í dómabókagrunni sýslumanna á Þjóðskjalasafni Íslands: Atvinnumál, fjárhagsmálefni, jarðamál, réttarfar, samfélagsmál og stjórnngæsla og stjórnvaldsaðgerðir.

Við stjórnngæslu og stjórnvaldsaðgerðir bar sýslumönnum fyrst og fremst að innheimta tekjur konungs. Þannig var bændum skylt að greiða helming konungsskatts (þ.e. vísaeyri) til sýslumanna, en ákvæði um skattgjald til Noregskonungs er einnig að finna í Gamla sáttmála.³⁶ Fleiri skatttekjur komust á þegar á leið, s.s. gjafatollur, manntalsfiskur, lögmannstollur, ljóstollur og konungstíund 1556.³⁷ Óljóst er um uppruna gjafatollsins, en því hefur verið haldið fram að hann hafi komist á í kringum 1380.³⁸ Auk skattheimtu voru helstu stjórnvaldsaðgerðir sýslumanna að sinna þingstörfum á Alþingi og í héraði, s.s. með því að lýsa morðingjum og öðrum brotamönnum úr sinni sýslu á Öxarárþingi, sækja sektir dæmdra manna og stefna þeim ef þeir héldu ekki dóm. Með því ættu menn von á að verða gerðir útlægir úr sýslunni.³⁹

Réttarfarsskyldum sýslumanna skv. Jónsbók var helst lýst í ákvæðum um mannhelgi. Sýslumönnum bar skv. þeim að lýsa útleið manna, skipa mönnum að elta brotamenn uppi og nefna menn til að gæta fanga ef þyrfti. Þá skyldu þeir einnig stefna mönnum til þings og refsa dæmdum sakamönnum eftir að bændur hefðu kveðið yfir þeim dómsúrskurð. Ef einhver von væri fyrir brotamenn á að fá náðun, áttu þeir að flytjast til Noregs til mögulegrar miskunnar konungs.⁴⁰ Í Jónsbók eru réttarfarsskyldur sýslumanna yfirleitt almennt orðaðar, fyrir utan ákvæði um manndráp og þjófnað. Þó gætir einnig nánar skilgreindra þátta, eins og ákvæðis um sekt vegna mannsbits, en þar er sagt að sýslumaður skuli færa mann er bitið hefur annan á

³⁶ *Jónsbók*, bls. 97; *D.I.*, I, bls. 620. (Sáttmáli af hendi Norðlendinga og Sunnlendinga, um skattgjald til Hákonar konungs og Magnúsar konungs Hákonarsonar, 1262).

³⁷ Gustafsson, Harald: *Mellan kong och allmuge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*, bls. 209–211.

³⁸ Pétur G. Kristjánsson: „Sýslumenn“, bls. 2.

³⁹ *Jónsbók*, bls. 85–87.

⁴⁰ *Jónsbók*, bls. 103–113.

þing og láta brjóta úr honum allar tennurnar.⁴¹ Því virðist sem þess háttar brot hafi tíðkast nógu oft til að viðurlög við þeim hafi verið skilgreind sérstaklega í Jónsbók.

Með réttarbótum Noregskonunga í lok 13. aldar og upphafi þeirrar 14. urðu einstakar skyldur sýslumanna betur skilgreindar, þó margt hafi enn verið tilgreint með almennu og víðu orðalagi. Með réttarbót Eiríks Magnússonar konungs frá 1280 bar sýslumönnum að taka próf bæði í konungsmálum og einkamálum. Í þessari tilskipun gætir almenns orðalags, þar sem sýslumönnum virðist einkum hafa verið falið að hafa afskipti af fjárhagsmálefnum, s.s. sektum þeirra er mættu ekki til þings forfallalaust.⁴² Þannig eru brotin þó ekki skilgreind sérstaklega og því hæglega hægt að ímynda sér að öll tilfallandi mál hafi komið til kasta sýslumanna, sér í lagi ef um einkamál var að ræða. Þó er kveðið á um að jarðabrigði skyldu kærð til sýslumanns eða lögmans. Þar að auki gætir ákveðinnar eftirlitsskyldu sýslumanna og lögmanna, þar sem allir þeir sem færu úr áttþögum sínum skyldu hafa tilskilið bréf frá sömu embættismönnum.⁴³ Einnig var minnst á sektir þeirra er mættu ekki til þings í Jónsbók, s.s. manndrápsþinga, manntalsþinga og hreppstjórnarþinga, en ekki er að sjá að sýslumenn hafi átt að sinna þar innheimtu. Manntalsþing átti að halda „til jafnaðar“ á vorin, sem líklega þýðir reglulega.⁴⁴ Ekki er að finna nein ákvæði í Jónsbók eða réttarbótum 13. og 14. aldar um að sýslumönnum bæri að halda manntalsþing, en þar sem eitt af meginhlutverkum þeirra var að sinna skattheimtunni þá er nær öruggt að sýslumenn hafi haldið utan um manntalsþingin. Þó er ekki hægt að útiloka að á meðan embættismannakerfi konungsríkisins var ófullmótað á Íslandi, þá hafi manntalsþing verið háð af öðrum en sýslumönnum.

Ljóst er að eftirlit með verslun og atvinnumálum kom til kasta sýslumanna, sérstaklega með tilkomu réttarbóta 14. aldar. Þannig átti hver sýslumaður að hafa eftirlit með mælikeruldum í sinni sýslu skv. réttarbót Hákonar háleggs árið 1305 og með réttarbót árið 1314 bar sýslumönnum að hafa eftirlit með mótmörkuðum Björgvinaraski, sem ganga átti til hunangs og lýsis.⁴⁵ Með réttarbót Magnúsar Eiríkssonar konungs árið 1329 var sýslumönnum skylt að gera vaðmál upptækt ef það væri illa unnið. Ennfremur áttu bændur að leggja veg um héruð eftir ráðum sýslumanna skv. réttarbót frá 1294.⁴⁶

⁴¹ *Jónsbók*, bls. 110.

⁴² *D.I.*, II, bls. 199. (Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar hin almenna 1280).

⁴³ *D.I.*, II, bls. 198–199. (Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar hin almenna 1280).

⁴⁴ *Jónsbók*, bls. 147; Í grein sinni um manntalsþing veltir Hjálmar Vilhjálmsson því fyrir sér hvort „til jafnaðar“ geti þýtt annað hvort að skattar hafi verið jafnaðir niður á manntalsþingum, eða hvort orðin þýði réttlæti og þ.a.l. manntalsþing til jafnaðar, þ.e. dómþing. Sjá, Hjálmar Vilhjálmsson: „Manntalsþing“, í *Afmælisrit helgað Ólafi Lárusyni prófessor dr. juris & philosophiae sjötugum 25. febrúar 1955*, bls. 119.

⁴⁵ Björgvinnjaraskur er mælieiningin katlamálsskjóla, þ.e. 20 merkur vegnar (4,34 l) eða 24 merkur mældar (6,19 l). Sjá, *Íslensk orðabók*, ritstjóri: Árni Böðvarsson, bls. 80 og 485.

⁴⁶ *D.I.*, II, bls. 286, 345, 394 og 646. (Réttarbætur við Jónsbók 1294, 1305, 1314 og réttarbót Magnúsar konungs Eiríkssonar til Íslands um vaðmálagerð).

Um lausamenn og vinnufólk bar sýslumönnum fyrst og fremst að hafa hendur í sektum og góssi þeirra er réðu sig í vinnu á tveimur stöðum eða stóðu ekki skil á sínum skuldum. Þeim sem hvorki höfðu elju né áræðni til að vinna, var bændum meinað að hýsa.⁴⁷ Með Lönguréttarbót 1450 er einkum lagt fyrir sýslumenn að halda uppi rétti og lögum. Þeir áttu að halda rétt, skipa menn í dóma og koma í veg fyrir að útlægir menn gengu frjálssir um landið. Þá áttu sýslumenn að hindra að skip erlendra manna myndi sigla burt, er væri að flytja fólk af landinu. Þar að auki kveður Langaréttarbót á um að rán, gripdeild, reyfaraskapur og upphlaup séu bönnuð, enskir og írskir menn séu útlægir og friðlausir og að bannað sé að draga saman flokk gegn sýslumönnum, biskupum, hirðstjórum eða lögmönnum.⁴⁸ Langaréttarbót 1450 virðist því einkum taka tillit til réttarfarsmálefna fyrir sýslumenn, auk þess að eftirlit með erlendum aðilum skyldi aukið.

Sýslumenn á Íslandi virðast þó hafa skipað menn í dóma um ýmis önnur mál, s.s. jarðamál og fjárhagsmálefni.⁴⁹ Þá eru dómur sýslumanna um ýmis framfærslumál tíðir þegar á líður 15. öld, en um ómagaframfæri voru ákvæði í framfærslubálki Jónsbókar og einnig í réttarbót Eiríks Magnússonar konungs frá 1295.⁵⁰ Skv. Jónsbók áttu sýslumenn að framfæra barni því sem ætti föður af erlendu bergi og sá væri farinn af landinu.⁵¹

Af öllu ofangreindu er ljóst að til kasta sýslumanna gátu komið alls kyns málefni á sviðum stjórnæslu, fjárhags- og atvinnumála, réttarfars eða samfélagsmála. Eftir því sem á leið komu til skilvirkari og ítarlegri lagasetningar sem sýslumönnum bar að refsa eftir. Dæmi um þetta er Stóridómur frá 1564 um blóðskammarbrot og þá var farið að innleiða dönsk og norsk lög á Íslandi á 18. öld.⁵² Sýslumenn virðast þó einkum hafa átt að sinna innheimtu á sektum og sköttum, halda rétt og kveða menn í dóma, auk þess að setja niður öll mál með samningum, sáttum eða rétti. Sýslu- og veitingarbréf frá 15. öld og í upphafi þeirrar 16. sýna þetta meginhlutverk bersýnilega, þegar talað er um að sýslumenn sinni reikningsskap fyrir

⁴⁷ Sjá: *D.I.*, II, bls. 270. (Alþingisdómur um tveggja missera vinnumenn frá um 1290); *D.I.*, II, bls. 393–394. (Réttarbót Hákonar háleggs 1314); *D.I.*, III, bls. 691. (Alþingissamþykkt um vinnufólk og fiskimenn 1404).

⁴⁸ *D.I.*, V, bls. 62–69. (Langaréttarbót 1450).

⁴⁹ Sjá t.d., *D.I.*, III, bls. 618–619. (Dómur um erfðamál séra Einars Þorvarðssonar og Guðrúnar nokkurar, 1397); *D.I.*, IV, bls. 301–303. (Dómur um kæru vegna peninga er féllu í arf, 1422); *D.I.*, V, bls. 433–434. (Dómur um lambatolla á Eyvindarstaðaheiði, 1464); *D.I.*, VI, bls. 79–83. (Dómur um ákvörðun eignarlanda og afrétta í Þjórsártungum, 1476); *D.I.*, VI, bls. 641–643. (Dómur um eignarrétt Víðidalssár, 1488).

⁵⁰ *Jónsbók*, bls. 144–149; *D.I.*, II, bls. 289–298. (Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 1295, um framfærslu skyldmenna); Um framfærsludóma frá 1485, 1493 og 1509, sjá t.d., *D.I.*, VI, bls. 531–534; *D.I.*, VII, bls. 174–176; *D.I.*, VII, bls. 774–775.

⁵¹ *Jónsbók*, bls. 144.

⁵² *D.I.*, XIV, bls. 273–275. (Stóridómur 1564); Gísli Baldur Róbertsson: „Áform um endurskoðun íslenskra laga“, í *Jónsbók*, bls. 42–43.

konung, en þegar þeim beri að tala lög og rétt til manna, þá sé það „með vægð og miskunn, en þrjóskum og þrályndum sé hann [sýslumaðurinn] réttur dómari og refsingasamur.“⁵³

⁵³ Sjá t.d., *D.I.*, V, bls. 201–202. (Sýslubríf Ólafs Rögnvaldssonar biskups 1495, fyrir Skagafjörð um 10 ár); *D.I.*, VI, bls. 545–546. (Sýslubríf Árna Einarssonar 1485, fyrir Vaðlaþingi); *D.I.*, VII, bls. 696–697. (Sýslubríf Torfa Jónssonar 1504, milli Þjórsár og Jökulsár); *D.I.*, VIII, bls. 153–154. (Sýslubríf Þorsteins Finnbogasonar 1507, milli Vargjár og Úlfadalafjalla. Tilvitnunin um refsingasaman dómara á við um sýslubríf Árna og Torfa).

III. Dóma- og þingbækur

4. Tegundir dóma- og þingbóka

Dóma- og þingbækur sýslumanna geta verið mjög breytilegar eftir tíma, embættum og varðveislum. Í þessum kafla verður greint frá tegundum bókanna og hvernig innihald þeirra getur verið.

Af tegundum dóma- og þingbóka verður fyrst að nefna þingbækur (justitsprotokol). Í flestum tilvikum innihalda þær einnig dómsúrskurði og kallast því jafnan dóma- og þingbækur eða dómsmálabækur. Þetta er langstærsti flokkur heimildanna um þing- og dómstörf sýslumanna. Dóma- og þingbækurnar innihalda málsmeðferð, þar sem málskjöl voru lögð fram við réttarhöld og dómur eða úrskurðir ákvarðaðir í öllum opinberum málum og einnig í einkamálum. Þannig var sýslumannsembættið í raun fyrsta dómstig í málum er upp komu innan viðkomandi sýslu. Þá er þar enn fremur að finna miklar upplýsingar um regluleg þingstörf, þar sem voru lesnar upp opinberar tilkynningar, innheimtir skattar og þinglýst skjölum um eignarrétt, friðlýsingu, arfleiðslu o.fl. Eins og getið var í inngangi tíðkaðist langt fram á 18. öld að sýslumenn afhentu ekki eftirmönnum sínum í embætti skjöl, s.s. dóma- og þingbækur, heldur gengu skjölin til lögerfingja. Ljóst er að með veitingarbréfi Odds Vídalín fyrir Barðastrandarsýslu árið 1789 er skýrt kveðið á um að hann fái afhentar dóma- og þingbækur, afsals- og veðmálabækur, manntalsbækur, alþingisbækur o.fl. frá fyrirrennara sínum og afhendi síðan eftirmanni sínum er hann láti af embætti.⁵⁴ Til marks um þetta fer að bera minna á því að dóma- og þingbækur séu kenndar við einstaka sýslumenn, þar til það líður undir lok í upphafi 19. aldar.⁵⁵ Í kringum aldamótin 1900 fer þó að bera á nokkurs konar aukadómabókum í kaupstöðum, þar sem aðeins var eitt mál til rannsóknar og heimildin þá kennd við einstaklinga eða einstakt mál.⁵⁶

Önnur tegund frumheimildanna nefnist dómabók (domprotokol). Í dómabækur eru skráðir allir úrskurðir réttarhalda, en einnig úrskurðir fógeta-, uppboðs- og skiptaréttar, sem teknir voru til úrskurðar en voru ekki kveðnir upp samstundis. Þingbækur vísa stundum til færslu sama máls í dómabók, þar sem dómurinn er kveðinn upp og eru dómsorðin þá yfirleitt:

⁵⁴ *Lovsamling for Island*, V, bls. 626. (Erindisbréf 12. júní 1789, fyrir sýslumanninn í Barðastrandarsýslu).

⁵⁵ Sjá, *Skrár yfir skjalasöfn sýslumanna og sveitastjórna*, I.1–I.4. Yngstar þeirra eru: *ÞÍ: Sýsl.*, Gull–Kjós.IV.9., Dóma- og þingbók Sigurðar Péturssonar sýslumanns og Páls Jónssonar klausturhaldara í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1795–1805; og *ÞÍ: Sýsl.*, Skaft.V.3., Dóma- og þingbók Kristjáns Vigfússonar í Austur-Skaftafellssýslu 1801–1803.

⁵⁶ Sbr. dóma- og lögregluréttarbók sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu frá 1900, um mál skipstjórans og skipshafnarinnar á *Royalist*, sjá, *ÞÍ: Sýsl.*, Ísafj.IV.14.b., Dóma- og lögregluréttarbók 1900.

„því dæmist rétt að vera“ o.s.frv. Á fyrri hluta 19. aldar voru fógeta-, uppboðs- og skiptaréttir færðir í þar til gerðar bækur sem tóku aðeins yfir þau einstöku mál.

Þriðja tegundin nefnist dómsmálabækur eða aukadómsmálabækur og tengjast þær bæði dóma- og þingbókunum og dómabókunum efnislega. Gjarnan tíðkast að í þær hafi verið skráð aukafingsmál, s.s. einkamál og gestaréttarmál. Þó getur einnig verið algengt að þess háttar mál séu færð í auka- og gestaréttarbækur.

Þá er einnig að geta lögregluþingbóka (politiprotokol), en í þær eru einkum færð inn minniháttar brotamál og einkamál. Lögregluþing voru afnumin á 20. öld ásamt manntalsþingum, aukafingum og gestaréttum, þó einhver þeirra séu enn til í lögum að nafninu til. Hlutverk þeirra skiptust niður á bæjarþing í kaupstöðum, dómþing, landamerkja- og fasteignamáladóm, sakadóm og sjó- og verslunardóm. Þannig eru til sjó- og verslunarbækur, skiptaréttarbækur o.fl. um málefni sem áður voru færð inn í almennar dóma- og þingbækur eða dómsmálabækur.

Í þessu leiðbeiningarriti er sjónum beint að innihaldi dóma- og þingbókanna, allt frá þeim elstu á 17. öld og fram til 4. áratugar 20. aldar. Þannig er hver þingtegund frumheimildanna tekin út, eiginleikum hennar lýst, auk upphafs og enda eftir því sem við á. Þá verða tekin stafrétt dæmi úr hverri þingtegund sem birtist í frumheimildunum. Ljóst er hlutverk margra þingtegunda geta skarast á ýmsa vegu, en reynt verður að taka fjölbreytt dæmi út frá mismunandi málstegundum.

5. Skrift og letur

Sökum þess að sýslumenn þurftu að sinna embættisskyldum sínum á fjölmörgum þinghaldsstöðum, var ógerlegt að texti dóma- og þingbókanna væri öðruvísi færður inn en handskrifaður. Eins og áður er getið höfðu sýslumannsembætti ekki fast aðsetur um langt skeið og þá kom það oft í hlut sýslumanna að fara á marga mismunandi þinghaldsstaði, jafnt innan- sem utandyra. Dóma- og þingbækurnar sem hér er lýst eru því allar handskrifaðar og yfirleitt með gotneskri fljótaskrift.

Á Íslandi þróaðist skrift frá 16. öld til þeirrar 19. undir þýskum og dönskum áhrifum. Gjarnan er þróun hinnar gotnesku skriftar í Þýskalandi og Danmörku skipt í tvö tímabili: Frá siðaskiptum til miðbiks 17. aldar, og frá miðri 17. öld til miðrar 19. aldar. Fyrri tímabilið er yfirleitt tengt fornmenntastefnu og ár-barokk, þar sem gerður er greinarmunur á þrenns konar skriftarformum, þ.e. í fyrsta lagi fraktúr eða brotaletur, sem var viðhafnarmikil bókskrift, í öðru lagi kansellískrift, sem var hálfkúrsív eða millistig brotaleturs og léttiskriftar, og loks

léttiskrift eða fljótaskrift, sem var kúrsív skrift daglegs lífs og viðskipta. Með kansellískriftinni komu fram ótal blæbrigði milli léttiskriftar og brotaleturs.

Síðara tímabilið er fremur tengt við upplýsingu og síð-barokk. Þá varð ákveðin tilhneiging til einföldunar á skriftardráttum fljótaskriftar, en frá seinni hluta 18. aldar og fram um aldamótin 1800 hefur fljótaskriftin oft þótt þurrleg og stirðleg. Ýmsir áhrifavaldar geta þar komið við sögu, s.s. útbreiðsla skriftar meðal almennings, ný og breytt ritföng og klassisimi, sem gjarnan er talinn helsti áhrifavaldurinn.⁵⁷

Auk gotnesku fljótaskriftarinnar tíðkaðist léttiskrift húmanista á Íslandi allt frá 17. öld, sem kölluð var latínuskript eða kashönd fram á miðja 19. öld. Af henni er nútímaskrift dregin og er latínuskriptin nauðalík nútímaskrift. Eftir 1830 var kennt a.m.k. þrens konar skrifletur á Íslandi: settletur (gotneskt), kashönd (latneskt) og fljótaskrift (gotnesk). Latínuskriptin varð með tímanum yfirsterkari og kennd börnum frekar en gotneska skriflettrið. Þá var stafróf kashandar fullkomnara að því leyti að stafurinn „ð“ var þar á meðal, á meðan „d“ tíðkaðist í fljótaskriftinni.⁵⁸

Allar elstu dóma- og þingbækurnar eru í ritaðar í svokallaðri fljótaskrift. Oft á tíðum gætir danskra áhrifa í fljótaskrift 17. og 18. aldar, en einnig latínu, þar sem mörg orð, s.s. starfsheiti, eru rituð á erlendu tungumáli. Stærð stafa getur verið óregluleg. T.d. eru staðarheiti ekki alltaf rituð með stórum staf, á meðan einföld nafnorð eru það jafnvel alltaf. Þá er algengt að orðum sé skipt upp, sem í dag þykir eðlilegt að hafa samsett í dag.

Eins og áður segir fór fljótaskrift að verða á undanhaldi í upphafi 19. aldar og oft á tíðum varð letur smærra, auk þess sem setningar í dóma- og þingbókunum virðast einkennast af alls kyns styttingum, einkum á manntalsþingum.⁵⁹ Um miðja 19. öld virðist sem skrift í gögnum sýslumannsembættanna fari að líkjast nútímaskrift, en oft á tíðum getur hún verið óskýr. Þá helst ritunarháttur á sérhljóðum, t.d. „je“ í stað „é“, talsvert fram á 20. öld.⁶⁰

6. Tengdir skjalaflokkar og skjalasöfn

Í þessum leiðarvísi eru margar tilvísanir í dóma- og þingbækur sýslumanna, auk þess sem vísað er til nokkurra tengdra skjalaflokka í skjalasöfnum sýslumanna og sveitarstjórna. Tengdir skjalaflokkar eru mikilvægir við frekari athugun á innihaldi dóma- og þingbókanna

⁵⁷ Sveinbjörn Rafnsson: *Skrift, skjöl og skjalasöfn. Ágrip af skjalfraedi*, bls. 25–26.

⁵⁸ Sveinbjörn Rafnsson: *Skrift, skjöl og skjalasöfn*, bls. 26–27. Bókstafurinn „ð“ birtist fyrst á prenti á Íslandi árið 1772 í útgáfu á *Njálu*. Sjá, *Íslensk orðabók*, bls. 126.

⁵⁹ Sjá t.d. dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu í tíð Jóns Espólíns sýslumanns (1769–1836).

⁶⁰ Nánar um skrift og handritalestur, Arni Böðvarsson: *Handritalestur og gotneskt letur*; Kristjana Kristinsdóttir og Mór Jónsson: *Skjalalestur. Sýnishorn heimilda*.

og því brýnt að hafa yfirlit yfir þá skjalaflokka í sýsluskjallasöfnum. Á Þjóðskjallasafni Íslands fer senn að ljúka endurskráningu á öllum sýsluskjallasöfnum, þar sem tekin verða upp ný auðkenni á skjalaflokkum.

A – Bréfadagbækur

B – Bréf

C – Bréfabækur

D – Afsals- og veðmálábækur

DA – Veðbókarskrár, dagbækur

DB – Afsals- og veðmálábækur

DC – Landamerkjabækur

DD – Fylgiskjöl

E – Einkamál

EA – Dómsathafnir

EA1 – Manntalsþings- og aukadómpingsbækur

EA2 – Sjó- og verslunardómpingsbækur

EA3 – Landamerkja- og fasteignamálábækur, landskiptabækur

EA4 – Dómabækur

EA5 – Fylgiskjöl

EB – Fógetabækur

EB1 – Fógetabækur

EB2 – Fógetabækur – fjárnám/löghald

EB3 – Fógetabækur – lögtök

EB4 – Fylgiskjöl

EC – Uppboðsréttur

EC1 – Uppboðsbækur

EC2 – Fylgiskjöl

ED – Skiptaréttur

ED1 – Skiptabækur

ED2 – Fylgiskjöl

F – Opinber mál

FA – Sakadómur

FA1 – Sakadómsbækur

FA2 – Dómabækur

FA3 – Málaskrár

FA4 – Fylgiskjöl

G – Réttarbækur opinber- og einkamál

GA – Dóma- og þingbækur

GB – Dómsskjöl

IV. Þingtegundir

7. Tegundir þinga

Innihald dóma- og þingbóka byggist upp á mismunandi þinghaldi hverju sinni. Í þessum kafla verður skýrt frá 25 þingtegundum sem birtast í dóma- og þingbókum sýslumanna frá árunum 1635–1939. Þegar skoðuð eru þau málsatvik sem tekin eru fyrir, sést bersýnilega að hlutverk ýmissa þingtegunda skarast. Bæði virðist það gerast með mál sem tekin eru fyrir við mismunandi þinghald og vitaskuld þar sem ein þingtegund tekur við af annarri.

Eins og fyrr segir áttu manntalsþing að fara fram reglulega á vorin á lögbundnum þinghaldsstöðum hvernar sýslu og að loknu hverju Öxarárþingi skyldu leiðarþing eiga sér stað af hálfu sýslumanna, áður en þau liðu undir lok á 18. öld og manntalsþing tóku við hlutverkum þeirra. Þar að auki fóru fram ótal réttarhöld og margs konar þinghald hjá sýslumanni sem tók mið af lagasetningum stjórnarsýslunnar hverju sinni og ýmsum tilvikum sem bárust inn á borð sýslumanna. Þannig gátu réttarhöld hvernar sýslu verið háð fjölda stefna til dómsmála, hvort sem þar var um að ræða afbrot eða deilur og þá var ekki óalgengt að rannsókn færi fram hjá sýslumanni að ósk yfirvalda eða annars sýslumanns um einstök mál. Við slíkt starfsumhverfi gátu þinghaldsstaðir verið af ýmsum toga og fer fjöldi þinghaldsstaða sýslna langt umfram þann fjölda sem lögbundinn var til fyrirtöku manntalsþinga, en þinghaldsstaðafjöldinn er skýr birtingarmynd þess að sýslumannsembættin höfðu ekki fast aðsetur framan af. Þingstörf gátu því verið æði mismunandi og þinghaldsstaðirnir stundum háðir hverju máli fyrir sig sem ekki kom til fyrirtöku á lögbundnum þinghaldsstöðum. Auk þess gat veðráttu, veikindi sýslumanna eða málsaðila og annað breytt þingtíma og þingstöðum. Þinghaldsstaðir gátu þ.a.l. verið allt frá lögbundnum þingstöðum á borð við Hof á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu til bifreiðarinnar „H-5“ á landamerkjum Mosfells í Svínavatnshreppi og Reykja í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu eða á hafís á frosnum Eyjafirði, þar sem fram fór fjarlægðarmæling á hvalreka, vegna hvals sem ekki hafði rekið á fjöru neinnar jarðar heldur frosið fastur í hafísnum. Þá var einnig algengt að stutt þinghald, s.s. með sáttaumleitunum, einstökum þinglýsingum á borð við erfðaskrár hjóna eða stuttar vitnaleiðslur í framhaldsrannsókn færu fram á heimili viðkomandi eða á heimili sýslumannsins.⁶¹ Yfirleitt eru þing- og réttarhöld skráð í tímaröð í dóma- og þingbækur sýslumanna. Vissar undantekningar geta þó átt sér stað, eins og lýst verður síðar.

⁶¹ T.d. fór þinghald oft fram á Hvammi í Ásshreppi, heimili Björns Blöndals (1787–1846) sýslumanns í Húnavatnssýslu. Sjá, ÞÍ: Sýsl., Hún.V.21., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1837–1842.

Hér verða útlistaðar allar þingtegundir sem koma fyrir í dóma- og þingbókum sýslumanna. Í stuttu yfirliti er hverri þingtegund lýst, þar sem greint er frá eiginleikum hennar með stafréttu dæmi, auk þess sem notkunarmöguleikar eru tíundaðir. Uppröðun þingtegundanna fer eftir stafrófsröð. Dæmin eru að hluta uppsett að fyrirmynd úr ritinu *Nordatlanten og Troperne*, þar sem lýst er ýmsum skjalaflokkum nýlendna og hjálendna í Danaveldi.⁶² Í tilviki Íslands eru þar m.a. tekin dæmi um alþingisbækur, manntalið 1703, landsnefndina 1770–1771 og sóknarmanntöl.⁶³

Ljóst er að sumar þingtegundir sýslumanna bera fleiri en eitt nafn og þá komu aðrar tegundir til með tíð og tíma og leystu hinar eldri af. Því er augljóst af eftirfarandi lista að hlutverk ýmissa tegunda skarast á marga vegu. Umfjöllunin samanstendur af almennu yfirliti, stafréttri uppskrift og notkunarmöguleikum. Í yfirlitinu er eiginleikum þingtegundarinnar lýst og greint frá mikilvægum lagasetningum, s.s. þeim sem marka upphaf hennar og endi. Þá fylgir stafrétt dæmi úr frumheimildinni, sem síðan er útlistað nánar með skýringum í umfjöllun um notkunarmöguleika. Loks er hverju máli og málsaðilum þess fylgt áfram eftir því sem við á með vísunum í dómabókagrunn sýslumanna.

Þingtegundirnar 25 eru eftirfarandi:

Amtsúrskurður	Landamerkjadómur, merkjadómur
Aukaþing, extraréttur	Leiðarþing
Áreiðarþing	Lögregluþing, pólitúrétur
Bæjarþing	Manntalsþing
Dómþing, aukadómþing	Prófastsréttur
Einkalögregluréttur	Prófsréttur
Fimmstarstefnuþing	Sjódómur, sjóréttur
Fógetaréttur, fógetadómur, fógetaályktun	Skiptaréttur
Gestaréttur	Standréttur
Haustframtalesþing, hausthreppaskilaþing	Umboðsréttur, nótaríal-réttur
Héraðsþing, héraðsréttur	Uppboðsréttur
Hreppstjórnarþing	Þriggja hreppa þing
Justitsréttur, extra-justitsréttur	

⁶² Sjá, *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*, ritstýrt af Erik Nørr og Jesper Thomassen, V. bindi í *Kilder til dansk forvaltningshistorie*.

⁶³ *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*, bls. 193–299. Þau dæmi eru sett upp í almennt yfirlit, stafrétt dæmi úr frumheimild, þýðingu á dæminu úr frumheimild, skýringar á heimildinni og hugtökum í texta, vísun í lagaákvæði, notkunarmöguleika, leiðbeiningar í heimildaleit og heimildaskrá.

Fyrir utan þessar 25 tegundir þinga er birtast í dóma- og þingbókunum, eru til nokkrar aðrar þingtegundir sem tengst hafa sýslumannsembættum á einn eða annan hátt. Þær eru hins vegar ekki færðar inn í neina af þeim dóma- og þingbókum sem stuðst er við í þessum leiðarvísi og því ekki þörf á að taka dæmi um þess háttar þingtegundir hér. Fyrst ber að nefna tvær þingtegundir sem birtast í framfærslubálki Jónsbókar, þ.e. þing þar sem konungsbréf bar að upplesa og manndrápsþing, þar sem dæmt var í morðmálum.⁶⁴ Vissulega voru þessar málstegundir oft teknar fyrir hjá sýslumönnum, en ekki undir þessum heitum með vísun í Jónsbók.

Hinar þingtegundirnar eða dómarnir eru allir frá 20. öld og enn við lýði í dag, en eru færðir í aðrar bækur en dóma- og þingbækur. Einn þeirra er félagsdómur, sem er fjölskipaður dómstóll og er ætlað að skera úr um deilur á vinnumarkaði milli vinnuveitendasamtaka og launþegasamtaka. Það er borgaraleg skylda að taka sæti í félagsdómi og hann heyrir í raun á engan hátt undir sýslumannsembættin. Dómar hans eru óáfrýjanlegir og að því leyti kemur hann ekki við starfssviði sýslumanna. Úrskurði hans um formhlið og gang mála má þó kæra til Hæstaréttar. Að því leyti er hann á héraðsdómsstigi, en þar fyrir utan tekur hann yfir svið sem sýslumenn og bæjarfógetar sinntu áður og þá hefur hann aðsetur hjá sýslumanninum í Reykjavík, en umdæmi hans er þó allt landið. Félagisdómur var stofnaður á grundvelli laga um nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.⁶⁵

Annar dómur sem ber að nefna er kirkjudómur, þar sem farið er með mál sem áður heyrðu undir prófastsrétt, en spannar þó þrengra svið. Sýslumenn og tveir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar skipa kirkjudóm, sem sýslumaður kveður til sjálfur. Þar er farið með mál er höfðuð eru út af brotum presta eða hneykslanlegu athæfi þeirra í starfi eða einkalífi.

Þegar kemur að réttarfarsmálefnum verður að minnast á sakadóm, sem er einn af þremur héraðsdómstólum eftir þeim skilningi er nú ríkja í Reykjavík. Undir hann heyrðu fyrst og fremst opinber mál, en einnig stjórnsýsluverkefni, s.s. rannsókn á opinberum málum. Sakadómur er dómstóll þar sem sýslumenn eða bæjarfógetar fóru með opinber mál og öll önnur, að undanteknum málum sem lentu undir kirkjudóm, landsdóm, sjó- og verslunardóm, prófastsdóm, siglingadóm eða sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Siglingadómur er sérdómstóll er fjallar um ýmis mál varðandi skip og siglingar. Hann er héraðsdómur fyrir allt landið, þ.e.a.s. allsherjardómstóll á héraðsdómsstigi. Með honum eru tekin fyrir tiltekin mál skv. siglingalögum. Hann er þannig sambland af dómstól í einkamálum og opinberum málum. Þá var einnig á tímabili við lýði svokallaður sjó- og verslunardómur,

⁶⁴ *Jónsbók*, bls. 147–148.

⁶⁵ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1938. A-deild*, bls. 136–139.

sem starfaði eftir ákvæðum laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.⁶⁶ Undir hann heyrðu einkamál og refsímál er fjallað var um í siglingalögum og sjómannalögum, en þó með undantekningum, s.s. um verslunarviðskipti, mál á milli fyrirtækja o.s.frv.

Margar málstegundir sem teknar eru fyrir á áðurnefndum þingtegundum voru aðskildar úr dóma- og þingbókum sýslumanna og bar að færa inn í sérstakar þingbækur, sbr. sjó- og verslunardómþingsbækur og sakadómsbækur. Sama hefur einnig gilt um nokkrar af þeim þingtegundum sem hér fylgja á eftir, s.s. manntalsþing, fógetarétt, skiptarétt og uppboðsrétt. Þar fyrir utan er ekki óalgengt að þingtegundar sé hreinlega ekki getið í þingtexta heimildanna. Yfirleitt hefur þá verið um einhvers konar rannsóknarpróf að ræða, s.s. aukarétt, lögreglurétt eða aðrar þingtegundir tengdar þeim, eða þá að röð auka- og/eða lögregluréttar hefur átt sér stað við rannsókn á sama málinu. Það að þingtegundar sé ekki getið í þingtexta dóma- og þingbókanna er hverfandi eftir aldamótin 1900.

8. Amtsúrskurður

Amtsúrskurðir eru ekki eiginleg þing, heldur úrskurður amtmanns um viðkomandi sakamál sem stefnt hefur verið til hans. Því er ekki getið þinghaldsstaðar, heldur aðeins staðar þar sem undirskrift úrskurðar á sér stað. Amtsúrskurðir eru því nær aldrei í reglulegri tímaröð þinghalda sem þingbækur innihalda, þar sem undirskrift þeirra fer ekki alltaf saman við dagsetningaröð þinganna í þeim þingbókum sem þeir eru færðir inn í. Í langflestum tilvikum eru amtsúrskurðir niðurstöður í legorðsmálum, en þeir voru færðir inn í dóma- og þingbækur á 19. öld. Þar sem amtsúrskurðir eru úrskurðir frá amtsmanni, er þá ekki að finna í dóma- og þingbókum sýslumanna þar sem amtmaður hefur aðsetur, t.a.m. í Eyjafjarðarsýslu. Þeir eru hins vegar tíðir í dóma- og þingbókum Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna.

Amtsúrskurðir komust á með tilskipun um sakamál frá 24. janúar 1838.⁶⁷ Þá tengjast þeim einnig kansallísskrif frá 24. september 1842, þar sem kveðið er á um að amtmaður felli dóma í opinberum sakarefnum (d. offentlige politiesager).⁶⁸ Með tilkomu landshöfðingjaembættisins árið 1873 er hætt að færa amtsúrskurði í dóma- og þingbækur sýslumanna, þrátt fyrir að áfram hafi starfað tveir amtmenn á Íslandi í stað fjögurra áður.⁶⁹

⁶⁶ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 271–273.

⁶⁷ *Lovsamling for Island*, XI, bls. 155–156. (Tilskipun 24. janúar 1838, um sakamál á Íslandi).

⁶⁸ *Lovsamling for Island*, XII, bls. 394–396. (Kansallísskrif 29. september 1842, til amtmannsins í Vesturamti um dóma í opinberum lögglumálum o.fl.).

⁶⁹ Í dóma- og þingbókum Skagafjarðarsýslu er síðasti amtsúrskurðurinn frá 1871. Sjá, *ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950*, 21. október 1871, Db.gr.nr. 30.553.

Dæmi um amtsúrskurð: Hún.V.23. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855, bls. 6.

Úrskurður

Með heimild tilskipunar frá 24 Janúar 1838 § 11 úrskurðast að Jason Samsonarson skuli borga í sekt fyrir það af honum í fyrsta sinni drýgða hórdómsbrot fjóra ríkisdali í reiðu silfri, sem borgiz innan 15 daga frá þessa úrskurðar löglegri byrtíngu, undir aðför að lögum.

Þennan úrskurð ber að bóka í Húnavatnssýslu jústitsprótókoll og straffaregistr, en þvínærst að senda hann með lögboðnum skilríkjum hingað apr.

Islands Norðr- og Austr-anti, dag 27 Apríl 1850.

Th Jonassen (settr.).⁷⁰

Notkunarmöguleikar:

Í amtsúrskurðum er fyrst og fremst að finna nöfn brotafólks, brotaflokk og sektarupphæðir. Í mörgum tilvikum má finna nöfn maka, enda hljóða margir amtsúrskurðir uppá niðurfellingu sektar í legorðsbrotum að ósk maka.⁷¹ Yfirleitt eru amtsúrskurðir færðir inn á íslensku, en þó eru til dæmi um að þeir séu skrifaðir á dönsku. Þá eru amtsúrskurðir færðir inn í dóma- og þingbækurnar undir heitinu „resolution“.⁷² Þar sem amtsúrskurðir eru endanlegar niðurstöður mála er líklegt að undanfari hvers og eins sé að finna í öðru réttarþinghaldi.

Tilvikið hér að ofan er dæmi um úrskurð í hórdómsbroti Jasonar Samsonarsonar (1823–1871) árið 1850. Jason játaði brotið við yfirheyrslu 14. apríl 1850, þar sem hann hafði eignast barn með húsmóður sinni, Guðrúnu Þorleifsdóttur (1819–?), en við yfirheyrsluna kom fram að hann og kona hans, Sigurfljóð Gísladóttir (1818–1890), væru skilin vegna ósamlyndis og efnaleysis.⁷³ Ári síðar var hjónaband hans og Sigurfljóðar dæmt til að slítast sökum hórdómsbrots hans.⁷⁴

9. Aukaping, extraréttur

Aukaping voru jafnan haldin utan venjulegs þingtíma, þ.e.a.s. ekki samhliða reglulegum manntalsþingum. Á aukapingum voru yfirleitt tekin fyrir alvarlegri afbrotamál, s.s. morð, blóðskömm og dulsmál. Það var þó ekki algilt og oft gátu alvarlegustu brot einnig verið tekin

⁷⁰ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.23., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855, bls. 6.

⁷¹ Sjá t.d., ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 9. júlí 1855, Db.gr.nr. 40.681.

⁷² Sjá t.d., ÞÍ: Sýsl., Hún.V.21., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1837–1842, bls. 266.

⁷³ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.23., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855, bls. 5.

⁷⁴ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 20. maí 1851, Db.gr.nr. 56.360. Amtsúrskurðurinn er tvisvar sinnum færður í dóma- og þingbók Húnavatnssýslu, en dómurinn í skilnaðarmáli Jasonar og Sigurfljóðar er færður í ÞÍ: Sýsl., VI.04., Dómabók Húnavatnssýslu 1842–1856, bls. 39–40.

fyrir á öðrum þingum. Þannig geta hlutverk aukapinga skarast á við hlutverk annarra þinga, s.s. lögregluþing og héraðsþing. Þar sem aukaping voru utan reglulegs þingtíma, gátu þinghaldsstaðir verið gríðarlega margir, allt eftir málsatvikum. Ekki var óalgengt að röð aukapinga væru haldin nokkra daga í röð á sama bænum eða á bæjum í grennd við vettvang afbrotsins.

Aukaping á Íslandi virðast hefjast með tilskipun frá 1735, sem þó átti aðeins við í Noregi og var ekki auglýst á Íslandi.⁷⁵ Engu að síður fara aukaping að eiga sér stað hjá sýslumannsembættum fljótlega eftir 1735, sem þó voru í upphafi einnig nefnd „extraordinair“ héraðsþing.⁷⁶ Meginhlutverk aukapinga var leyst af með tilkomu sakadóms árið 1940 þegar lög nr. 67/1939 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu og fleira í Reykjavík tóku gildi.⁷⁷

Dæmi um aukaping: Hún.V.19. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1830–1835, bls. 172–188.

Ár 1831, þann 21^{ta} octob^r setti Sysslum: Blöndhl eirn Extrarétt ad Torfulæk med undirskrifudum þingvottum, hvört Réttarhald orsakast þaraf, ad þann 14^{da} þ.m. var Sysslumanninum skrifl^a til kynna géfin af prestinum Sira Einari Gudbrandssyni á Hjaltabacka, ad Student Olafur Jngimundarson búandi á þessu heimili, hefði hér dáið qvöldinu fyrir hastarlⁱ án nockurs undangángandi Siúkdóms; Enn þar Sýsslumadurinn hafði þá áqvæded sig til Réttarhalds næsta dag þar eptir, hvartil búid var ad stefna, og fleiri Embættisverk láu fyrir næstu daga þar eptir, skrifadi hann samstundis hlutadegandi hreppstióra, og tilsagdi honum ad, registra strax þess burtdána eptirlátinu fjármuni, og undireins med 2^f skinsömum mönnum ad skoda náqvæml^a þann burtdána líkama, samt gjöra þaryfir skrifl^a Skýrslu og senda hana strax til Sysslumannsins m.m. Af þessu bréfi er hér nú frammlögð afskrift sem markast Ltr^a A. svohljóðandi:

J fyrra Dag, heimkominn frá ferdareisu, frétti Sýsslumadurinn í lausu Tali, ad Skoðunargjörd hafði hér frammfarid næstlidinn manudag, í nærveru hlutadegandi Sóknarprests, og ad skrifleg Skýrsla hefði þarumm verid samin, en allt til þessu, hefur til Sysslumannsins eckert ord frá hreppstióranum þarum komid, og þar almennt Rikti géck umm, ad sá burtdáni hafi verid í heftugu ordakasti vid húsmann Björn Olafsson á

⁷⁵ *Lovsamling for Island II*, bls. 198. (Tilskipun 19. ágúst 1735, um ýmislegt viðkomandi dómsmálum og réttarins þjónustu í Noregi).

⁷⁶ Sjá, *ÞÍ: Sýsl., Hún.V.04.*, Dóma- og þingbók Bjarna Halldórssonar 1731–1741, 1745–1746, bls. 321; *ÞÍ: Dómabókagrunnr sýslumanna 1621–1950*, 22. nóvember 1737, Db.gr.nr. 50.259.

⁷⁷ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1939. A-deild*, bls. 214–215.

Þessum bæ, skömmu áður enn hann deidi og að Fáþyckja hefði að undanfögnu verið milli þessara manna, áleit Sysslumadurinn ei færð Leingur að bíða eftir undirréttung frá hreppstíóranum í þessu Tilliti, en ferdadest híngad í dag ásamt þeim undirskrifudu vottum, hvörja hann útvaldi sem þá nærgjætnustu og skinsömustu menn héri grend, hvorre til að skoda Líkid sem til að taka Próf umm vidskilnad þess burtdána af hérverandi heimilis Fólki, hvört allt er sameiginlega fyrir Réttinn kallad, Eids útskíringin fyrir því upplesin, samt Laganna Straff fyrir Meinsæri því kunngjört og að frá búnu fyrst umm sinn dimmitterad: en sídan inn fyrir Réttinn kalladur: 1. Øgmundur Øgmundsson á Torfalæk, sem af Réttinum til qvaddur frammbær sem fylgir: ...⁷⁸

Notkunarmöguleikar:

Vitnisburðir aukapínga geta verið allt að því óendanlegir og algjörlega háðir málstegundum. Aukapíng bera þó ávallt með sér nöfn málsaðila, vitna, tengsl á milli aðila, tegundir brota, þar sem gjarnan er vísað í viðeigandi lög o.s.frv. Vitnaleiðslur eru jafnan ritaðar í dóma- og þíngbókina sjálfa, en ekki er óalgengt að spurningar séu ritaðar á fylgiskjöl og þá vísað í númer spurninga í dóma- og þíngbókinni. Þannig eru málsskjöl mikilvæg fyrir dýpri skilning á innihaldi viðkomandi aukapíngs, þó vitnaleiðslur geti oft innihaldið mjög nákvæmar lýsingar, þar sem orðalag getur verið mjög fjörlegt og jafnvel einstaklingsbundið, sérstaklega í eldri þíngbókum.

Í ofangreindu dæmi er að hefjast rannsókn á mannláti, þar sem ennfremur höfðu átt sér stað handalögmál milli Ólafs Ingimundarsonar (1770–1831) og Björns Ólafssonar (1793–1864). Athyglisvert er að sjá útskýringar sýslumanns hvers vegna rannsóknin hefur setið á hakanum sökum anna og einnig vegna seinangangs á skýrslu frá hreppstjóra. Mörg aukapíng voru haldin vegna málsins frá októbermánuði 1831 til ágústmánaðar 1832 á sex mismunandi þínghaldsstöðum. Lyktir málsins urðu þær að Björn var fundinn sekur um að hafa orðið Ólafi að bana eftir slagsmál, þó ekki hafi verið um morð að ræða og hlaut Björn líkamlega refsingu, þ.e. þrisvar sinnum 27 vandarhögg.⁷⁹ Af vitnaleiðslum að dæma virtust Ólafur og Björn deila um konu, Ástríði Halldórsdóttur (1801–1860), en hún lýsti Ólaf föður að barni er hún fæddi 1831. Hún var síðar, eða árið 1835, dæmd sek fyrir legorðsbrot við Ólaf, en Björn var um tíma talinn faðir barnsins. Þá var hún einnig ákærð fyrir hneykslanlega sambúð með Birni, en

⁷⁸ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.19, Dóma- og þíngbók Húnavatnssýslu 1830–1835, bls. 172–173.

⁷⁹ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 28. ágúst 1832, Db.gr.nr. 52.085 og 64.482; Sjá einnig, *Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873*, IV. 1830–1837 (Reykjavík 1931–1938), bls. 96–99 og 123–129.

var sýknuð fyrir Landsyfírrétti.⁸⁰ Skv. leit í manntalsgrunni Þjóðskjalasafns Íslands virðast Björn og Ástríður síðar hafa tekið saman og eignast saman börn.⁸¹

10. Áreiðarþing

Á áreiðarþingum er fjallað um jarðamál, s.s. landamerkjadeilur, virðingu lands, rekaprætu o.s.frv., þar sem farin var áreið á þrætupart á milli tveggja eða fleiri jarða. Það er þó ekki algilt að áreiðarinnar sé getið í þingtextanum. Sýslumaður fór jafnan á þrætupartinn ásamt málsaðilum og meðdómendum eða matsmönnum, en á áreiðarþingum geta einnig birst ítarlegar vitnaleiðslur um landsvæði, landamerki, örnefni o.fl. Áreið gat einnig átt sér stað í málum sem bókuð voru undir annars konar þingtegundir en á eiginlegum áreiðarþingum, s.s. aukarþingum eða manntalsþingum. Þá gátu áreiðarþing einnig nefnst áreiðar- og héraðsþing eða áreiðar- og grandskningsþing, þ.e. skoðunarþing.

Ekki er ljóst um upphaf áreiðarþinga, en ljóst er að í 16. kafla búnaðarbálks Jónsbókar er talað um að „ganga ... á landamerki“ og lögfesta eftir því og þá er áreiðarstefna þekkt frá árinu 1309 um vitnisburð manna um landamerki.⁸² Þá er einnig minnst á „ómöguligar áreiðir“ og kvartað undan þeim í Áshildarmýrarsamþykkt lögréttumanna og bænda í Árnessþingi frá 1496.⁸³ Því er fyrirbærið áreiðir þekkt frá a.m.k. 1309, en ólíklegt er að með lagasetningu hafi verið mynduð sérstök áreiðarþing. Frekar er líklegt að nafnið hafi komið til þegar sýslumenn tóku aðeins fyrir þetta viðkomandi málsatvik á einu þingi.

Dæmi um áreiðarþing: Eyj.IV.B.10. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1789–1794 (1797), bls. 127–130.

Anno 1792 þann 20^{ta} augusti að Hvannejre var af Sýslumannenum i Vadla Sysslu Johne Jacobssyne með útnefndum 6 underskrifudum góðum mönnum giörd áreið, effter hans háæruverdugs^{ta} hr. Biskupsens S. Stephanssonar begiæríng dags dato, á landa merkum millum Hvanejrar Beneficii og Stóls Jardarennar – Hafnar, og grandgiæfelega skodad, hvert lögfesta Prestsens S^{ta} Jóns Jónssonar kynne að álýttast, án framvísande máldaga og Lagaskiala, rigtuger fyrer landamerkiumm mille Jardanna, enn gardur sá, sem liggur úr midre fialls hlýd frá vestre til austurs, ofann að læk þeim, sem

⁸⁰ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 24. ágúst 1835, Db.gr.nr. 64.600 og 65.948; *Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873*, IV, bls. 265–268.

⁸¹ Sjá, ÞÍ: Manntalsgrunnur Þjóðskjalasafns Íslands, Vefslóð: www.manntal.is, leit að Hrafnabjörg í Saurbæjarsókn, Borgarfjarðarsýslu, í manntölum 1840, 1850 og 1855.

⁸² *Jónsbók*, bls. 167. *D.I.*, III, bls. 9. (Vottorð tveggja presta 1309, um úrskurð um landamerki milli Vatnshlíðar og Vatnsskarðs í Skagafirði).

⁸³ *D.I.*, VII, bls. 323. (Áshildarmýrarsamþykkt 1496).

rennur Vestann til við Ejrena, Siónehending úr midgimbrar Klett, að vestann 9 fadma utann Vedzlews hús, og þaðann í leirflög tvö á Ejrenne, og þaðann siónehending yfer Siglufjörð í brikena Sunnann Astukofa. Effter herfilgiande Siónar Korte. og er Syslumannsens og Aafstæds Rettarens Dómur og Áliktan, að nefndur gardur, eige og skule vera æfennlagur landamerkiagard^f, millum Hvannejrar og Hafnar, ur fialle og ofann í Aalalæk, nema skilrýke önnur enn lögfestr án máldaga og bevísinga framkome. Enn hver landamerke eru millum Hvannejrar og Hafnar, nedann Aala læks, má koma uppá þau Skiöl, sem kynnu að finnast við Stiff kystuna á Hólum fyrer Hvannejre og Höfn, og kann ei uppákannast, fyrrenn menn eru umm því lýk Skiöl úrkula vonar, og vita hvert öll Hvannejre tilheyrer Beneficio, edr partur þaraf tilheyrer Höfn, effter Siónehendingu her nefndre frá vestre til austurs – Enn að þessu Aastæds forretting sie giörd effter allra bestu Samvitsku vilia tilnefnder grandsknings menn með Eide bekræfta ef þörf giörest -, Til Stadfestu underskrifud nöfn – út Supra.

J.Jacobsen.

Þorleifur Jonsson, Magnus Jonsson, Guðm Erlendson, Jon Jonsson, Grymur Jvarson, Oddur Jonsson.⁸⁴

Notkunarmöguleikar:

Þar sem áreiðarþing taka einkum á jarðamálum nýtast þau fyrst og fremst til rannsókna eða gagnaöflunar á einstökum jörðum eða landsvæðum. Vitnisburður áreiðarþinga getur innihaldið ítarlegar lýsingar á landamerkjum eða landsvæðum, auk þess að líklegt er að minnst sé á málsskjöl tengd viðkomandi jörðum, s.s. lögfestur, landamerkjalyýsingar og eldri vitnisburði.

Við áreiðarþingið hér að ofan við Siglufjörð má greina ítarlegar lýsingar á landamerkjalinu milli tveggja jarða, eins og jafnan er í landamerkjamálum. Miðað við aldur þessa áreiðarþings sést bersýnilega að ritmál er gjörólíkt nútímastafsetningu. Þá er ekki óhugsandi að jafnvel staðarheiti séu einnig breytt í dag, auk þess að öruggt er að Vedzlews hús og Ástukofi standa ekki lengur í dag. Í reynd er Ástukofi gömul fjárhústóft. Viðkomandi áreiðarþing er líkt öðrum áreiðarþingum eða áreiðargjörðum fyrir landamerkjamál, en sker sig hins vegar úr vegna korts sem teiknað er í þingbókina og fylgir með sem partur af áreiðarþinginu. Ekki er ólíklegt að teiknaðar hafi verið afstöðumyndir af landamerkjalinum, en óalgennt er að þær séu varðveittar í dóma- og þingbókum sýslumanna.

⁸⁴ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.10, Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1789–1793 (1797), bls. 127–129.

11. Bæjarþing

Dómþing sem haldin voru í kaupstöðum voru kölluð bæjarþing. Þau leystu gestarétt af hólmi árið 1936 og fóru með almenn einkamál í héraði, s.s. meiðyrðamál, handalögmál og skuldamál, sem voru fyrirferðamest. Dómstólinn skipuðu bæjarfógetar oft einir, en einnig tíðkaðist að hafa tvo meðdómendur í viðameiri málum. Áður var skotið til hans ýmsum almennum málum frá sáttanefndum, meðan þær voru og hétu, en í reynd voru aðeins sjó- og verslunarréttarmál og landamerkja- og fasteignadómsmál undanþegin. Bæjarþing gat einnig samsvarað bæði manntalsþingi og aukadómþingi.

Bæjarþing á Íslandi komu fyrst til í Reykjavík skv. konungsbréfi til amtmanns í Suðuramti, þar sem skýrt var kveðið á um að sakir er vörðuðu hafnarmálefni (d. lodssager) skyldu útkljáð fyrir bæjarþingi í Reykjavík.⁸⁵ Í dóma- og þingbókum annarra sýslumannsembætta en Reykjavíkur koma bæjarþing hins vegar ekki fyrir fyrr en með lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þannig fóru bæjarþing fram í kaupstöðum, sem urðu sérstök lögsagnarumdæmi á fyrri hluta 20. aldar. Þar voru tekin fyrir ýmiskonar einkamál og minni háttar afbrotamál, en skv. 40. gr. laganna átti þingmálið vera íslenska.⁸⁶ Hins vegar eru bæjarþing í Noregi þekkt aftur til 1735 í tilskipun um dómsmál.⁸⁷

Dæmi um bæjarþing: Eyj.IV.B.70. Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1938–1940, bls. 121–124.

Ár 1939, þriðjudaginn 14. febrúar kl. 5 e.h. var bæjarþing Akureyrar sett á skrifstofu embættisins og haldið af settum bæjarfógeta E. Eggerz með undirrituðum vottum:

Tekið fyrir málið no. 3/1939. Sveinn Bjarnason gegn Jakob Árnasyni.

Var þvínæst í málinu uppkveðinn svohljóðandi dómur:

Tildrög máls þessa eru þau að í 54. tbl. XXI árg. blaðsins „Verkamaðurinn“ frá 26. nóvbr. s.l. sem gefinn er út hjer á Akureyri, stendur grein með fyrirsögninni: „Fulltrúi bæjarfjelagsins kistuleggur gamla konu.“ Greinin er undirrituð bókstöfunum J.Á., en stefnandi þessa máls telur umrædda grein móðgandi og meiðandi fyrir sig, ósanna og órjettamæta í sinn garð, og með stefnu útgefinni 10. þ.m. að undangenginni árangurslausri sáttatilraun ofangreinds blaðs, til sektagreiðslu fyrir umrædda grein og málskostnaðar.

⁸⁵ *Lovsamling for Island*, VII, bls. 456. (Konungsbréf 10. febrúar 1813, um að sakir vegna hafnarmálefna verði tekin fyrir á bæjarþingi í Reykjavík).

⁸⁶ *Stjórnartíðindi fyrir Island 1936. A-deild*, bls. 226–227.

⁸⁷ *Lovsamling for Island*, II, bls. 214. (Tilskipun 19. ágúst 1735, um dómsmál í Noregi).

Stefndi, Jakob Árnason, hefur ekki mætt í málinu og enginn fyrir hans hönd, en þó löglega stefnt. Ber því að dæma málið samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum. Það þykir rjett að taka þegar fram, að eftir framlögðum skýrslum verður að telja stefnda höfund umstefndrar greinar og ber þá að athuga efni greinarinnar, sem er sprottin út af því, að stefnandinn, sem er fátækrafulltrúi, kistulagði gamla konu, á framfæri bæjarins, í s.l. nóvember, á þann hátt, að hann bar líkið niður stiga úr herbergi hinnar framliðnu og lagði í kistu fyrir utan húsið, er hún bjó í ...

... En í stefnunni eru þessi ummæli tekin sjerstaklega upp og önnur ekki:

„Allir fordæma þeir þessar svívirðilegu tiltektir.“ „Allir skilja þeir, að hjer hefur verið gengið svo langt að lengra verður ekki gengið í áníðslu á lítilmagnanum en að níðast á honum látnum.“ „Níðingsverk hans er með þeim endemum, að jafnvel nafn hans getur enginn nefnt eftirleiðis nema með fádæma viðbjóði.“ ...

...Samkvæmt framanskriðu eru ummæli þessi ekki á neinn hátt rjettmætt, en hins vegar meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda og ber að dæma þau dauð og ómerk, skv. 220 gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, svo ber og að dæma stefnda í sekt fyrir þau, skv. 219. gr. fyrnefndra laga og þykir sektin hæfilega ákveðin 150 krónur er renni í ríkissjóð og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ...⁸⁸

Notkunarmöguleikar:

Bæjarþing innihalda fyrst og fremst upplýsingar um einkamál í héraði. Þannig eru málsaðilar og málsatvik mikilvægasti vitnisburðurinn, auk vísana í málskjöl og lagagreinar. Málsatvik geta þó verið mjög mismunandi, enda margt sem gat komið inn á borð bæjarfógeta. Skuldamál, einkum vegna verslunarskulda, eru þó tíð við bæjarþing kaupstaða.

Meiðyrðamálið hér að ofan er gegn Jakobi Árnasyni, ritstjóra *Verkamannsins* á Akureyri, fyrir ósæmileg orð í garð Sveins Bjarnasonar. Sveinn virðist hafa verið tíður stefnandi fyrir hönd ýmissa aðila á Akureyri á 3. og 4. áratug 20. aldar, en Jakob hafði a.m.k. einu sinni áður komist í kast við lögin, þ.e. þegar hann ásamt fleirum réðust inn á afgreiðslusvæði á farmi *Lagarfoss* á Akureyri í trássi við afgreiðslubann Verkalýðsfélags Norðurlands árið 1934.⁸⁹

⁸⁸ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.70., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1838–1840, bls. 121–123.

⁸⁹ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 15. september 1934, Db.gr.nr. 21.595. Um störf Sveins Bjarnasonar og stefnur, sjá t.d. fjölda færslna í ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.55., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1918–1925 og ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.57., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1921–1924.

12. Dómþing, aukadómþing

Dómþing var dómstóll sem sýslumenn skipuðu oftast einir og samsvarar fullkomlega bæjarþingi, sem bæjarfógetar héldu í kaupstöðum og kom í stað manntalsþinga í einstökum hreppum. Þar héldu sýslumenn þinghaldið jafnan einir, en þó við votta. Manntalsþing átti að halda árlega utan kaupstaða til meðferðar dómsmála á réttum þingstað í hverri þinghá og þá átti að heyja aukadómþing eftir þörfum, skv. lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Dómþing áttu að fara fram í heyranda hljóði í þinghúsum embættisins eða öðrum húsum til almenningsnota. Þó gátu aðilar eða vitni óskað eftir að þingið yrði háð fyrir luktum dyrum og einnig gat dómari úrskurðað svo, ef um almennings hagsmuni var að ræða.⁹⁰

Ákvæði um dómþing voru sett með lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, þar sem dómþing var í raun annað heiti á bæjarþingi, en meginmunurinn fólst í að við dómþing var felldur úrskurður í viðkomandi dómsmáli, auk þess að dómþing gátu einnig tekið við hlutverkum manntalsþinga sem átti að halda árlega.⁹¹ Dómþing getur hins vegar í víðari skilningi verið hvaða þing sem er, þar sem dómsúrskurður er uppkveðinn.

Dæmi um dómþing: Eyj.IV.B.64. Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1936–1944, bls. 91–92.

Ár 1937, laugardaginn 22. janúar var dómþing Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar sett á skrifstofu embættisins á Akureyri og haldið af hinum reglulega dómara, bæjarfógeta Sig. Eggerz með undirrituðum vottum.

Þinglesin þessi skjöl:

1. Bæjarstjórn Akureyrar legir Sigurði O. Björnssyni, lóð. Brjef dags. 21. jan. 1937.
2. Tryggingarbrjef Jóns Baldvinssonar f. útbús Útvegsbanka, dags. 18. jan. 1937. kr. 700.00, 1. v. ½ húsinu Lundarg. nr. 4.
3. Bæjarstjórn Akureyrar legir Arnþóri Jónssyni lóð. Brjef dags. 5. jan. 1937.
4. Tryggingarbrjef Vigfúsar Friðrikssonar, t. Útvegsb. Íslands, f., kr. 5500.00, dags. 20. jan. 1937. 1. v. í efri hæð nr. 34, Oddeyrargötu.
5. Yfirlýsing Guðrúnar Larsen og Vigf. Friðrikssonar um Oddeyrargötu nr. 34, dags. 18. jan. 1937. ...

...Aflýst:

1. Veðsklr. G. Larsen og Vigf. L. Friðrikssonar t. K.E.A., dags. 29. ág. 1931. 1. v. í Oddeyrarg. nr. 37.

⁹⁰ *Stjónartíðindi 1936. A-deild*, bls. 223 og 226–227.

⁹¹ *Stjónartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 226–227.

2. Veðsklr. Ingvars Guðjónssonar t. Ragnars Ólafssonar, dags. 4. jan. 1932. Veð í bátum.⁹²

Notkunarmöguleikar:

Augljóst er af dæminu um dómþing að það tók við ákveðnu hlutverki manntalsþinga á 20. öld, þ.e. þinglýsingu skjala. Þannig inniheldur vitnisburður dómþingsins lítið annað en nöfn málsaðila, dagsetningar og peningaupphæðir. Málsskjöl eru þó hjálpleg og í reynd mikilvæg til að átta sig á atvikum dómþinga. Notkunarmöguleikar dómþinga á við þessi eru því helst vitnisburður um að viðkomandi skjölum hafi verið þinglýst.

Málsatvikin hér að ofan greina frá leigulóð á Akureyri, tryggingabréfum, veðskuldabréfum og yfirlýsingu, sem ómögulegt er að átta sig á um hvað er án notkunar málsskjala. Við þinglestur í dag er ávallt getið kennitalna, en í byrjun 20. aldar þótti nóg að greina frá fullu nafni og hugsanlega heimilisfangi eða þjóðfélagsstöðu. Á 19. öld má oft sjá þinglestur miðaðan við skírnarnafn aðila frá ákveðnum bæ, t.d. þinglesið kaupbréf Jóns á Þverá, sem átti þá við bæinn Þverá í viðkomandi hreppi þar sem þinghaldið fór fram.

13. Einkalögregluréttur

Eins og nafnið gefur til kynna, þá tóku einkalögregluréttir á einkamálum sem skotið var til hins opinbera af brotþola. Líkt og við lögreglurétti komu yfirleitt minniháttar afbrotamál fyrir einkalögreglurétti. Þannig voru algengustu málsatvikin m.a. barnsfaðernismál, meiðyrðamál og viss skaðabótamál.

Sýslumönnum var ætlað að taka próf í einkamálum skv. réttarbót frá 1280.⁹³ Einkalögregluréttir urðu aftur á móti til með tilskipun um skyldur undirdómanna í lögreglu- og rannsóknarefnum frá 1799, en virðast hins vegar ekki vera færðir inn í dóma- og þingbækur sýslumanna fyrr en á 20. öld.⁹⁴ Tilskipunin frá 1799 nær enn fremur yfir hefðbundna lögreglurétti, en fyrst og fremst er inntak hennar að dómurum sé skylt að halda rannsóknarpróf ef grunur sé um að fólk hafi brugðist skyldum skv. lögum eða beitt aðra órétti.

⁹² ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.64., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1936–1944, bls. 91–92.

⁹³ D.I., II, bls. 199. (Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar hin almenna 1280).

⁹⁴ *Lovsamling for Island*, VI, bls. 358–359. (Tilskipun 8. mars 1799, um skyldur undirdómanna í lögreglu- og rannsóknarefnum); *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 278. Færslur yfir einkalögreglurétti í dómabókagrunni sýslumanna eru 21 talsins í Eyjafjarðarsýslu 1918–1936 og 14 í Skagafjarðarsýslu 1909–1920, sjá, ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950.

Einkalögregluréttir liðu undir lok að nafninu til með lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, þegar bæjarþing tóku við þeirra hlutverkum.⁹⁵

Dæmi um einkalögreglurétt: Eyj.IV.B.54. Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1918–1921, bls. 371–372.

Ár 1921, Föstudaginn 15. April var einkamálalögregluréttur Akureyrarkaupstaðar settur og haldinn á skrifstofunni af Bæjarfógeta Steingrími Jónssyni með undirrituðum réttarvottum.

Tilfni þessa réttarhalds var, að þeir Jakob V. Björnsson Strandgötu 13. Oddeyri og Jakob E. Björnsson, Norðurpól höfðu með bréfi dags. 13. þ.m. kært yfir því, að aðfaranótt 11. þ.m. hefði sútari Haraldur Guðnason ráðist á þá á götu og rifið föt á þeim. Var kæruskjal þetta framlagt í réttinum og auðkennt N^o 1.

Í réttinum mæta kærendurnir báðir og ennfr. hinn kærði. Spurði lögregludómarinn þá um hin nánari atvik við atburð þeirra og ræddi málið við þá fram og aftur. Eftir nokkrar umræður og þar sem lögregludómarinn varð að álíta það sannað, að hér hefðu átt sér stað götuáflog að næturlagi, úrskurðaði hann, að málið skyldi útkljást með því að Haraldur Guðnason skuli greiða 25 kr. sekt til bæjarsjóðs Akureyrar, 15 kr. skaðabætur til Jakobs V. Björnssonar og 20 kr. skaðabætur til Jakobs E. Björnssonar. En kærendurnir Jakob V. Björnsson og Jakob E. Björnsson greiði hvor um sig 10 króna sekt í bæjarsjóð.

Þessi úrslit samþykktu málspartarnir allir.

Upplesið játar, rétt bókað. Steingrímur Jónsson

Vottar: Friðbjörn Bjarnason, Árni Ólafsson

Haraldur Guðnason, Jakob V. Björnsson, Jakob Björnsson.⁹⁶

Notkunarmöguleikar:

Einkalögregluréttarmál geta verið eins mismunandi og þau eru mörg. Í málinu hér að ofan er málsatvikum ekki lýst nákvæmlega og því væri brýnt að athuga kæruskjalið sem er auðkennt N^o 1.

Svo virðist sem Haraldur Guðnason (1894–1961), Jakob Ernst Björnsson (1896–1930) og Jakob Valdimar Björnsson Olsen (1897–1978) hafi allir brotið einhvers konar lögreglusamþykkt bæjarfélagsins, þar sem þeir áttu allir að greiða sekt í bæjarsjóð Akureyrar.

⁹⁵ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936*, bls. 278–279.

⁹⁶ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.55, Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1918–1921, bls. 371–372.

Athyglisvert er hversu litla áherslu bæjarfógeti leggur á röksemdafærslur til styrkingar úrskurði sínum og því virðist sem allir málsaðilar hafi verið sáttir við sínar sektir. Ekki virðist sem tveir hinir fyrrnefndu hafi aftur komist í kast við lögin, en Jakob V. Björnsson Olsen var a.m.k. tvisvar í viðbót ákærður fyrir ölvun og óspektir.⁹⁷

14. Fimmtarstefnuþing

Fimmtarstefnuþing var þingtegund þar sem aðila var stefnt til sýslumanns með fimm daga fyrirvara. Fimmtarstefnur eru þekktar allt frá Jónsbók og er þeirra getið í kafla um mannhelgi, í búnaðarbálki og í rekaþætti. Þannig gátu fimmtarstefnur átt við í mannvígsmálum, skuldamálum á landleigu, eignarrétti á hvalreka og veiði í vötnum og ám.⁹⁸ Algengast var þó að til fimmtarstefnuþinga væri boðað vegna jarðamála, enda voru fimmtarstefnur lagðar á við lögfestur landeigenda um landamerki eða ítök jarða, skv. 26. kafla búnaðarbálks Jónsbókar.⁹⁹

Í 52. kafla búnaðarbálks um afrétti og almenninga kemur fram að fimmtarstefnum skyldi fresta, ef fimmta dag bæri upp á helgan dag.¹⁰⁰ Þrátt fyrir það hefur varðveist úrskurður um að fimmtarstefna um Dalsskóg í Eyjafirði frá 1401 hafi verið lögleg, þó svo að hún hafi átt sér stað á lönguföstunni.¹⁰¹ Þá virðist, skv. alþingisúrskurði frá 1669, sem málsaðilar hafi verið skyldir að koma á þrætuplássið fyrir miðjan dag.¹⁰²

Dæmi um fimmtarstefnuþing: Skag.V.2. Dóma- og þingbók Jens Spendrups 1724–1735, bls. 82r–87v.

Anno 1727. þann 12. Augusti ad Glaumbæ á Lánghollte, mætte Syslumadurenn Jens Madtson Spendrúp. og hans med honum tilkallader Sex dánemann nefnelega M^r Jón Magnússon, Lögregtumennerner Þorsteirn Steingrimsson, Arngrimur Thomasson, Olafur Þorlaksson, Jtem Magnús Skafftason, og Thomas Þorvalldsson. Var svo ad settu fimtarstefnu þinge 1^o= Upplesenn begiering prestsins S^r Grimólfs Illugason^r til Syslumannsens Jens Madtsonar Spendrúp ad hann villde gefa sier til vitundar vissann dag, á hverium hann mætte þessa fimtarstefnu Sök setia. Og er þetta bref Daterad ad Glaumbæ þann 4. Augusti yfer standande árs, hvar uppá Syslumadurenn permitterar

⁹⁷ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 10. mars 1920, Db.gr.nr. 18.140 og 1. nóvember 1921, Db.gr.nr. 5.208.

⁹⁸ Jónsbók, bls. 107, 159, 193–196 og 201.

⁹⁹ Jónsbók, bls. 175–176.

¹⁰⁰ Jónsbók, bls. 194.

¹⁰¹ *D l.*, III., bls. 661–664 og 668. (Dómur um Dalsskóg í Eyjafirði, 1401 og úrskurður um löglega fimmtarstefnu vegna Dalsskógs, 1401).

¹⁰² *Alþingisbækur Íslands*, VII., bls. 152.

þann 5. hujus, ad presturenn meije stefna til þessa dags, sem er sá tólfte þessa Augusti mánadar. Var þetta bref upplest fyrir Retti, og infærest Lit.A.

2^o Stefna prestsens S^r Grimólfs Illugasonar, til Rádmanssens Mons^e Þorgeirs Jónssonar á þennann Stad og dag, ad hann her forsvare ad Jördenn Marbæle eige það land á Eyum, sem Marbælis menn tileigna sier til brúkunar innann þessara takmarka ad ráde herads vötn ad austann, diúpukvissl ad Sunnann, og kvissl sú er rennur nærst Láng hollte ad vestann, Enn til nordurs ráde sá landamerkiagardur sem geingur Austann frá heradsvötnum rettsynis til vesturs millum húsabacka, og Selvinda og ad hann hafe her til reidu, allar þær ástædur sem Jördenne Marbæle meige til bata koma i sögdu mále svo endelegur Lagavegur meige á þetta mál gánga. Stefnann daterud ad Hoolum i Hialltadal, þann Sietta Augusti A^o 1727, med underskrifudu prestzens nafne. Uppá stefnuna hafa skrifad Jón Gunnarsson og Bjarne Arngrimsson, ad S^e Grimolfur Illugason hafe lesed þessa Mon^e Þorgeire Jónssyne Hólástadar Rádsmanne áheyrande, og vidverande á heimile hans Hólum i Hialltadal, á sama áre og deige, sem ofannskrifud Stefna daterud er, og Jnnfærest Lit.B. Og þar Rádsmaðurenn Mons^e Þorgeir Jónsson vill ecke liúflega medkenna Stefnuna sier birta, helldur vill ad hún med Eyde stadfestest, þá er Syslumanssens, med tilkalladra Dómsmanna fullkomenne álykt ad Jon gunnarsson og Bjarne Arngrimsson eige her nu strax i stad, med Eyde stadfesta sina uppáskriffit á Stefnunne, einkum þar Rádsmaðurenn Játar siálfur hier fyrir Rette ad mennerner sieu báder frámer og Erleger, þetta er bygt á Norsku laga 1^{stu} Bókar Cap.4. Art.3. ...

... Ad so komnu frammlagde S^e Grimolfur lögfestu sina lesna á Seilu þinge 23^{ia} Juny 1727, med Rettarens uppáskriffit, Landamerke þari tilnefnd bygger Presturenn uppá Elldre Document hvar öll Jnnfærest Lit. F^o. 2^{da} Fiórar Lögfestur Sál^a S^r Eigils Sigfússonar Ein þeirra af dato. 4.d. July 1723, önnur 15. Juny 1704, þridia Anno 1699. – 6. Augusti, fiórda 1696, 20.May, i Sier hvörre af þessum þremur trú Landamerke tiltekenn þesse ad réde heradsvötn ad Austann, Diúpukvissl, ad Sunnann, og ad vestann i ádurnefnda kvissl, sem nærst rennur Langhollte, enn ad Nordann ráde sá Landamerkiagardur sem geingur austann frá heradsvötnum i millum Húsabacka og Selvinda, Enn ein þeirra tiltekur ecke Landamerken.¹⁰³

¹⁰³ ÞÍ: Sýsl., Skag.V.02., Dóma- og þingbók Jens Spendrup 1724–1735, bls. 82r–83r, 85r–85v.

Notkunarmöguleikar:

Notkunarmöguleikar fimmtarstefnuþinga fara algjörlega eftir málsatvikum sem stefnt er fyrir, en algengast er að um jarðamál sé að ræða. Því er fimmtarstefnuþing að mörgu leyti svipað og áreiðarþing, nema þá fer þinghaldið ekki endilega fram á þrætustaðnum. Vitnisburðir þinghaldsins eru þó um margt líkir áreiðarþingum og öðrum þingtegundum sem taka á jarðamálum, þ.e. ítarlegar lýsingar á landsvæðum, landamerkjum og vísanir í önnur málskjöl.

Í ofangreindu dæmi krefst sr. Grímólfur Illugason (1697–1784) í Glaumbæ dóms sýslumanns um landsvæði sem hann telur bændur á Marbæli nota í óleyfi og leggur fram lögfestur. Við réttarhaldið er landsvæðinu lýst nokkuð ítarlega og ennfremur gömlum vitnisburðum um landnotkun á svæðinu, auk þess sem vísað er nákvæmlega í norsku lögin frá 1687, sem þó voru í raun aldrei lögleidd í heild sinni á Íslandi.¹⁰⁴ Sr. Grímólfur lét lögfesta land Glaumbæjar nokkrum sinnum í embættistíð sinni, þ.e. frá 1725 til dauðadags.¹⁰⁵

15. Fógetaréttur, fógetadómur, fógetaályktun

Fógetarétt svipar bæði til skiptaréttar og uppboðsréttar, nema við fógetarétt fara fram aðfarargerðir og bráðabirgðagerðir. Allir þessir þrjú réttir gætu í sameiningu kallast aðfarardómstólar. Fógetaréttur fer bæði með bráðabirgðagerðir (þ.e. löghald, kyrrsetningu og lögbann), skv. lögum um kyrrsetningu og lögbann, löggeymslu, fjárnám og aðra aðför skv. aðfararlögum, lögtök skv. lögtakslögum og loks beinar fógetagjörðir (útburðar- og innsetningargjörðir) skv. réttarvenju. Athuga skal að „gerðir“ fógeta-, uppboðs- og skiptaréttar nefnast að réttu lagi gjörð. „Gerð“ er notað um sátt, t.d. um gerðardóm, sem er úrlausnaraðili á grundvelli sáttar eða samkomulags.

Undanfara fógetaréttar er að finna bæði í Jónsbók og réttarbót Hákonar Magnússonar frá 1314, þar sem sýslumanni var heimilt að gera aðför að góssi manna vegna dómrofs eða vanskila á skuldum.¹⁰⁶ Fógetaréttir eru þó ekki færðir í dóma- og þingbækur fyrr en eftir aldamótin 1800 og eru þá frekar fátíðir.¹⁰⁷ Þeir voru frekar færðir í þar til gerðar

¹⁰⁴ Sjá, *Kong Christian den Femtes Norske lov af 15de april 1687* (Kristiania 1904); Einnig, Páll Sigurðsson: „Nokkur orð um Norsku og Dönsku lög Kristjáns V. og innleiðingu þeirra á Íslandi“, í *Brot úr réttarsögu* (Reykjavík 1971), bls. 164–196.

¹⁰⁵ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 13. maí 1752, Db.gr.nr. 34.932 og 21. apríl 1761, Db.gr.nr. 37.613.

¹⁰⁶ *Jónsbók*, bls. 86 og 317.

¹⁰⁷ Sjá t.d., ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 27. janúar 1812, Db.gr.nr. 9.194.

fógetabækur.¹⁰⁸ Skv. lögum nr. 90/1989 fara sýslumenn og þeirra löglærðu fulltrúar með aðfarargerðir í dag og þar með fógetarétt.¹⁰⁹

Dæmi um fógetarétt: Hún.V.34. Dómsmálabók Húnavatnssýslu 1887–1895, bls. 79v–80r.

Ár 1894, laugardaginn 29. september var fógetarjettur Húnavatnssýslu settur að Botnastöðum í Svartárdal og haldinn af hinum reglulega fógeta, settum sýslumanni Jóh. Jóhannessyni með undirrituðum fógetavottum, var þá tekið fyrir

að framkvæma kyrrsetningargjörð á munum Nikulásar Guðmundssonar til tryggingar fyrir greiðslu á kostnaði þeim, er sakamál það, er að líkindum verður höfðað gegn honum, hefur í för með sjer og Nikulás verður skyldaður til að greiða.

Fógetinn lætur þess getið, að Nikulás Guðmundsson sæji sig hjer til heimilis síðan hann gekk úr vist á Eldjárnsstöðum síðastliðið vor. Fyrir rjettinum mætti Halldór bn. Guðmundsson, albróðir Nikulásar og skoraði fógetinn alvarlega á hann að vísa á muni lifandi eða dauða, er Nikulás ætti og kyrrsettir yrðu í þessu skyni. Halldór bóndi neitaði því að Nikulás ætti nokkurn skapaðan hlut, lifandi eða dauðan þar á Botnastöðum og kveðst eigi vita til að Nikulás ætti nokkurn skapaðan hlut nokkursstaðar nema fatagarma þá, er hann væri í. Jóhann hreppstjóri Sigvaldason í Mjóadal, um var viðstaddur rjettarhald þetta, gat þess, að honum væri kunnugt um, að skýrzla Halldórs væri rjett og sagðist eigi vita til þess að Nikulás ætti nokkurn hlut nokkursstaðar.

Upplesið, játað rjett bókað.

Kyrrsetningargjörðinni lokið, rjetti slitið.

Björn G. Blöndal, Jóh. Fr. Sigvaldsson

Jóh. Jóhannesson, settur.¹¹⁰

Notkunarmöguleikar:

Við fógetarétt er helst að finna upplýsingar um eignarhald einstaklinga, þ.e. gerðarþola er fjárnám er gert hjá eða kyrrsetning eigna. Þannig er næsta öruggt að aðförin sé eftirmáli lengri málaferla, gjarnan skuldamála.

Skv. dæminu hér að ofan er Nikulás Guðmundsson (1839–?) mjög eignalítill, en bróðir hans, Halldór Guðmundsson (1844–1898), virðist a.m.k. ekkert hafa til að hylma yfir. Þá er athyglisvert að kyrrsetningargjörðin eigi að höfðast vegna máls sem „að líkindum verður

¹⁰⁸ Sjá t.d., ÞÍ: Sýsl., Hún.VII.1–3., Fógetabækur Húnavatnssýslu 1823–1939.

¹⁰⁹ *Stjórnartíðindi 1989. A-deild*, bls. 426–448.

¹¹⁰ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.34., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1887–1895, bls. 79v–80r.

höfðað gegn“ Nikulási. Nikulás hafði verið fundinn sekur um þjófnað ríflega tvítugur og þá var hann látinn sæta heilbrigðisrannsókn í öðru þjófnaðarmáli. Mál þetta sem sýslumaður telur að líklega verði höfðað gegn Nikulási, er vegna þjófnaðar á hesti og á brennivínsflösku af Árna Frímanni Ármannssyni (1861–1918), sem kallaður var Árni „gersemi“. Þar bar Nikulás við stöðugu minnisleysi í fjóra mánuði. Árni „gersemi“ var einnig nokkrum sinnum fundinn sekur um þjófnað og önnur brot.¹¹¹

16. Gestaréttur

Gestaréttur var dómstóll í einkamálum og hraðvirk meðferð dómsmála, en meginskilyrði fyrir gestaréttarmeðferð var að a.m.k. annar eða einn málsaðila væri utanhéraðsmaður eða þyrfti að þola dóm utan heimilisþinghár sinnar. Gjarnan var notuð sama þingbók fyrir aukapring og gestarétt, þ.e. auka- og gestaréttarbók. Á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. var algengt að skuldamál vegna verslunarskulda einstaklinga við kaupmenn kæmu fyrir gestarétt.

Gestaréttur var skipaður árið 1738, þá fyrst til að dæma í málum milli þingsóknarmanna á Alþingi.¹¹² Þó virðast gestaréttir hafa verið þekktir þegar kom að málum strandaðra skipa allt aftur til 1705.¹¹³ Gestaréttur var afnuminn með lögum um meðferð einkamála nr. 85/1936 og tók þá bæjarþing við störfum hans.¹¹⁴

Dæmi um gestarétt: Hún.V.27. Dómsmálabók Húnavatnssýslu 1869–1871, bls. 243–245.

Ár 1870 föstudaginn þann 23 septembermánaðar var af sýslumanninum í Húnavatnssýslu með undirskrifuðum vottum gjestarjettur settur og haldinn að Bólstaðarhlíð, hvar þá var fyrir tekið málið

húsmaður Sigurður Guðmundsson frá Bústhúsum í Gullbringusýslu gegn Jósafat bónda Sigvaldasyni á Gili í Svartárdal.

Sækjandinn mætti og lýsti yfir óánægju sinni yfir því að hann vantaði sumarkaup sonar síns Jóns fyrir sumarið 1869 og meinti hann að sumarkaup þetta eftir því sem orð hefðu farið á milli sín og Sgr Jósafats mundi nema hjerum bil 16th dölum. Sömuleiðis mætti góðfúslega nefndur Jósafat bóndi og óskaði að vitni yrðu leidd í málinu nfl. Björn

¹¹¹ Um Nikulás Guðmundsson, sjá t.d., *ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950*, 19. desember 1864, Db.gr.nr. 60.463, 18. júlí 1873, Db.gr.nr. 63.898 og 29. júlí 1889, Db.gr.nr. 59.246. Um Árna Frímann Árnason, sjá t.d., *ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950*, 19. febrúar 1887, Db.gr.nr. 58.525 og 2. október 1889, Db.gr.nr. 59.250.

¹¹² *Lovsamling for Island*, II, bls. 293–294. (Konungsbréf 24. janúar 1738, til stiftamtmannsins Henrik Ocksen um dómsvald á Alþingi).

¹¹³ *Lovsamling for Island*, I, bls. 620. (Tilskipun 21. mars. 1705, um strönduð skip).

¹¹⁴ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 226–229, 236–238 og 279.

Halldórsson bóndi á Hlíðarseli og kona hans Salina Jónsdóttir, sem bæði eru mætt, og var þá innkallaður fyrir rjetti nefndur Björn og eftirvenjulegum áminningum um sannsögli var honum eftir beidni verjandans fyrir lögð sú spurning hvornig nefndur Jón Sigurðsson hefði leist af hendi smalamennsku fyrir húsbóndanum Jósafat sumarið 1869 hvar til vitnið svarar að hann hefði reinst mjög lítilfjörlegur til smalamennsku, því oft hefði vantað hjá honum og aðrir þurft að ganga frá verki til að leita og sje þó smalamennska ekki örðug en að öðru leiti hefði dreingurinn reynst, það hann til vissi, trú og þægur ...

... Svo framlagði sækjandi einnig 2^{vo} vitnisburði um hvaða kaup nefnur sonur hans hefði fengið sumarid 1870, en sumarid 1868 hefði hann verid hjá bóndanum Mars Marssyni á Grjótgardi í Eyjafjarðarsyslu og fengid 2 skildinga um daginn.

Verjandinn mótmælti þessum vitnisburðarsedlum sem óeiffestum.

Málinu verður þannig að fresta, og eftir að hid bókada var upplesid var rjetti uppsagt.

Christiansson, Stephán Stephensen, Mbrynjólfsson. Sigurður Guðmundsson, J.Sigvaldason.¹¹⁵

Notkunarmöguleikar:

Vitnisburðir í gestaréttum greina einkum frá skuldamálum milli einstaklinga, sér í lagi á síðari hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. Þannig koma fyrir mörg mál er varða verslunarskuldir og ekki var óalgennt að kaupmenn hafi stefnt nokkrum aðilum á einu þingi vegna skulda við sína verslun. Vitnisburðir um verslunarskuldir á gestarétti eru oft einsleitir og ekki mjög ítarlegir, en meginupplýsingarnar felast í nöfnum málsaðila, skuldaupphæðum og þá er nær alltaf getið málsskjala, þó innihald þeirra sé ekki tíundað frekar. Í dóma- og þingbókunum er gestaréttur því oft ekki meira en staðfesting á að þinghald hafi farið fram, sem síðan geyma ítarlegri upplýsingar í málsskjölum.

Málsatvikið um vangoldin laun smaladrengsins Jóns Sigurðssonar er algengt í svokölluðum hjúamálum, þar sem vinnuhjú sækir bónda vegna vangoldinna launa eða bóndi sækir vinnuhjú fyrir rof á vistarráði. Hins vegar er ekki algengt að foreldrar eða forráðamenn stefni bónda vegna vangoldinna launa barna sinna í vinnu. Mál Sigurðar frá Bústhúsum og Jósafats Sigvaldasonar (1828–1921) endaði þó með sáttum þeirra á milli.¹¹⁶

¹¹⁵ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.27., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1869–1871, bls. 243–245.

¹¹⁶ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 28. ágúst 1871, Db.gr.nr. 64.606.

17. Haustframtalsþing, hausthreppaskilafing

Haustframtalsþing eru afsprengi hreppstjórnarþinga (sjá síðar) og eru einnig nefnd hausthreppaskilafing. Á þess háttar þingum skyldu bændur koma til að greina frá tíundar- eða skattbærum eignum sínum. Þannig mættu bændur til haustframtalsþinga þar sem framtal á sauðfé fór fram.

Fyrirrennari framtalsþinganna, hreppstjórnarþingin, eiga upphaf sitt að rekja allt aftur til framfærslubálks Jónsbókar, þar sem það átti að vera reglulega haldið sem eitt af hinum lögbundnu þingum.¹¹⁷ Eiginleikar haustframtalsþinga birtust hins vegar fyrst í reglugerð um tíundir árið 1782 og enn fremur í hreppstjóratilskipuninni 1809.¹¹⁸

Dæmi um haustframtalsþing: Eyj.IV.B.50. Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1915–1918, bls. 82.

Ár 1915 miðvikudaginn þann 27. okt. var haustframtalsþing Akureyrarkaupstaðar sett samkvæmt uppfestri auglýsingu í bæjarstjórnarfundarsalnum á Akureyri kl. 12 á hádegi og haldið af bæjarfógeta Páli Einarssyni með vottum Dúa Benediktssyni og Kristjáni Nikulássyni.

Auk vottanna var mættur Geirmundur Kristjánsson og telur fram fyrir sjálfan sig 5 ær leigufærar – og fyrir Maríu Geirsdóttur 2 ær leigufærar og 3 gemlingar vanhöld 1 ær.

Fleiri mættu ekki á þinginu og var því þessvegna slitið.

Páll Einarsson

Vottar: Due Benediktsson, Kristján Nikulásson.

Notkunarmöguleikar:

Vitnisburðir haustframtalsþinga birtast nær eingöngu í framtali á sauðfjáreign. Tengd gögn þessum þingtegundum mætti helst finna í lagasetningum um hreppstjóra, tíundarreikningum, hreppareikningum o.s.frv. Haustframtalsþing eru mjög fátíð í dóma- og þingbókum sýslumanna og í reynd eru aðeins þrjú talsins færð inn í dóma- og þingbækur Eyjafjarðarsýslu. Við tvö þeirra mætti enginn, en við hið þriðja, sem ofangreint dæmi, mætti Geirmundur

¹¹⁷ *Jónsbók*, bls. 148–149. Hin þrjú þingin voru manntalsþing, manndrápsþing og þing þar sem konungsbréf skyldu vera upplestin. Konungsbréf voru jafnan upplestin á leiðarþingum, en einnig á manntalsþingum.

¹¹⁸ *Lovsamling for Island*, IV, bls. 665–666. (Reglugerð 17. júlí 1782, um tekjur presta og kirkna); *Lovsamling for Island*, VII, bls. 312–313. (Tilskipun 24. nóvember 1809, fyrir hreppstjóra á Íslandi).

Kristjánsson (1878–1923) og taldi fram sauðfjáreign sína og móðursystur sinnar, Maríu Geirsdóttur (1855–?).¹¹⁹

18. Héraðsþing, héraðsréttur

Héraðsþing virðast hafa verið almenn réttarhöld, sem gátu ýmist sinnt almennum héraðsstörfum eða dómstörfum. Þannig skarast hlutverk héraðsþinga oft á við hlutverk aukaréttar, lögregluþings og annars konar þinga sem tóku fyrir afbrotamál. Héraðsþing eru því einhvers konar undanfarar áður nefndra þinga. Til marks um þetta voru aukaðsþing fyrst nefnd „extraordinair“ héraðsþing í dóma- og þingbókum sýslumanna, auk þess að í mörgum tilvikum héraðsrétt á 19. öld er talað um aukahéraðsrétt við rannsóknir á afbrotum.¹²⁰ Héraðsþing áttu aðeins við ákveðið hérað, þ.e.a.s. hugsanlega stærri einingar en hreppstjórnarþingin tóku til.

Skv. Jónsbók átti að lýsa kaupmálum og óskilafé á héraðsþingum, auk þess að menn gátu stefnt brotamönnum til héraðsþinga.¹²¹ Ekki er að sjá að hlutverk sýslumanna sé skilgreint sérstaklega í Jónsbók í tengslum við héraðsþing, þó það hafi eflaust fallið í þeirra verkahring að halda héraðsþing í sínum umdæmum. Í dómabókagrunni sýslumanna eru héraðsþing langalgengust á 18. öld, en í flestum tilfellum þegar héraðsþing eru færð inn í þingbækur 19. aldar, þá er um extra-héraðsrétt að ræða, þó einnig hafi í örfá skipti verið haldinn héraðs- og gestaréttur um skuldamál.¹²²

Dæmi um héraðsrétt: Hún.V.8. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1770–1781, bls. 177–188.

Anno 1775 þann 23 Maji ad settu heradsþinge ä Þorkelshöle af Sysslumannenum i Hunavats Sysslu Magnuse Gislasyne voru til þingvitnes og sierhverrar tilfallande Rettarens þenustu nefnder effterskrifader Menn er sýn Nöfn hier sýdann underskrifa i einu Mälefne millum Haldors Biörnssonar og M^E Arngrims Jonssonar, framför so fyrer Rettenum sem filger ...

¹¹⁹ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 27. október 1915, Db.gr.nr. 19.316, 2. nóvember 1918, Db.gr.nr. 17.472 og 31. október 1919, Db.gr.nr. 17.985.

¹²⁰ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.04., Dóma- og þingbók Bjarna Halldórssonar 1731–1741, 1745–1746, bls. 321; ÞÍ: Sýsl., Hún.V.30.a., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1874–1876, bls. 54v, 71r, 75v.

¹²¹ Jónsbók, bls. 155–156, 186 og 192.

¹²² Um extra-héraðsrétt, sjá t.d., ÞÍ: Sýsl., Mýr.IV.06., Dóma- og þingbók Mýrasýslu 1856–1861, bls. 154 og ÞÍ: Sýsl., Hún.V.21., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1837–1842, bls. 696; Um héraðs- og gestarétt, sjá, ÞÍ: Sýsl., Hún.V.23., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855, bls. 165, 173, 179, 195, 198 og 217.

... Frammlagde M^E Arngrímur Jonsson effterfilgiande Spursmäl til þeirra, af hönum innstefndu vitna sem ordriett soleides innfærast 1^o hvörnenn hefur Haldor Biörnsson hegdad sier ad undannförnu i Widedal til orda og giörda vid fölk, og hvern vitnesburd vilier þier hönumm gefa? 2^o hvörnenn breitte hann vid husbónða sinn ä Audunnarstada Kote Wigfus Säl:? 3^o giörde Haldor eingenn Sträkapör af sier ädurenn hann siglde so þid hafed til vitad edur heýrdt? 4^o talade Haldor nockud lostlegt til mýn konu minnar eda heima fölks ä Störu-Asgeirsä? 5¹⁰ hvörnenn hegdade Haldor Biörnsson hier i vetur ä Störu Asgeirsä til orda og athafna? 6^o lostade hann ei i ordum mig edur annad folk þar? 7^o hafde hann ei Jllskulegt vídmöt vid mig i vetur, og fordadest hann mig ecke? 8^o Viti þier hann hafe dreiged sig effter konu minne ä nockurn ösamelegann edur forþrickiannlegann hatt? 9^o s vissu þier hann sitia umm ad tala vid hana og hlaupa effter henne? 10^o bar Haldor þad ecke uppä mig ad eg rygtade konu mýna af sier, edur þar þad satt ad Jeg þad giörde? 11^o vissu þier ecke til ä Haldors atlotum, ad hann munde vilia spilla mille mýn og konu minnar? Gudrun Grimsdotter fyrer Rettenn innköllud svarar til hier ad framann innfædra Spursmäla Num: 5 miög öskickannlega, hann sat med höfud klæde under lestre guds orda ä einum helgum degie þad vitned mune fyrer viist, og þä hann frá kyrkiu komed hafe ä nærstlidid Jóladags kveld hafe hann sagt ad vitned væri Andenn, enn hitt fölked væru Sýner underdänar. Til Num: 6. svarar hun, ad Haldor hafe sagt, umm M^E Arngrim ad vit hanss lendte i Rasse þvj hann læge under i hvöriu Mále ... Til Num 8,9 svarar hun Já, og þä kona M^E Arngrims hafe leingur vered i husenu hiä hönum i annann Tyma enn annan, segest vitned hafa sied ä Haldore Reidesvip vid hana, og ad hann hafe viliad tæla hana frá Manne sýnumm i þann mäta, ad hann hafe sökt effter ad tala vid hana og sitia hiä henne Kvöld og Morgna, og hlaupa effter henne nær hun för frá manne sýnum ...

2^o Gudmundur Einarsson fyrer Rettenn innkalladur og effterspurdur ad sömu Spursmalum, sem undangängande vitne, svarar til þeirra Num: 1. Svar: eckert. Til Num: 2. veit eckert ... Til Num: 4. Svar: ad Haldor hafe sagt ad vit M^E Arngrims være i Rasse, og þä hann læse husslestur være þad eins og týste edur marrade i MúsarRasse, enn vitned seiger ad Mr Arngrimur hafe lesed skjört og skiliannlega.¹²³

¹²³ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.08., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1770–1781, bls. 177, 180–182.

Notkunarmöguleikar:

Líkt og með aukarétt, lögregluþing og önnur svipuð réttarhöld, þá er vitnisburður héraðsþinga háður hverju tilviki fyrir sig. Málsatvik geta þó í mörgum tilvikum verið ítarleg, sérstaklega ef vitnaleiðslur eiga sér stað. Bersýnilegt er að aukaréttur og héraðsþing tengjast, bæði með orðanotkun í dóma- og þingbókum sýslumanna á 18. og 19. – þar sem þingin eru ýmist nefnd aukahéraðsréttir, extrahéraðsþing eða „extraordinair“ héraðsþing – og einnig með málstegundum, þ.e. ýmsum alvarlegri brotum. Héraðsþing gátu þó náð yfir mun víðara svið og fleiri málstegundir en aukaréttir, s.s. skuldamál, hjúskaparmál og landamerkjámál.¹²⁴

Í ofangreindu dæmi hefur Arngrímur Jónsson stefnt Halldóri Björnssyni fyrir meiðyrði og fyrir að reyna tæla konu sína, Guðrúnu Pálsdóttur, frá sér. Tilgreindar eru nákvæmar spurningar til vitna, sem síðan svara eitt af öðru. Halldóri var ennfremur stefnt til þings vegna ummæla um annan mann, er hann kallaði hörkuþjóf, og fyrir meint helgidagabrot. Málið kom aftur inn á borð sýslumanns á manntalsþingi ári síðar, þar sem Halldór eiðfesti framburð um að hafa aldrei reynt að tæla Guðrúnu frá Arngrími.¹²⁵

19. Hreppstjórnarþing

Hreppstjórnarþing gegndi í megingiltvikum sömu hlutverkum og manntalsþing og þriggja hreppa þing til að byrja með, en hélt þó einkum utan um tíundarfærslur og aðrar embættisskyldur hreppstjóra, s.s. niðursetu og framfærslu ómaga. Skv. Jónsbók virðast hreppstjórnarþing ennfremur hafa gegnt sama hlutverki og leiðarþing, þ.e. verið einskonar haustþing er greindi frá málefnum Alþingis.¹²⁶ Á hreppstjórnarþingum voru því jafnan kynnt ný lagaboð eða tilskipanir fyrir viðkomandi hrepp, en einnig fór fram framtal á sauðfé, auk þess að málefni ómaga voru oft til ákvörðunar á hreppstjórnarþingum.

Hreppstjórnarþinga er fyrst getið í Jónsbók, en í lok 18. aldar fara hlutverk hreppstjóra í sambandi við tíundir að verða skilvirkari, sem síðan er fylgt eftir með ítarlegri hreppstjórtilskipun árið 1809.¹²⁷

¹²⁴ Sjá, ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 11. september 1807, Db.gr.nr. 50.172, 9. desember 1912, Db.gr.nr. 50.845, 14. júní 1763, Db.gr.nr. 40.556.

¹²⁵ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 29. maí 1776, Db.gr.nr. 57.375.

¹²⁶ Jónsbók, bls. 147–148.

¹²⁷ Jónsbók, bls. 148–149; *Lovsamling for Island*, IV, 665–666. (Reglugerð 17. júlí 1782, um tekjur presta og kirkna á Íslandi); *Lovsamling for Island*, VII., bls. 312–313. (Tilskipun 24. nóvember 1809, fyrir hreppstjóra á Íslandi).

Dæmi um hreppstjórnarþing: Eyj.IV.B.10. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu, án bls.tals.

Anno 1794 þann 20^{da} October innfann sig fyrer hreppstjórnar Rettenumm ad Hrafnagile, Syslumadurinn John Jacobsson, og giörde filgianet Erklæringar, 1^o Fataekumm til hreppsins betalast f' efterkomanet ár 1^{da}. 2^{da} Declarerade Syslumadurinn, ad hann hefet kallad f' hreppstióra, j Stad mr. Einars á Mödrufelle og Sigurdar á Grund, efterleides, Dánumennina Sigurd Haldorsson á Gilsbacka, og Grim Jvarsson á Vidirgerde, nema Reppstiórumm, med Sóknarprests Ráde, og mr: Gisla á Kroppe, sinist betre menn faanleiger þar til i Reppnumm. 3^{tia} tilseigir Syslumadurinn öllum vidkomendum ad halda sier þær kónglegu Forordningar sovel umm Tíundargiördina, af þeirra eigenn Fin, sem hiúanna, reglulega efter vottannlegar, under það Straff, sem hrl. amtmadurinn hefur til kinna gefid eftir Cancelliets ordre. og ut skal yfer haldast. 4^o beidist Sýsslumadurenn, ad ecke sie beitt og brúkad land hans, frá Merkegilsbacka til Finnastada ár, leifieslaust, sosem verid hef^r ad undannföru, hier undann úr Hrafnagils Repp, ad þackarlausu. – til krafftar og Stadfestu – ut Supra.

J.Jacobsen.

Gisle Hallgrímsson, S.Olafsson, Jon Magnusson, Einar Jonsson.

Notkunarmöguleikar:

Hreppstjórnarþing greina fyrst og fremst frá málefnum viðkomandi hrepps. Þannig geta vitnisburðir þinghaldsins birst í eignaframtali á tíundarbæru fé, nöfnum og ákvörðunum um ómaga eða opinberum tilkynningum. Hreppstjórnarþing gegna því að vissu leyti sömu hlutverkum og manntalsþing og leiðarþing fyrir viðkomandi hreppa.

Ofangreint tilvik greinir frá opinberri tilkynningu um framlag til fátækra í hreppnum, auk þess sem almúginn er áminntur um að fylgja tíundartilskipun. Þá eru nýir hreppstjórar nefndir. Þingið er ritað með dæmigerðri fljótaskrift, þar sem stórir stafir birtast fremst í ýmsum nafnorðum í miðjum setningum. Þá er einkennandi fyrir hreppaþing þessa tíma hvernig aðilar eru auðkenndir, sbr. Gísli á Kroppi.

20. Justitsréttur, extra-justitsréttur

Justitsréttur er í raun annað nafn yfir aukarétt og gegnir nákvæmlega sama hlutverki, þ.e. fyrirtöku á alvarlegri brotamálum. Justitsréttir eru ekki algengir í dóma- og þingbókum.

Þannig kemur heitið aðeins sex sinnum fyrir í dóma- og þingbókum Húnavatnssýslu, en aldrei í þingbókum Skagafjarðar- eða Eyjafjarðarsýslna. Í þessum sex tilvikum eru tekin fyrir þrjú mismunandi mál, þ.e. þjófnaðarmál Jóns Vigfússonar (1792–1872), barneignarmál Sveins Sveinssonar á Syðri-Löngumýri í Húnavatnssýslu og hið svokallaða „beinamál“, sem neðangreint dæmi greinir frá. Tvö þessara mála, þ.e. þjófnaðarmál Jóns og „beinamálið“ komu síðar til kasta Landsyfirréttarins og var þeim aftur vísað í hérað, þar til úrskurðað var aftur í þeim fyrir Landsyfirrétti árið 1814, 1819 og 1820.¹²⁸

Ekki er ljóst með uppruna justitsréttar og svo virðist sem justitsréttur sé einfaldlega annað nafn yfir aukarétt, sem aðeins hafi verið notað í upphafi 19. aldar. Þá eru ennfremur augljós tengsl með orðanotkun, líkt og héraðsþing og aukaréttur tengjast. M.ö.o. þá voru justitsréttir einnig nefndir extra-justitsréttir.¹²⁹

Dæmi um justitsrétt: Hún.14. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1818–1819, bls. 37–46.

Anno 1818 þann 21^{la} Apr. setti Sysslumadr Jón Jónsson einn Justits-rétt á Hjalltabacka í svonefndu Beinamáli, með undirskrifudum lögteknum þingsvitnum. Þar adur hindrudu Sjúkdómsforföll Sýsslumannsins ad ei vard þángad þann tiltekna Dag, nefnil^a 26 Martii, Rétturinn med fleirum vidstöddum yfirskodadi ádur það Pláts hvar Beinín legid höfdu, ad ádur adgjættu því Plátsi hvar Skipid strandad hafdi Haustid 1802 og var álitid, ad milli þessa Pláts hvar Skipid lá strandad og þess hvar Beinín fundust, mundi vera hérum ½ mílu. En Plátsid hvar Beinín legid höfðu var mælt að væri 30 Fadma frá því sem Sjóir geck lengst á Land nærstlidid Haust, og var þá einhvör hin mesti Sjóargángur. Plátsid náqvæmlega skodad vyrdist svo ásigkomid ad hvörki Sjóirinn, né Áinn Blanda géti þángad nád. Þad Pláts hvar Beinín láu er fyrir utan það sem háu Backarnir enda undir hvörjum fært er þángad ad komast med Sjó í Skjóli fyrir Sunnann att af Mishæd nockurri, enn Steinaröd hladin ad, ad nordanverdu. Og vyrdtist sem utan ad Beinunum hefdi verid vorpid svo nær sem á Jafnsléttu, því ólíklegt sýnist ad þar hafi blásid mikid upp utan náttúrlega á milli steinanna, því þar er stórgrýti mikid, og hér og hvar litla Grastór á milli. Þessu nærst var frammlögð Obductions Forrettí. af 26^{ta} Martii nærstl. frá Chirugus A. Aresen hvör af Sysslumanninum hafdi verid tilqvaddr ad mæta á Hjalltabacka nefndan Dag til ad gjöra þvílíka Obductions Forréttíngu.¹³⁰

¹²⁸ Um mál Jóns, sjá, *Landsyfirréttdómar og hæstaréttdómar í íslenskum málum 1802–1873*, I., bls. 430–432 og 452–460; Um „beinamálið“, sjá tilvísun 128.

¹²⁹ Sjá, *ÞÍ: Sýsl., Hún.V.13.*, Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1812–1818, bls. 119.

¹³⁰ *ÞÍ: Sýsl., Hún.V.14.*, Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1818–1819, bls. 37–38.

Notkunarmöguleikar:

Vitnisburðir málsatvika við justitsrétti eru óteljandi, en yfirleitt er um meiriháttar brotamál að ræða og því er líklegt að rannsókn, vitnaleiðslur og lýsing á staðhættum séu ítarleg.

Dæmið hér að ofan er hluti af einu af fjölmörgum réttarhöldum er fóru fram vegna rannsóknar á hinu svokallaða beinamáli, þar sem mannabein höfðu fundist árið 1817 á Hjaltabakkasandi í Húnavatnssýslu og voru þau talin vera af Knut Herlöv Petersen, skipstjóra á *Hákarlinum* sem strandaði á sandinum 1802. Fjöldi aukaréttu voru haldnir til rannsóknar á málinu, þar sem Þorvaldur Jónsson (1774–1860) og Eggert Rafnsson (1767–?) voru grunaðir um að hafa myrt skipstjórnann og stolið fjármunum hans. Þeir voru báðir sýknaðir af morðákærinni, en Þorvaldur hlaut þó dóm fyrir ókristileg orð og illa meðferð á heimilisfólki sínu. Eggert var hins vegar fundinn sekur um þjófnað og voru þeir báðir dæmdir til þrælkunarvinnu í Kaupmannahöfn.¹³¹

21. Landamerkjadómur, merkjadómur

Landamerkjadómar fjalla yfirleitt um landamerki jarða, en eru í reynd dómar í fasteignamálum. Þannig geta landamerkjadómar verið þrenns konar: Landamerkjadómur, sem fjallar um ágreining um landamerki eða ítak jarða, vettvangsdómur, sem fjallar um ágreining um ítök og merkjadómur, sem fjallaði um ágreining um lóðamerki. Við landamerkjadóm voru skipaðir fjórir menn í dóminn, þar sem hvor málsaðili mátti ryðja einum úr dómi. Einnig eru til dæmi um að átta manns hafi verið skipaðir í dóminn og málsaðilar hafi þá rutt úr tveimur dómendum.

Landamerkjadómar komu til vegna landamerkjalaga nr. 5/1882 og eru enn við lýði, þó ný landamerkjalög hafi verið tekin upp, þ.e. lög nr. 41/1919.¹³²

Dæmi um landamerkjadóm: Eyj.IV.31. Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1884–1890, bls. 220–222.

Ar 1887 þ. 1^½ Juni var landamerkjadómur Eyjafjarðarsýslu settur á ~~Hrauni~~ Auðnum í Yxnadal af sýslumanni S Thorarensen ~~með~~ ásamt með dómsmonnum bændunum Joni Jonssyni, Páli Friðfinnssyni, Johanni Gunnlagssyni og Sigurði Sigurðssyni sem aflogdu

¹³¹ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 25. október 1819, Db.gr.nr. 35.490. Þorvaldur hlaut þingri dóm, en um hann vitnaðist enn fremur um stöðuga ásókn hunds skipstjórnans að sér, „sem oftast hefir reynst morðingjamerki“, eins og segir í fyrirtöku málsins. Um beinamálið, sjá einnig, *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873*, II., bls. 110–123 og 181–190; Jón Helgason: „„Þetta bölvæð beinamál““, í *Vér Íslands börn* II., bls. 33–123.

¹³² *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1882. A-deild*, bls. 54–58; *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. A-deild*, bls. 141–146.

og undirskrifudu í rjettinum svohl. eið: Við sem skipaðir erum með domsmenn milli jarða í landaþrætumáli milli jarðanna Hrauns og Auðna í Yxnadal lofum að fremja þenna starfa okkar eptir bestu vitund og samvizku svo sannarlega hjálpi oss Guð.

Jón Jónsson, S. Sigursson, P.Þ. Friðfinnsson, Jóh. Gunnlaugsson

Var síðan af domendunum riðið á landamerki að viðstöddum kjæranda þessa máls Einari Jónssyni á Hrauni fyrir hönd moður sinnar og innstefnda Joni bónda Bergssyni á Auðnum og komst sú sætt á milli partanna að landamerki milli Auðna og Hrauns eptirleiðis skuli haldast þessi: Frá Yxnadalsá eptir gömlum garði sem liggur frá ánni upp grundina, upp á melhól þar fyrir ofan, þaðan beina stefnu í næst yztu af 4 grænum lautum þar fyrir ofan og ur laut þessari bein lína upp í læk þar fyrir ofan svokallaðann Merkjälæk, og ræður lækurinn upp frá því merkjum allt til upptaka sinnar og þaðan á fjall upp.

Var svo málinu lokið með sætt þessari. Einar Jónsson, Jón Bergsson (handsalað)

Sthorarensen, Jóh. Gunnlaugsson, P.Þ. Friðfinnsson, Jón Jónsson, S. Sigurdsson.¹³³

Notkunarmöguleikar:

Við landamerkjadóma er fyrst og fremst að finna upplýsingar um úrskurð um landamerki á milli jarða. Landamerkjanna er yfirleitt getið í þinghaldinu, en einnig geta fylgt ótal mörg málsskjöl. Landamerkjadómar geta veitt vitnisburði um ágreining um landamerki, rök og mótrök, áreið, lýsingar af vettvangi o.s.frv.

Landamerkjamálið í dæminu hér að ofan er í styttra lagi, en þó einkennandi fyrir sættir í landamerkjamálum, þ.e.a.s. að sátt hafi komist á eftir vettvangsferð. Þá er lýsing landamerkjanna í takt við það sem tíðkaðist með landamerkjalögunum frá 1882 og að vissu leyti einnig eins og tíðkast enn í dag. Þó er algengt að ummerki geti breyst á vettvangi, s.s. með því að árfarvegir breytist og lautirnar fjórar sem minnst er á hér að ofan verða hugsanlega ekki grænar um alla tíð. Landamerkjamálið milli Hrauns og Auðna hafði komið upp ári áður, þar sem átta menn höfðu verið nefndir í dóm en því síðan verið frestað.¹³⁴ Athyglisvert er við athugun á landamerkjádómum í dómabókagrunni sýslumanna, að í dóma- og þingbækur Eyjafjarðar- og Húnavatnssýslna eru aðeins færðir inn merkjadómar, á meðan landamerkjadómar eru aðeins færðir í dóma- og þingbækur Skagjafjarðarsýslu á sama tímabili, en vitaskuld gilda báðar nafngiftirnar yfir sama þinghaldið.

¹³³ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.31, Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1884–1890, bls. 220–222.

¹³⁴ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 14. september 1886, Db.gr.nr. 1.259.

22. Leiðarþing

Leiðarþing voru haldin að loknum störfum Alþingis ár hvert og voru einnig nefnd haustþing. Á þjóðveldisöld voru leiðarþing haldin af goðum er áttu vorþing saman og fóru þau að jafnaði fram á hinum almennu vorþingstöðum.¹³⁵ Á leiðarþingum var m.a. skýrt frá störfum Alþingis, auk þess sem ýmsar tilkynningar er vörðuðu almenning voru birtar. Eftir lok þjóðveldisaldar voru leiðarþing haldin á vegum sýslumanna fram á 18. öld.¹³⁶ Leiðarþing eru mjög fátíð í dóma- og þingbókum sýslumanna, enda lögðust þau að mestu af áður en markviss varðveisla á sýsluskjölum hófst í lok 18. aldar. Enda sýnir leit í dómabókagrunni sýslumanna 1621–1950 úr dóma- og þingbókum Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna aðeins þrjú tilvik, eitt í hverri sýslu.¹³⁷

Ákvæði um leiðarþing sýslumanna er að finna í þingfararbálki Jónsbókar, en skv. honum bar sýslumönnum að halda þing á leiðum og lýsa niðurstöðum Öxarárþings, einkum um lyktir mála er vörðuðu fólk úr þeirra sýslu.¹³⁸ Þá voru lengdarleiðir þekktar í málefnum kirkjunnar, s.s. í tíundarlögunum frá 1096 og úrskurði biskups frá 1511, um að tveir bæir á Mýrum tilheyri Hjörseyjarkirkju í stað sóknarkirkju á Álftanesi, sökum leiðarlengdar.¹³⁹ Leiðarlengd var því í þessum skilningi vegalengd eða fjarlægð. Á 19. og 20. öld héldu alþingismenn jafnan leiðarþing í sínum kjördæmum, sem þjónaði í raun sama tilgangi og leiðarþing sýslumanna frá 18. öld, þ.e. að kynna frá málefnum Alþingis.¹⁴⁰

Dæmi um leiðarþing: Hún.V.1. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu, 1621–1648.

Dómar, Sem geingid hafa J Húnavatns þynge, vnder vtnefnd Gudmundar, Hákonarsonar, kongz vmmbodzmans, J greindre sýslu, frá 15 iulý 1635 og til þess ars 1637, suo og sattargiörder fridarfor, lýkaner, og sam þickter, J sömu sýslu á nefndum týma.

dómur vmm, Räng fluttann ömaga J Hvnavatnz sýslu geinginn Anno 1635 þann 15 dag Julý Mänadar ad Sueinstöðum J watnzdal, lögsettu leidar þinge, worum wier effterschriffader Menn, Þorläfur Pálson, Páll Pálson, Jön Teitson, Raffn Besason, Jön Eigilson og Jön Grymson, til álita og dömz neffnder, aff kong Maistz vmbodz manne

¹³⁵ Grágás. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna, bls. 424.

¹³⁶ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 246–247. Sjá einnig, ÞÍ: Dómabókagrunn sýslumanna 1621–1950, 8. október 1728, Db.gr.nr. 6.208, þar sem leiðarþing líða undir lok í dóma í Eyjafjarðarsýslu.

¹³⁷ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 15. júlí 1635, Db.gr.nr. 48.503 og 48.507, 3. ágúst 1674, Db.gr.nr. 26.857, 8. október 1728, Db.gr.nr. 6.208.

¹³⁸ *Jónsbók*, bls. 86.

¹³⁹ *D.I.*, I., bls. 154. (Tíundarlög Íslendinga hin fornu); *D.I.*, VIII., bls. 342. (Ákvörðun Skálholtsbiskups um að Ánastaðir og Hamrendi á Mýrum verði til sóknar og gjaldi Hjörseyrarkirkju, 1511).

¹⁴⁰ Sjá t.d. *Stefnir*, 5. nóvember 1897, bls. 68; *Morgunblaðið*, 25. maí 1946, bls. 12.

Gudmundj Hákonarsinj til Schichud umm ýfer hvunawatnz þinge ad Rannsacha och ýfferschoda, huörsu Löglega Sú kona Gudrún Jónsdóttir, heffdi verid flutt hingad J Húnawatnz Sýslu, Nú á þessu Sumre ad forlæge och fyrrer Sögn Sera Þorarinz Olaffsonar Nordur á Bæis á, J Øxnadal, huör Ómæge Neffnd gudrún heffur fyrrer Nochrumm árumm, dæmd verid á Sagdann Þorarinn prest och hann hana þar efftir annadist, Enn Nú döm laust hún hier J Sýslu med Sett, Sem adur ehr tied. ýffer lýste fyrrer oss adur Sagdur Sýslu Mann Sýslu Mann, kann þetta effne til orda och Spursmálz frammsett heffdj á al þynge J Lög Rettu, och Sier suo andæpt verid, Þeim Þættj vttast Sä ömæge neffnd Gudrún, wære aptur Flutt Sama Veg, huad hid Sama oss och Wirdist, þuj oss þichir Margneffndur Ömage Gudrún offuglega och eche riettelega hingad J Sýslu flutt J þetta Sinn, þar eingenn dómur filgdj hennj Enn hölldumm ad S^{ra} Þórarinj Löglege fra geingnumm framm fære ömaganz haffe ättad Schodast och dæmast J Eia Fiardar Sýslu, vmm frammfære Sömu Gudrúnar Einchumm, Þar hennar ættartala var S^{ra} Þórarinj alkunnug och mörgumm ödrumm J Eya firdj Jt alluýda Lögmalið tilhlýða och Þýða, Þar Menn annýst ömaga och Þrýtur Suo fie Þä hliöti somu Menn med dömj Wid Þä ömaga ad Schilia Suo Þeir á Wýst framfære flitast Meigi, och hierad leidumm Wier effterfilgiandj Lög böcharinnar greinir, med ödru Lögmáli Landsinz. Nú kiem^f Sä ömage á hendur Manne ehr hann á ey ad wardueita, þä Schal hann Steffna Þeim heim ehr wardueita á, Jt J ödrumm stad Eff Sä á ey forlags Eirir til, Þä Schal ömæge huerffa framm J ætt, Enn frammar áuýsar böchinn, Þä Ömaga Sem wmmframm ehru Mannsinz Fie Mune Schal færa Þeim á hendur Sem arffe ehru Næstir Framm J ætt, Jt hliödar so Lögmalið, þeir einir ömagar Schulu á hreppum vera, Sem eche eiga forlagseirir hiä frændumm, Jt ehr so Schriffad annar stadar J lögunumm huör Mad^f á Sýna ömaga framm ad færa, so sem fremst Mä orcha, enn eff hann heffur ey fie til ad færa þä framm færa þä fram, þä schal hann Läta Meta Sex granna Sýna huörsu Margir þeir ömagar ehru, ehr hann Mä orcha enn so margir sem hann Mä ey orcha, Þä Schal hann Lög biöda Þeim Sem Schilldastir ehru, och fie och faung haffa, til ad færa framm ömaga och Richa Þä so Langt framm J ætt, til þess ad forlags Eirir hittir, Lýcha stendur so J gömlu Lögunumm, Enn eff þeir Menn ehru Samfiördungs ehr ömæge ehr dæmd á hend^f och hinir ehr ädur haffa þä Schulu þeir færa ömaga ehr adur höffdu þangad til þess manz ehr J hend ehr dæmdur. Þuj ad ollu so proffudu effter þuj Nú frammkie^f fyrrer frammsagd^f, Laganna grein^f och adrar sem hier ad Luta dæmum vier ad Þrätt greindur ömæge Gudrún Jónsdóttir flitiest afft^f beinann Weg Nord^f, J Wödlu Sýslu á heimili S^{ra} Þorarinz Ölaffson^f och þar riett nidur settur effter Þeirre grein, eff ömæge ehr færdur á

henn^r Mannj, fy^rer utann Lögmannz vrschurd, ed^r Þing manna döm Läte færa aptur á hæl, eda til Þings Mete þinginn, huort færa Schal Enn Schaga strand^r hreps buenn^r, (sem ömæginn var til fluttur) flitur það firsta týtt Sagda Guðrúnu, með þeim tilstirch sem Sonur hennar Jön, Þar til hann ad leggja, Enn eigi firer Sinn kostnad eff^r Lög böcharinnar ordum, Enn offtschriffadur S^{ra} Þörarinn Olaffz Son, Lög Ridie þeim ömaga aff Sier til Frammfæris vilie hann Sialffur eche fram^r, hana annast, Sam þichter med oss etc.¹⁴¹

Notkunarmöguleikar:

Vitnisburðir leiðarþinga sýslumanna fjalla um alþingis- og héraðsmálefni frá 17. og 18. öld. Þannig er algengt að þau geymi upplýsingar um lagaboð þess tíma, auk þess sem lýst er eftir strokufólki eða skýrt frá úrskurðum Alþingis í ýmsum málefnum almennings. Þannig eru *Alþingisbækur Íslands* mikilvægar heimildir við rannsóknir á leiðarþingum.

Við leiðarþingið sem fór fram að Sveinsstöðum í Vatnsdal var dæmt um niðursetu Guðrúnar Jónsdóttur, ómaga sem hafði verið dæmd á framfæri sr. Þörarins Ólafssonar á Bægisá (um 1600–1663). Á sama leiðarþingi var úrskurðað um framfæri Sólveigar Nikulásdóttur (um 1560–?), þar sem henni var vísað til Svarfaðardalshrepps í Eyjafirði.¹⁴² Guðmundur Hákonarson sýslumaður (1600–1659) hafði á Alþingi sama ár óskað eftir ályktun um flutning á ómögum, sem síðan var framhaldið á leiðarþinginu um málefni Guðrúnar og Sólveigar.¹⁴³

23. Lögregluþing, pólitíréttur

Við lögregluþing voru tekin fyrir minni háttar brotamál, en einnig einkalögreglumál þar sem sýslumaður var einskonar aðili er reyndi að setja niður mál með sáttum. Það var þó ekki algilt eins og neðangreint dæmi sýnir, því lögregluþing gátu einnig tekið fyrir alvarlegri mál, s.s. mannlát og alvarleg hegningarlagabrot.

Lögregluþing virðast fyrst koma fram með tilskipun um sættagjörðir í Noregi árið 1797, en þeirra er þó einnig getið í tilskipun um skinnstöku af skepnum frá 1794 og þá er talað

¹⁴¹ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.1., Dóma- og þingbók Guðmundar Hákonarsonar og Jóns Sigurðssonar, sýslumanna í Húnavatnssýslu 1621–1648, bls. 48–50.

¹⁴² ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 15. júlí 1635, Db.gr.nr. 48.507.

¹⁴³ *Alþingisbækur Íslands*, V., bls. 376.

um lögreglusakir (d. politiesager) í tilskipun um hæstarétt frá 1793.¹⁴⁴ Á Íslandi virðast lögregluþing fyrst vera haldin í upphafi 19. aldar.¹⁴⁵ Þá á tilskipun frá 1799, um skyldu undirdómanna við réttarrannsóknir, skylt við lögregluþing.¹⁴⁶ Þau voru afnumin með tilkomu bæjarþinga skv. lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og með lögum um sakadóm Reykjavíkur frá 1939.¹⁴⁷

Dæmi um lögreglurétt: Eyj.IV.B.24. Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu, bls. 61v–62v.

Ar 1852 hinn 12 August á Bitru í Kræklingahlíð var polítíréttur haldinn af sýslumanninum í Eyjafjardar sýslu með vottum Stefáni Jónssyni bónda á Hraukbæ og Jóni bónda Stefánssyni á Mýrarlóni til að gjöra ransókn áhrærandi orðróm um sjálfsmorð Jónasar Sveinssonar frá Lögmannshlíð m.m.

Mætti svo fyrir réttinum Hermann bóndi Sigfússon á Bitrugerði og var brýnd fyrir honum skylda hans að segja satt frá öllu er hann yrði spurður um. Hann skýrir svo frá, að í fyrra kvöld hafi Asláksstaða börnin komið hlaupandi sunnan að og ~~sérhagi~~ hafi það eldsta af þeim Soffía, er var fermd í vor, kallað til sín og beðið sig í guðs bænum að koma suður eptir, hann Jónas Sveinsson væri að drepa hann þabba sinn, kveðst hann svo strax hafa hlaupið suður eptir og séð Stefán Jónsson bónda á Ásláksstöðum liggja þar í slægjunni með blóðrás úr sári á bakinu neðantil, þó kveðst hann ekki þá hafa séð sárið sjálf, heldur skurð á fötunum og skamt þaðan, hérumbil 4 faðma lá Jónas Sveinsson frá Lögmannshlíð skorinn á háls, en þó með lífi, en ekki svo að hann gæti neitt talað. Stefán sagði honum þá og seinna á leiðinni heim að Jónas hefði veitt honum þetta sár með ljá bundnum í orf er hann hefði haft með sér, ~~kveðst Stefán~~ hafði Jónas komið til hans í slægjuna, og sagst ætla út að Bitru til sláttar, höfðu þeir sest niður og talað meinlauslega ~~við hann~~ saman um veðrið og tíðina, hefði Jónas svo staðið upp og tekið orfið með ljánum í og rekið ljáinn í sig og sagt: Þetta ætlaði ég þér bölvaður. Kvaðst Stefán þá hafa

¹⁴⁴ *Lovsamling for Island*, VI., bls. 132, 159 og 211. (Tilskipun 5. júlí 1793, um æðstu setu í hæstarétti. Tilskipun 31. janúar 1794, um skinntöku af dauðum skepnum. Tilskipun 10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda í Danmörku og kaupstöðum í Noregi).

¹⁴⁵ Skv. Dómabókagrunni sýslumanna er fyrsti lögreglurétturinn í Eyjafjarðarsýslu haldinn árið 1807, sjá, *ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950*, 17. mars. 1807, Db.gr.nr. 4.583.

¹⁴⁶ *Lovsamling for Island*, VI, bls. 358–359. (Tilskipun 8. mars 1799, um skyldur undirdómanna í lögreglu- og rannsóknarefnum).

¹⁴⁷ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 226–227; *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1939. A-deild*, bls. 214–215. Lögregluþingbækur virðast þó tíðkast á fyrri hluta 20. aldar allt til 1953. Sjá t.d., *ÞÍ: Sýsl.*, Eyj.VI.D.1.–24., Lögregluþingbækur Eyjafjarðarsýslu 1926–1950; *ÞÍ: Sýsl.*, Gull.-Kjós.IV.B.1.–28., Lögregluþingbækur Gullbringu- og Kjósarsýsla 1937–1953. Sakadómsbækur taka svo við í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1952. Í Reykjavík ná lögregluþingbækur einnig yfir seinni hluta 19. aldar. Sjá, *ÞÍ: Sýsl. Rvk.XVIII. Lögregluþingbækur 1.–34. 1883–1928.*

náð í orfið og náð því af Jónasi, og hafi þá Jónas gengið þangað sem hann lá og skorið sig á háls með hnífskuta er líka fannst við hliðina á honum blóðugur. ...¹⁴⁸

Notkunarmöguleikar:

Við lögregluþing er fyrst og fremst að finna vitnisburði um opinber mál eða rannsóknir. Yfirleitt voru tekin fyrir minni háttar brot, en það var þó ekki algilt og oft er óljóst hver mörk aukaréttar og lögregluþings hafi verið.

Í dæminu hér að ofan hafði Jónas Sveinsson (1795–1852) veist að Stefáni Jónssyni (1801–1852) og veitt honum þungt sár sem síðan dró hann til dauða. Sjálfur tók Jónas sitt eigið líf, eins og lýsingin ber með sér. Málið var tekið fyrir á tveimur lögregluþingum sama daginn, þar sem vitnaðist að helstu vitni atviksins, a.m.k. sjálfsvígsins, hefðu verið börn Stefáns. Jónas hafði tveimur dögum áður verið kenndur við barneign utan hjónabands og kemur það fram í vitnisburðum, auk þess sem því er lýst að hann hafi verið drykkfelldur og þungur í skapi.¹⁴⁹

24. Manntalsþing

Manntalsþing voru haldin utan kaupstaða einu sinni á ári í hverjum hreppi viðkomandi sýslu. Á manntalsþingum voru gjarnan lesnar upp konungstilskipanir eða ný lög, innheimt þegnskylda og gjöld, þinglýst afsals- og kaupbréfum, veðbréfum og þá var algengt að nýir hreppstjórar yrðu kosnir á manntalsþingum. Auk þess var framan af réttað í tilfallandi dómsmálum á manntalsþingum, s.s. um ómagaframfærslu, landamerkjaprætu, þjófnaðarbrot o.s.frv. Á Jónsbókartímabilinu og talsvert eftir einveldistímanum gátu því alls kyns málefni komið fyrir manntalsþing í formi dómsmála, þrátt fyrir að þau hafi einnig komið til kasta héraðsþinganna. Í kringum aldamótin 1800 tóku aukaréttir og lögregluþing hins vegar að mestu við þessum málaflokkum. Manntalsþing tóku hins vegar að miklu leyti við hlutverkum annarra þingtegunda, sem þekkt eru frá elstu heimildum, s.s. héraðsþinga, leiðarþinga og þriggja hreppa þinga, sem öll lögðust af á 18. öld. Þannig birtist manntalsþing einnig í heimildum sem kóngsbréfasturs- og manntalsþing.¹⁵⁰

¹⁴⁸ Þf: Sýsl., Eyj.IV.B.24, Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1851–1854, bls. 61v–62r.

¹⁴⁹ Þf: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 10. ágúst 1852, Db.gr.nr. 2.428 og 12. ágúst 1852, Db.gr.nr. 2.430 og 2.432.

¹⁵⁰ Þf: Sýsl., Eyj.IV.B.13, Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1809–1813, 24. maí 1809, án bls.tals.

Manntalsþing voru lögbundin þing frá tímum Jónsbókar, þar sem þau áttu að haldast á vorin „til jafnaðar“, sem túlkast sem reglulega, þ.e. ár eftir ár.¹⁵¹ Hver hreppur hafði þannig lögbundinn þinghaldsstað fyrir manntalsþing.¹⁵² Með aukinni þéttbýlisþróun og lagabreytingum á 20. öld, þar sem kaupstaðir urðu sér stjórnsýslueiningar, fóru manntalsþing smám saman að leggjast af. Þannig fóru ýmis sértæk málefni, eins og skuldamál, meiðyrði og handalögmál, að vera tekin fyrir á bæjar- eða dómþingum, en með lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var ekki gert ráð fyrir manntalsþingum í réttarfarsmálum.¹⁵³ Þá fóru sjó- og verslunarmál að heyra undir þess háttar þingtegundir. Opinberar tilkynningar manntalsþinga hurfu einnig af þeirra verksviði og skv. lögum nr. 28/1981, um breytingar á lögum nr. 36/1936 um meðferð einkamála í héraði, átti ekki að halda manntalsþing í hverjum hreppi ef sýslumaður teldi það þarflaust og hafa manntalsþing víðast hvar verið aflögð.¹⁵⁴

Dæmi um manntalsþing: Skag.V.02. Dóma- og þingbók Jens Spendrup sýslumanns í Skagjafjarðarsýslu 1724–1735, bls. 10v–12v.

Anno 1724 Mánudagenn Þann 15^{da} Maij ad Ryp J hegranese Settu manntalssþýnge, af Sýsslumannenumm Spendrup, nefnde hann effterskrifada menn j þýngvitne til að heýra og vitna hvad hier fyrrer Rettenumm frammfære, nefnelega Sigfús Jönsson Dag Jönsson, Eyolf Jssleifsson, Olaf Biörnsson, Hall Pälsson hreppstiora Jön Jonsson ä Kietu, 1^o Var auglýst og upplested Instrux capteinssens Magnússar Arassonar utgiefed af hans Excellence og Stifftbefalings manne ýfer þessu lande hl^r P. Raben, hliodande umm það ad hann skule hafa frýann flutning, fyrrer hann og hans farängur, hvar helldst sem hann ummreiser J Sýnumm Embættess Verkumm, So hann Skal hafa filgd og hestälän, med tilhlýdelegumm reidskap: Þvi Skickar og tilseiger Sýsslumadurenn einumm og Sierhvöríumm, so ædre sem lægre Stirkar mönnunn, ad lifa effter hans Excellencis befallning af fremsta megne, og Vera til reidu nær og ä hveriumm týma sem hann þess öskar og hann er j Sýnumm Embættiss Verkumm, effter þvj sem hann þa naudsýnlega vidþurfa kann, enn trässest nockrer j þessu, þa meiga þeir vidbuast ad straffast effter Jtrasta lögmäle. 2^o Var auglýstur Alþýngess bokarennar Anno 1723 Num: 36 J hvöríumm ad lýst er tveimur mönnum, nefnelega, Hialme Arnassýne, sem Strokenn er ur nordasta Parte Múla Sýsslu, fyrrer barneignarbrot, og Gisla Magnússýne er burtstrauk

¹⁵¹ *Jónsbók*, bls. 147.

¹⁵² Sjá, Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir* I.–V., þar sem lögbundinna þinghaldsstaða er getið í upphafi hvers kafla, en þessir þinghaldsstaðir voru þá einkum þeir sem héldu hin árlegu manntalsþing.

¹⁵³ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. A-deild*, bls. 226–227.

¹⁵⁴ *Stjórnartíðindi 1981. A-deild*, bls. 60.

úr þessare Sýselu, fyrir þiofnadar Rikte: It er lýst afftann vid Sómu þýngbök Jóns Jónssýne sem burthlaupenn er úr Mýra Sýsslu, og þar Samastadar dæmd hutlatz refssing fyrir östödugt vitne og öchrsteleg ord. 3^{ia} Upplas Sýsslumadurenn Mihsive fra Capteinenum Magnússe Arasýne, J hvoriu hann lýser Sýnumm hestadreing Brande Rafnkielssýne sem ur hans Þienustu er burtstrokenn, og oskar ad hann Sie tekenn til fänga, og Sier tilsendur hid firsta effter laganna hliödan; Tilseiger Sýsslumadurenn einumm og Sierhvöríumm ad taka þessa menn til fänga, ef þeir koma j þessa Sýsslu, og flitia til Sýns heymiless, eda til nærsta ýfer Valldz, so þeir komest under riett Pröf og Ransak, og lýde fyrir Sýn afbrot effter Lögnumm. 4^{ta} Var auglýstur kaupmannssens Restantz J Hofös og eru j þessare þýngsokn aungver mentionerader fyrir utann Mons^f Sigfús Jonsson, sem j Restantzenn er Jnnfærdur fyrir 14 fiska, vid hvöria hann ecke kannast, og þverneitar Sig Skýlldugann þeim ad svara, biodande Sinn befrýunar Eýd hier uppa tiltekur Sierdeiliss ej al vesturfara sem kaupmadurenn hafe Skrifad j Sinn reikning, enn þikest ecke hafa útteked meýr enn 4 al. 5^{ta} frammlagde hreppstörenn Mons^f Sigfús Jönsson eitt Jnnlegg fyrir Riettenn j 3 pöstumm j hvöriu hann öskar leidriettingar: Sa firste er vidvýkiande týund til fätækra af leiguJördunne garde er Hallur Pálsson äbyr, ad hann hafe eý meýra gollded enn 6 al til fätækra, enn hafe þo ärlega verid af Radsmannenumm gollded til Prestsens 12 al. Annar posturenn er þess Jnnhalldz ad Hallur hafe ece viliad færa framm týund Sýna, og sä þridie ad hann hafe ecke viliad frammtelia fie Sitt, Jafn vel þott þess hafe verid öskad. Uppa þann firsta post Jnnleggssens er Sýsslumansenz svar Soleidess, ad Hallur sie hvörke stefndur nie löglega fyrrerkalladur til þessa malss ad Svara J þetta Sinn, og því Verdur Sä Postur eý under döm tekenn: Enn uppa annann og þridia postenn Sættast þeir heýlum Sättumm Soleidess, ad Hallur frammfærde týund Sýna til 15^{hdra} og ad því gördu lofade hvör annarss vinur ad vera, ad því tilskildu, ad hvörugur þeirra ýfe annann hier effter, helldur ummgängest hvör vid annann so sem viner, hvar til Gud veite þeim Sýna Näd So fridurenn Efllest og kíarleikurenn aukest med þeim Jnnbyrdess, Gude til Dýrdar, enn naunganumm til godrar afspurnar glede og godrar fyrrermindanar. 6^{ta} lýser heýdurlegur kiennemadurenn S^{ta} Jon Sigfússon Raudumm farleik med Storre Stiörnu J Ennenu og annare ä Snoppunne, meinast 4^{ta} Vetra med bita framnn under hægra og Sprett upp úr bädumm nösumm. ...

... Ad Sýdustu effterspurde Sýsslumadurenn hvört nockur vogrek eda kongl. Raritet, hefdu hier vid Siafarsýduna uppboored, Sýdann ä nærsthölldnu manntalss þýnge, og framm kom Eckert, Eirnenn adspurde hann, hvört nockur hreppsnaudsýn være sem til

talss þirffte að koma j þetta Sinn, eða og hvört nockud saknæmpt være tilfalled sem Sier bære effter að gænga kóngdomssens vegna framar enn Prestsens Attest ummgietur, og þar Eckert af þessu frammkiemur, underskriffa tilnefnder þýngvitnesmenn til Sannenda að So fyrrer Riettenumm Passerad hafe sama stad är og dag sem firr Seiger.¹⁵⁵

Notkunarmöguleikar:

Manntalsþing eru algengust þinghalda sem koma fyrir í dóma- og þingbókum sýslumanna, enda þau einu sem halda átti árlega skv. lögum. Vitnisburðir á manntalsþingum eru þó mjög mismunandi, þrátt fyrir að form þinghaldsins hafi verið merkilega staðlað í gegnum aldirnar. Þannig virðist uppsetning manntalsþinga yfirleitt vera sú sama, þar sem byrjað er á upplestri á opinberum tilkynningum og tekin þingsvitni um opinber gjöld, landskuldir, manntalsgjöld og skatta. Í kjölfarið er það oft tilviljunum háð hvert næsta mál sé á dagskrá, en algengt er að þinglýst sé kaupbréfum, lögfestum jarða, sauðfjármörkum og ættleiðingum til arfs. Þá er ennfremur algengt að manntalsþing endi á kjöri nýs eða nýrra hreppstjóra.

Manntalsþing greina í flestum tilvikum ekki frá innihaldi þinglýsinga eða tilkynninga, s.s. hver nákvæm landamerki eru eða frá nákvæmu innihaldi veðbréfa, heldur eru manntalsþing fyrst og fremst vitnisburður um að ákveðið mál hafi komið fyrir sýslumann og votta og því verið þinglýst eða úrskurðað. Því ættu tengd málsskjöl að nýtast sem ítarlegri vitnisburðir um málstegundir manntalsþinga. Að öðru leyti geta vitnisburðir manntalsþinga verið óteljandi, s.s. ákvarðanir um framfærslu ómaga, þar sem gjarnan eru raktir nánustu ættingjar, sáttum einstaklinga, s.s. í meiðyrðamálum eða skuldamálum. Eftir að leiðarþing fóru að leggjast af á 18. öld tóku manntalsþing við þeirra hlutverkum.

Dæmið sem greint er frá hér að ofan tekur til hefðbundins manntalsþings á 18. öld, þ.e.a.s. með opinberum tilkynningum, skuldamálum við kaupmanninn og opinberum fyrirspurnum um vogrek, auk lýsinga á strokumönnum og hrossum. Þannig var tilkynnt um ferðir og störf Magnúsar Arasonar (1684–1728), sem ætlað var að stunda landmælingar á Íslandi skv. tilskipunum frá 1721, en almenningur átti að vera viðbúinn að aðstoða Magnús, eins og kemur fram í tilkynningu sýslumanns á þinginu.¹⁵⁶ Magnús var nefndur kapteinn eftir að hafa gegnt herþjónustu og orðið „ingeniörkapteinn“¹⁵⁷ Einn strokumannanna, Hjálmur Árnason (um 1655–eftir 1723), var einnig þekktur sem Barna-Hjálmar, þar sem hann eignaðist a.m.k. níu börn í lausaleik víðs vegar um landið og var hann vitaskuld eftirlýstur í

¹⁵⁵ ÞÍ: Sýsl., Skag.V.02., Dóma- og þingbók Jens Spendrup 1724–1735, bls. 10v–12v.

¹⁵⁶ *Lovsamling for Island*, II, bls. 4–5 og 25–28. (Konungsbréf 10. febrúar 1721 og tilskipun 10. maí 1721, til stiftamtmannsins Peter Raben, um uppmælingar Magnúsar Arasonar).

¹⁵⁷ Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*, III, bls. 405.

öðrum sýslum.¹⁵⁸ Óvenjulegast við manntalsþingið hér að ofan er hins vegar deilumál Sigfúsar Jónssonar (1687–eftir 1757) og Halls Pálssonar (1661–?), með fjörlegu orðalagi í dómsorðum. Ekki var óalgengt að sátt næðist um tíundargreiðslur milli manna, en að sættir hafi náðst með auknum kærleika milli manna, gleði og góðri fyrirmynd er með óvenjulegra orðalagi í þingbókunum, en líklega til marks um að deilan hafi verið orðin býsna persónuleg á milli Sigfúsar og Halls. 10 árum síðar lenti þeim Sigfúsi og Halli mun harkalegar saman, þar sem Hallur réðist ásamt syni sínum að Sigfúsi við stefnubirtingu árið 1734 og sakaði hann um að sjá ekki fyrir laungetnum börnum sínum, sem Sigfús neitaði að eiga.¹⁵⁹

25. Prófastsréttur

Prófastsréttur var undanfari kirkjudóms, þar sem höfðað var mál út af brotum presta eða hneykslanlegu athæfi þeirra í starfi eða einkalífi. Rétturinn var einnig skipaður a.m.k. einum prófasti sem meðdómara, en aðeins var réttað yfir prestum við prófastsrétti.

Prófastsréttir koma nær aldrei fyrir í dóma- og þingbókum sýslumanna.¹⁶⁰ Í *Lovsamling for Island* er þeirra fyrst getið í konungsbréfi frá 1736, auk þess sem Peter Raben stiftamtanni er gert að hafa tilsjón með prestum í erindisbréfi sínu fyrir embættinu 1720.¹⁶¹

Dæmi um prófastsrétt: Eyj.IV.B.29. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1875–1891, bls. 84v–85v.

Ár 1879 midvikudag þann 15^{ta} October var profastsrjettur Eyafjardarsyslu settur ad Litlahóli í Hrafnagilshrepp af systlumanninum í Eyafjardarsyslu S. Thorarsen og profastinum í Eyafjardarsyslu S^{ra} David Gudmundssyni med þingvottum bændunum Joni Sigfussyni og Sveinb. Sigurdssyni til þess eptir fyrirskipan Landshöfdingjans yfir Islandi ad taka rjettarrannsókn um drykkjuskap og óreglu i embættisfærslu prestsins til Grundar og Mödruvalla S^{ra} Sigurgeirs Jakobssonar.

Mætti þá fyrir rjettinum bóndi hjer á bæ Hallgrímur Tomasson, sem er áminntur um ad segja satt. Skyrir hann frá ad gefnu tilefni, ad hjer sje alkunnugt um drykkjuskap S^{ra} Sigurgeirs á Grund og þar afleidandi óreglu bædi á heimilinu og í embættisfærslu. Hann segir ad opt hafi ordid messufall vegna þess ad prestur hafi verid drukkinn, en sjerílagi

¹⁵⁸ Sjá t.d., *ÞÍ*: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 1. maí 1724, Db.gr.nr. 6.090.

¹⁵⁹ *ÞÍ*: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 25. júní 1734, Db.gr.nr. 28.117.

¹⁶⁰ Þannig er t.a.m. aðeins eitt mál fært undir prófastsrétt í öllum dóma- og þingbókum Eyjafjarðarsýslu frá 1694–1950.

¹⁶¹ *Lovsamling for Island*, I, bls. 784. (Erindisbréf 27. apríl 1720, fyrir Peter Raben til að gerast stiftamtmaður yfir Íslandi og Færeyjum); *Lovsamling for Island*, II, bls. 242–244. (Konungsbréf 20. janúar 1736, til stiftamtmannsins Henrik Ocksen, um fjölda meðdómenda við prófastsrétt).

tilgreinir hann að fyrir 2 árum hafi Sjera Sigurgeir ætlad sjer að ferma börn og um leid sjálfur vera til altaris, og hafi því bedid S^{ra} Jón í Saurbæ að koma að Grund og þjóna fyrir altarinu. Hafi S^{ra} Jón þá komid tímanlega en þá hafi S^{ra} Sigurgeir verid ordinn fullur svo S^{ra} Jon hafi ordid að þjóna algjörlega og ekkert hafi ordid af fermíngunni, en S^{ra} Sigurgeir hafi samt verid til altaris því farid hafi verid að renna af honum, en kona S^{ra} Sigurgeirs hafi ekki viljad vera til altaris einsog hún hafi ætlad sjer, af því madur hennar hafi ordid svo drukkinn um daginn. Ennfremur hafi árid 1875 fólk ætlad sjer að vera til altaris á Grund, en þá hafi presturinn verid ordinn drukkinn, en hafi þó ekki viljad hætta vid embættisgjördina en byrjad að skripta fólkinu. Hafi þá það sem presturinn hafi sagt verid eitthvert rugl sem eingin meiníng var í, svo folkið fór að fara út aptur, og þegar flestir voru komnir út hafi S^{ra} Sigurgeir sagt: farid þið þá, eg fyrirgef ykkur samt syndirnar í Guds nafni og fjörutíu ...¹⁶²

Notkunarmöguleikar:

Augljóslega eru helstu notkunarmöguleikar prófastsrétta um embættisafglöp presta. Ef um brot í starfi er að ræða, þá hafa réttarhöldin yfirleitt alls kyns upplýsingar um kirkjustarf viðkomandi sóknar.

Í ofangreindu dæmi er að hefjast rannsókn á drykkjuskap sr. Sigurgeirs Jakobssonar (1824–1887) í embætti sínu í Eyjafirði. Málið var tekið fyrir í nokkur skipti fyrir prófastsrétti 1879 og 1880, en ekki er að sjá að sr. Sigurgeir hafi hlotið neinn dóm af hálfu sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Við réttarhöldin eru mörg vitni yfirheyrð, þar sem lýsingar þeirra eru ítarlegar og um leið með fjörlegu orðalagi.¹⁶³

26. Prófsréttur

Prófsréttur gegndi svipuðu hlutverki og lögregluþing og aukaréttir, þ.e. rannsaka ákveðið málsatvik. Þingtegundin kemur fyrst fram með tilskipun um skyldu undirdómsins í lögreglu- og rannsóknarmálum frá 1799.¹⁶⁴ Prófsréttur var í reynd annað heiti yfir þinghald sem jafnan er nefnt réttarrannsókn í dag, þar sem opinber rannsókn fer fram á meintu lögbroti, án þess að því sé sérstaklega stefnt til sýslumanns. Þannig ber þingtextinn í dóma- og þingbókunum oft með sér að sýslumaður ætli sér aðeins að taka próf og þ.a.l. sé það prófsréttur.

¹⁶² ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.29., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1875–1891, bls. 84v–85v.

¹⁶³ Sjá t.d., ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 3.,4. og 5. febrúar 1880, Db.gr.nr. 488, 490, 493, 498, 500 og 501.

¹⁶⁴ *Lovsamling for Island*, VI, bls. 358–359. (Tilskipun 8. mars 1799, um skyldur undirdómanna í lögreglu- og rannsóknarefnum).

Prófsréttir eru ekki algengir í dóma- og þingbókum sýslumanna í Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum. Þinghaldið kemur að vísu aldrei fyrir í þingbókum Eyjafjarðarsýslu, en 33 sinnum í hinum tveimur sýslunum á árunum 1808–1825, langoftast í Skagafirði.

Dæmi um prófsrétt: Hún.V.13. Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu 1799–1811, bls. 537–540.

Anno 1810 þann 15^{da} Novembr. setti Sýslumadur í Sk.f. Syslu Jon Espolin eitt Prófþing að Vídivöllum í Sagafyrði, eptir Amts Ordre, af dato 1 Octobr. nærstl. med utnefnd^m undirskrifudum eydfestum þing-vottum, var fyrst upplesid Amtsbrefid, asamt kloguninni enn vyrdtist ej þörf ad ateikna. Þarnærst Sýslumannsins fyrirkall til hreppstjóra Mr. Jons Erlendssonar og Magnusar Magnussonar á Silfrastodum, Sigurdar Sigurdssonar í Borgargerdi, og Ingiridar Sig^g dottur hans á Silfrastodum, eirninn Rannveigar Clemusdottur á Grund^fkoti, hvorjar personur alleina meinast upplysa kunna nockud áhrærandi Sigurdar Sigurdssonar og þess kuldamanns Jons Peturssonar milli farandi Sök, fyrerkallid daterad 14^{da} þ.m. er byrt og ateiknad af eydföstum Stefnu vottum, og uppáskrifast Lit. A., upplesid. Þir stefndu mæta, var fyrir þeim sameyinlega ₣ lesinn Eyds utlegginginn, og þau ámynt ad bera það eitt í andsvörum sínum uppá sérhvört giörandi Spursmál og engu leyna sem eydurinn yrði lagdur ofanná, nær sem Amtinu þoknadist ad láta agera Sökina vid reglulega Talsmenn; sidann var hvört fyrir sig examiderad, og adspurt þessum Spursmálum – 1^o hvörninn var ástادت í Brogargerdi umm Veturinn 1808 þegar Jon Petursson kom þar og beiddist husa – 2^o var þá fært Vedur og vitid þer til ad Sigurdur hafi uthyst Jóni – 3^o hvar kom Jon fram, og hvört vissi hann þá hvar hann hefði vöknad af hvörju hann kól – 4^o skal Jón hvörgi annarstadar á Nord^fárdal hafa beidst husa – 5^o leitad Jon nockud alvarlega eptir husa skjoli í Borgargerdi – 6^o hefur verid Vani Sigurdar ad uthysa ferdmönnum, edur hvörninn er hann kynntur ad greida – 7^o hvad getid þer mejra upplyst þessa Sök? Var svo hvor Personann examinerud fyrir sig, svo enginn heyrdi til annarar.¹⁶⁵

Notkunarmöguleikar:

Notkunarmöguleikar prófsréttta eru algjörlega háðir málsatvikum sem tekin eru fyrir hverju sinni. Prófsréttir eru frekar fátíðir í dóma- og þingbókum sýslumanna, en þó er ekki ólíklegt

¹⁶⁵ Þf: Sýsl., Skag.V.10, Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu 1799–1811, bls. 537–539.

að í þeim fjölmörgu tilvikum sem þingtegundar er ekki getið við réttarhald, sé um prófsrétti eða opinberar rannsóknir að ræða.

Við prófsréttinn sem framfór að Víðivöllum í Skagafirði 15. nóvember 1810 var tekin fyrir opinber rannsókn vegna Jóns Péturssonar, sem varð úti um veturinn 1808 og kól í fæturna. Við rannsóknina, sem tók mið af því hvers vegna Sigurður veitti Jóni ekki næturgistingu, vitnaðist að kona Sigurðar hafi legið fyrir dauðanum og því hafi hann átt bágð með að hýsa Jón, sem hafi engu svarað um það, heldur farið í burtu „með slæmum orðum“.¹⁶⁶ Við vitnaleiðslur virðist óljóst hvar Jón hafi vöknað í fæturna og hvergi er að sjá í dóma- og þingbókum að dómur hafi fallið vegna málsins.

27. Sjódómur, sjóréttur

Sjódómur eða sjóréttur var opinber rannsókn á málsatvikum er varðaði skip og flutning á farmi. Þannig fjölluðu sjóréttir gjarnan um skipbrot og strand skipa, auk þess sem til kasta þeirra komu ýmis tryggingamál vegna tjóns á skipum eða hafnarmannvirkjum. Ef um erlend skip og áhafnir var að ræða, var algengt að þingtexti sjóprófsins væri á erlendu tungumáli, yfirleitt dönsku.

Upphaf einhvers konar siglingalaga er að finna í farmannabálki Jónsbókar.¹⁶⁷ Eftir Jónsbók ber hins vegar ekki mikið á lögum sjóréttarlegs eðlis fyrir en á 17. öld, en í *Lovsamling for Island* er sjóréttar fyrst getið með tilskipun frá 1620 um vöruflutninga. Í henni var m.a. kveðið á um laun áhafnar og ennfremur um ástæðu þess að halda ætti sjórétt, sem átti að gerast ef áhöfnin eða aðrir um borð myndu að einhverju leyti eiga við skipsfarminn í lestum skipsins.¹⁶⁸ Um sjórétt á Íslandi vitnast fyrst í Reykjavík árið 1815, en þeim fer ekki fjölgandi í dóma- og þingbókum sýslumanna fyrir en á síðari hluta 19. aldar.¹⁶⁹ Fyrir utan örfá tilvik, þá birtast sjóréttir í dóma- og þingbókunum einkum eftir 1867.

Dæmi: Eyj.IV.B.51. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1915–1920, bls. 102–116.

Ár 1917 þ. 17. sept. var sjórjettur Hvanneyrarhrepps settur í Siglufjarðarkauptúni og haldinn af sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, Páli Einarssyni sem dómsformanni ...

¹⁶⁶ ÞÍ: Sýsl., Skag.V.10, Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu 1799–1811, bls. 540.

¹⁶⁷ *Jónsbók*, bls. 225–238.

¹⁶⁸ *Lovsamling for Island*, I, bls. 199–201. (Tilskipun 22. mars 1620, um afnám á flutningsfarmi).

¹⁶⁹ *Lovsamling for Island*, VII, bls. 592–593. (Konungsbréf 26. apríl 1816 til sýslumannanna Jónasar Scheving og Jóns Guðmundssonar, um rannsókn á skipstrandi).

Var þá tekið fyrir að taka sjóferðarskýrslu af skipshöfninni frá skonnortu „Akureyrin“ í tilefni af því, að hún hefur steytt á grunn á Siglunesi og verið flutt af öðru skipi til Siglufjarðar ...

For retten er mödt kaptejn K.J. Bastrup, fører af skonnert Akureyrin, 32 år gammel og alvorlig formamt til sandsted afgiver han en sålydude forklaring: Han afgik med sit skib fra Hjalteyri den 12. d. m. med en last af 3785 tundu saltet sild indsaget i Øfjord bestemt til hr. Sören Guos i Siglufjord. Han blev taget ud fra kaun på Hjalteyri af s/s Nora og bragt ud på fjorden hvor han satte sejl til og sejlede med en gunstig vind ud Øfjord. Da han kom udenfor Olafsfjord flovede vinden af, og blev ustadig ...¹⁷⁰

Notkunarmöguleikar:

Við sjórétti er einkum að finna upplýsingar um skipbrot eða einhvers konar brot á siglingalögum hvers tíma. Þannig geta lýsingar verið ítarlegar um hvernig viðkomandi skipbrot átti sér stað, þar sem allir skipverjar geta verið yfirheyrðir. Veðurfarslýsingar eru gjarnan áberandi og einnig lýsingar á farmi ef um tjón var að ræða. Stundum kom það til að sýslumaðurinn fyrirskipaði björgun verðmæta úr skipum sem lágu strönduð í fjöruborði og að góssið yrði svo allt nýtt.¹⁷¹

Ofangreint dæmi er býsna algengt fyrir sjópróf 19. og 20. aldar þar sem um erlenda áhöfn er að ræða. Þingtextinn er á dönsku og eftir að hafa lagt fram sjóferðarskýrslu birtast algengar upplýsingar, s.s. um innihald farms skipsins, veðurfarslýsingar o.s.frv. Málið var tekið nokkrum sinnum fyrir hjá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu árin 1917 og 1918, þar sem sitthvor eigandinn var að skipinu sjálfu og farmi þess. Því komu upp deilur um borgun á björgunarlaunum.¹⁷²

28. Skiptaréttur

Við skiptarétt var gengið frá skiptum á eignum, yfirleitt skv. dánarbúum, en einnig vegna gjaldþrota. Skiptaréttur er einn af hinum svokölluðu aðfarardómstólum ásamt fógetarétti og uppboðsrétti. Afar sjaldgæft er að skiptaréttir hafi verið færðir inn í dóma- og þingbækur sýslumanna, enda bar að færa þá inn í sérstaka skiptabók.¹⁷³

¹⁷⁰ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.51, Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1915–1920, bls. 102–103.

¹⁷¹ Sjá t.d., ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 13. nóvember 1899, Db.gr.nr. 42.226.

¹⁷² Sjá t.d., ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 17. september 1917, Db.gr.nr. 16.028 og 11. nóvember 1918, Db.gr.nr. 17.970.

¹⁷³ Sjá t.d., *Lovsamling for Island*, V, bls. 663–668. (Tilskipun 12. febrúar 1790, um betri tilhögun skiptastjórnar í Danmörku); *Lovsamling for Island*, VIII, bls. 549. (Umburðarbréf kansellisins til allra amtmanna 15. maí 1824,

Skiptaréttir eru þekktir í *Lovsamling for Island* með tilskipunum og plakötum frá 1739, 1767 og 1790, en engin þeirra var þó auglýst á Íslandi.¹⁷⁴ Þá eru skiptabækur klerkadómsins þekktir á Íslandi, en við embætti sýslumanna virðast skiptaréttir koma til með bréfi kansallísins til amtmanna, vegna yfirstjórnar á skiptamálefnum árið 1824, þó skiptabækur séu einnig þekktar við embættið frá 18. öld.¹⁷⁵

Dæmi um skiptarétt: Eyj.IV.B.52. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1915–1920, bls. 275–277.

Ár 1918 þriðjudaginn þ.2. október var skiptarjettur Eyjafjarðarsýslu settur á Siglufirði og haldinn af reglulegum skiptaráðanda, sýslumanni Páli Einarssyni, með undirrituðum vottum.

Var þá tekið fyrir að skrifa upp dánarbú Sigþórs Magnússonar verslunarmanns á Siglufirði, er andaðist þ. 8. júlímánaðar þ.á.

Erfingjar hins látna eru þessir:

A. Ekkja: Aðalbjörg Jónasdóttir

B. Börn þeirra hjóna: Árni Sigþórsson, 3 ára, Brynhildur Sigþórsdóttir, 1 árs.

Eptir að ekkja hins látna hafði verið nokkrar fyrstu vikurnar hjá bróður sínum Halldóri kaupmanni Jónassyni á Siglufirði, flutti hún með börn sín til systur sinnar að Þverá í Fnjóskadal í Þingeyjarsýslu. Er hún ekki til staðar og gefur því Halldór kaupmaður Jónasson skýrslu um eigur búsins, eptir því sem honum er frekast kunnugt og er skýrsla hans á þessa leið.

Nokkru áður en Sigþór dó eða í aprílmánuði þ.á. hafði hann keypt neðri hlutann af húsinu við Eyrargötu ...

... Skiptarjetturinn fól Halldóri kaupmanni Jónassyni að leigja húseign búsins til bráðabyrgða ef hægt væri og jafnframt að reyna að útvega kauptilboð í húseignina ...¹⁷⁶

um stjórn yfirvalda á skiptamálefnum); *Lovsamling for Island*, IX, bls. 395–396. (Kansallísbréf til stiftamtmanns 2. maí 1829, um merkingu við undirskrift viðkomandi í skiptabækurnar).

¹⁷⁴ Sjá, *Lovsamling for Island*, II, bls. 304–306. (Tilskipun 26. febrúar 1739, um refsingu fyrir rangan reikningsskap í embætti); *Lovsamling for Island*, III, 597–598. (Opið bréf 30. október 1767, um innheimtu í dánarbú); *Lovsamling for Island*, IV, bls. 663–668. (Tilskipun 12. febrúar 1790, um betri tilhögun skiptastjórnar í Danmörku).

¹⁷⁵ *Lovsamling for Island*, VIII, bls. 549. (Umburðarbréf kansallísins, 15. maí 1824, allra amtmanna, um stjórn yfirvalda á skiptamálefnum og með tilvísun í tilskipun 12. febrúar 1790, um skiptastjórn). Um skiptabækur, sjá t.d., ÞÍ: Sýsl., Hún.XIV.01., Skiptabók Húnavatnssýslu 1792–1806.

¹⁷⁶ ÞÍ:Sýsl., Eyj.IV.B.52., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1915–1920, bls. 275–277.

Notkunarmöguleikar:

Við skiptarétt er einkum að finna upplýsingar um eignarhald aðila. Ef um dánarbú er að ræða eru einnig upplýsingar um nánustu afkomendur og lögerfingja, en við gjaldþrotaskipti koma yfirleitt fram upplýsingar um kröfuhafa.

Skiptarétturinn hér að ofan er einn af fáum skiptaréttum sem hafa verið færðir inn í dóma- og þingbækur sýslumannsembættis Eyjafjarðarsýslu. Þar er tekið fyrir dánarbú verslunarmannsins Sigþórs Magnússonar (1893–1918). Skiptaréttir birtast aðeins þrisvar sinnum í dóma- og þingbókum sýslumanna í Eyjafjarðarsýslu, en aldrei í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.¹⁷⁷

29. Standréttur

Standrétt er hvergi að finna í lagasöfnum fyrir Ísland, heldur er þingtegundin komin úr dönskum lögum frá 1683. Þingtegundin fjallar í raun um ákveðin lagaákvæði herréttar og er ætlað að halda rannsókn á ýmsum afbrotum, borgaralegum sem hernaðarlegum. Eiginleikar standréttarins voru einkum þeir, að rétturinn átti að eiga sér strax stað, þ.e. að dómari, málsaðilar og aðrir stóðu við réttarhöldin (d. holdes paa staaende fod).¹⁷⁸

Afar sjaldgæft er að standréttur komi fyrir í dóma- og þingbókum sýslumanna og í reynd er neðangreint tilvik einsdæmi í dómabókum Eyjafjarðar-, Skagafjarðar og Húnavatnssýslna.

Dæmi um standrétt: Eyj.IV.10. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1789–1794 (1797), bls. 119v–121v.

Anno 1794 þann 23^{ia} Augusti mætte á Eyafyardar Kaupstad, Sysslumadurinn í Vadla Sysslu John Jacobson, med underskrifudumm góðumm Mönnum, til efter begiæring, Rebecka Brandt, vid eirn Stand Rett, ad taka af henne Eed, ad hun mætte, fria sig fyrir allt holdlegt samræde med öllum Kallmönnum undannteknum hennar firrverands Húsbónða, herr. Kaupmanns Peder Eeg, og þetta til hennar Friunar og Samvitsku hægdar, begiærir hrl. Profasturinn Þad fyrsta afgiörist, sosem Documented uppleseid og not. Littera A. frammar utvísar Sysslumadurinn hefer og indvarslet hrl. Kiöbmand Eeg, med Rebecka Brandt, ad mæta fyrer þessumm Rette, med Politie Varsel, á

¹⁷⁷ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 2. október 1918, Db.gr.nr. 18.605, 11. júní 1919, Db.gr.nr. 20.480, 28. ágúst 1919, Db.gr.nr. 20.633.

¹⁷⁸ *Chronologisk register over de kongelige forordninger og aabne breve*, I, 1670–1699, bls. 303, 308–309; *Ordbog over det danske sprog*, XXI., ritstjóri: Dahlerup, Verner, bls. 968.

Kaupstadnumm og mætir Kaupmadur Eeg, ásamt Rebecka Brandt her fyrer Rettennumm, var so upplested Prófasts S^{ra} Erlendar p.m. til Sysslumannsins af Dato 18^{da} hujus, sem upplested not. Litera A. Efterspурde Retturinn, Kaupmann Eeg, hvört hann hefde nockud imote, ad Rebecka Brandt med Saluhialpar Eyde sverie og ættfære hennar nifædda barn, i Þann Knierunn sem hun Kienner hvaruppá hann svarar Ney. var so Rebecku upplesenn Eydsins Forklaring, med laganna áminningu, under Straff ad seigia Sannleikann, hvöriu hun med uppriettumm Þrem Fingrum aflagde sem filger:

Det sværger og siger Jeg, Rebecka Brandt den almægtige Gud, at Jeg haber ingen legemlig Omgængelse havt med nogen Mands Person, uden alleene min forrige Hosbond Kiøbmand Peder Eeg, som er saa sand Fader til mit nyfödts Barn, som Jeg er Moder. Saa sandt hiælpe mig Gud og hands hellige ord.

Hvorpaa Kiøbmand Eeg for Retten declarerede, at hand som Fader skulle nu tage sig af barnet, Da hand sovel som Rebecka blev fra Retten dimmiteret.¹⁷⁹

Notkunarmöguleikar:

Við standrétt gætu vitnisburðir greint frá ýmsum afbrotum á stríðstímum, s.s. brotum gegn almenningi. Þess háttar vitnisburður finnst hins vegar ekki í dóma- og þingbókum sýslumanna á Íslandi, en augljóst er af dæminu hér að ofan að Rebekka Brandt (um 1760–?) hefur getað farið fram á standrétt, þ.e.a.s. að rétturinn færi fram strax af einhverjum sökum, þar sem hún lýsti Peter Eeg (1733–?) föður að barni sínu. Mjög líklega fékk Rebekka ósk sýna uppfyllta, þar sem hún var dönsk og gat því krafist þinghalds skv. dönskum lögum.

30. Umboðsréttur, nótaríal-réttur

Við umboðsrétt sinni sýslumaður störfum sem lögbókari eða notarius publicus. Þannig var ákveðnum skjölum þinglýst eða þau staðfest. Oftast var þinglýst erfðaskjölum við umboðsrétti, s.s. hjúskaparsamningum eða einhvers konar skjölum er skýrðu frá arfleiðslu eigna frá viðkomandi.

Skv. *Lovsamling for Island* urðu umboðsréttir til í Danmörku með konunglegu opnu bréfi árið 1823, sem síðan var tekið í gildi á Íslandi með konungsbréfi áið 1826.¹⁸⁰

¹⁷⁹ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.10., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1789–1794 (1797), bls. 119v–120v.

¹⁸⁰ *Lovsamling for Island*, VIII, bls. 386–388. (Opíð bréf 8. janúar 1823, um erfðaskrá og ráðstöfun bús í Danmörku); *Lovsamling for Island*, IX, bls. 54–55. (Konungsbréf 5. apríl 1826, fyrir stiftamtman og amtmenn á Íslandi, um viðbót við lagaboð frá 1823).

Dæmi um umboðsrétt: Hún.V.21. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1837–1842, bls. 141–142.

Ár 1838 þann 5^{ta} Febrúarii var Sysslumadr Blondahl til stadar að sínu heimili Hvammi með undirskrifudum Notarial vottum hvar þá: mætti Bóndi Þorlákr Audunsson á Mársstodum og frammleggr eitt af herumm í dag uppsett Testament með hveriu hann giorir konu sína Gudrunu Jons Dottr að sínum einsta Erfingja svo fremt sem hún skyldi hann eptirlifa og hann einga Lífserfingja eptir sig láte enn skyldi konan deya fyrri eða þeim her eptir verda Lífserfingja audid sem eptirlifir hann fellr þessi giorníngur af sialfum ser sem ogiordr. Þetta Testament erklarar Testatar með fullre Skinsemi og þui umm vilja að inne haldi sinn vilja.

Actum ut supra. Blondahl.

G.Guttormsson, Jón Sigurdsson.¹⁸¹

Notkunarmöguleikar:

Vitnisburðir umboðsréttta eru háðir því sem tekið er fyrir hverju sinni. Þar sem helst eru tekin fyrir erfðamál, s.s. að fólk sé að þinglýsa erfðaskrá, þá birtist vitnisburður umboðsréttta helst í tengslum fólks, yfirleitt hjóna, og vísun í erfðaskrá þeirra. Frekar óalgengt er að innihaldi erfðaskrárinnar sé getið í þingtextanum.

Þorlákur Audunsson (1790–?) lýsir hér að ofan konu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur (1808–?) sem eina erfingja. Þau virðast ekki hafa átt börn saman, ef marka má leit í manntalsgrunni Þjóðskjalasafns Íslands, en Guðrún átti a.m.k. einn son og þá áttu Þorlákur og Guðrún saman eina fósturdóttur.¹⁸²

31. Uppboðsréttur

Eins og nafnið gefur til kynna voru haldin uppboð við uppboðsrétti. Mjög óalgengt er að uppboðsréttir séu færðir í dóma- og þingbókækur sýslumanna, þó vissulega séu uppboð haldin af embættinu. Upplýsingar um uppboð í dóma- og þingbókunum er einkum að finna í auglýsingum um uppboð á manntalsþingum.¹⁸³ Sýslumönnum bar hins vegar að halda þar til gerðar uppboðsbækur.¹⁸⁴

¹⁸¹ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.21, Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1837–1842, bls. 141–142.

¹⁸² Sjá, ÞÍ: Manntalsgrunnur Þjóðskjalasafns Íslands, Vefslóð: www.manntal.is, leit að Húnstöðum í Hjaltabakkasókn, Húnavatnssýslu, í manntölum 1845 og 1850.

¹⁸³ Sjá t.d., ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 20. maí 1836, Db.gr.nr. 43.744.

¹⁸⁴ Sjá t.d., ÞÍ: Sýsl., Hún.XII.1.–15., Uppboðsbækur Húnavatnssýslu 1789–1915.

Uppboð eru þekkt allt aftur til 1693 í Danmörku og Noregi skv. tilskipun um uppboð. Sú tilskipun var að vísu ekki auglýst upphaflega á Íslandi, en tekin til notkunar síðar.¹⁸⁵

Dæmi um uppboðsrétt: Hún.V.13. Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1812-1818, bls. 32.

Sama dag [28.07.1813] var ~~sami~~ Auctions Réttur settur af const. Sýsslum. Amts Ordre af dato 8^{da} Júlí sídastl: að burtsetja Jördina þessari sýsslu, hvör Jörd er ein af þeim svo köll- þann 19^{da} Júní 1807 keipt af tédrar Jardar þá verandi 183rd, af hvörri summu, enn nú er ei betlad meira enn þessari sýsslu inní Snæfellssýsslu, þó fyrir utan að skédur tedrar Jardar sala, eptir áminstu háa Amts 1806, Til að fáist sú fyrsta Jardarinnar Summa innáminsta Jóns Arngrímssonar Reikning á Risico. Jördinn Bergstader 24 hdr. að Dýrleika insettst og upphrópast fyrir 183rd, og til mann á Videdalstúngu fyrir þá summu 601rd.

utsupra, B.Olsen.

Olafur Biörnsson, Jón Þórdarson.¹⁸⁶

Notkunarmöguleikar:

Líkt og aðrir aðfarardómstólar, veita uppboðsréttir einkum upplýsingar um eignir og andvirði þeirra.

Hér að ofan er jörðin Bergstaðir í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu boðin upp. Bergstaðir voru ein af svokölluðum Þingeyraklaustursjörðum, sem borguðu afgang til klaustursins, en Þingeyraklaustursjarðir höfðu verið boðnar upp við þinghald sama dag skv. þingbókinni. Í heimildinni er þingtegundar ekki getið, en hún hefur líklega verið uppboðsréttur líkt og dæmið hér að ofan.¹⁸⁷ Sú staðreynd að strikað er yfir orðið „sami“ þegar tilgreina á þingtegundina í stafréttu dæminu rennir stoðum undir að fyrri þinghaldið hafi einnig verið uppboðsréttur, sér í lagi þar sem fyrri þinginu var ekki gefin nein nafngift. Þ.a.l. hefði það haft lítið að segja þó seinna þingið hefði verið nefnt eftir því fyrri. Þessar tvær færslur í þingbókina eru einu skiptin þar sem uppboðsréttir eru sérstaklega færðir inn í dóma- og þingbækur sýslumanna í Húnavatnssýslu.

Bergstaðir höfðu verið metnir til verðleika sjö árum áður eftir skemmdir af völdum skriðufalla og árið 1834 var jörðin seld fyrir 40 rbd. Landamerki Bergstaða voru upplestin á manntalsþingi árið 1885. Árið 1912 voru útnefndir matsmenn skv. lögum nr. 50/1907 og nr.

¹⁸⁵ *Lovsamling for Island I*, bls. 510–515. (Tilskipun 19. desember 1693, um uppboð í Danmörku og Noregi).

¹⁸⁶ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.13, Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1812–1818, bls. 32.

¹⁸⁷ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 28. júlí 1813, Db.gr.nr. 63.949.

31/1905 til að meta Bergstaði og aðrar kirkju- og þjóðjarðir og fjórum árum síðar var þinglýst afsalsbréfi frá Íslandsráðherra fyrir Bergstöðum í einkaeigu.¹⁸⁸

32. Þriggja hreppa þing

Þriggja hreppa þing voru sérstök hreppstjórnarþing sem haldin voru fyrir a.m.k. þrjá hreppa í senn, þar sem ýmsum málum var ráðið til lykta. Einkum voru tekin fyrir málefni er vörðuðu hreppana og íbúa þeirra, en einnig voru dómsstörf tíð á þriggja hreppa þingum.

Ekki er fullljóst um upphaf þriggja hreppa þinga, en þau eru a.m.k. þekkt frá 14. öld, skv. Árnesingaskrá.¹⁸⁹ Þá virðast þau leggjast af á 18. öld. Þannig er yngsta þriggja hreppa þingið í dóma- og þingbókum sýslumanna í Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum haldið á Stóra-Eyjarlandi árið 1774, þar sem rætt var um verslunarskuldir og kvartað undan gæði og verð á vörum.¹⁹⁰

Dæmi um þriggja hreppa þing: Hún. V.5. Dóma- og þingbók 1747–1755, bls. 151r–153r

Anno 1754 þann 5ta Júný að settu þriggja hreppa þinge á Torfalæk Voru Til þingvitnes nefnder Einar Gislason Þorkell Þorsteinsson Vigfús Jvarsson Loptur Paalsson Jon Sveinsson Hákon Erlendsson Gisle Einarsson Olafur Jonsson.

Voru effter begiæring alþídu að taka þingsvitne uppa til fallenn hardinde og fiárskada i þessu herade til þessa þings kallader Lögregtumaduren Grimur Grimsson Samt hreppstiórar og fornemestu bændur úr þremur næstlyggiande hreppum hvorier nu mættu hier á þingenu til að vitna um áður sagt efne og Soru atta af þeim Efter til hlidlega áminning So latande Eyd sem fylger: Eg Grimur Grimsson Eg Jon Magnusson Eg Helge Arnason Eg Þorleifur Olafsson Eg Bergur Einarsson Eg Gudmundur Jonsson Eg Torfe Magnusson Eg Jon Sigurdsson Sver og seige fyrer gude og þessumm retti að eg Skal vitna það sannast mier vitanlegt er um hardinde fiármisser og tilstand alþídu i Húnavatns Syslu á þessu Vore og ummlidumm Vetre soviðt eg tilveit og verd adspurdur af Rettenumm So sannarlega hialpe mier gud og hans h: ord.

Þar næst var 1^o Lögregtu madurenn Grimur Grimsson fyrer Retten Jnnkalladur og adspurdur 1^o hversu geinged hafe med heiskap á fyrerfarande Sumre? Svarar að á flestumm bæumm i Sveinstada hrepp hafe tada storlega Skemst af langvarande oferrum

¹⁸⁸ ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, 23. apríl 1806, Db.gr.nr. 62.772; 26. maí 1834, Db.gr.nr. 54.250; 30. maí 1885, Db.gr.nr. 54.305; 3. júní 1912, Db.gr.nr. 62.986; 21. júní 1916, Db.gr.nr. 48.412.

¹⁸⁹ D.I., II., bls. 356. Árnesingaskrá, 1306 eða 1375.

¹⁹⁰ ÞÍ: Sýsl. Eyj.IV.08. Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1766–1797, 13. september 1774, án bls.tals.

og Stórregnum sem varad hafa frá því á töðu slætte til vetur nóttu so fáer eda aungver dagar hafe Jnnfalled med þerrer fra morgne til kvöllds hafe á Sumumm bæum af þessu fordiarfast öll tada Sumumm minna Enn allstadar nockur, Enn úthei öll storlega fordiorfud so hvorge vite hann úthei so mýked sem á eira hest oskemmt feingest hafa i þeirra Sveit. Nockrer hafe miög mýked heí af Vatnsflódumm mist hvad alldreí sidann rádest: og alldrej i sinne tid seigest hann vita til eda muna Slikann Skada á heiskap orded hafa. 2^o Adspurdur umm vetrar far? Svarar: ad þegar hálf önnur vika var af vetre hafe giört Stórhreider af Snióumm og Jard bann þareffter halldest frost med fiúkum og Spillingar blotum ... 3^o Adspurdur umm peninga hölld og misser Svarar: ad so nær á öllum bæumm i hreppnumm hafe bændur mist Saudfe allt ad Jnnstædu og Sumer Jnnstædu kúgilldenn med ...¹⁹¹

Notkunarmöguleikar:

Þriggja hreppa þing greina fyrst og fremst frá almennum hreppsmálefnum er ná yfir allt að þrjá hreppa. Einnig geta mörg þriggja hreppa þing vitnað um ýmis dómsmál.¹⁹²

Við dæmið hér að ofan er Grímur Grímsson (1699–1784) yfirheyrður um ástand þriggja hreppa í Húnavatnssýslu, s.s. um heyskap, veðurfar yfir veturinn og sauðfjáreign bænda. Fleiri vitni voru yfirheyrð við þingið, sem bera flest með sér svipaða frásögn af harðindum í Húnavatnssýslu 1754.

¹⁹¹ ÞÍ: Sýsl., Hún.V.5., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1747–1755, bls. 151r–152r.

¹⁹² Ólafur Lárusson lagaprófessor bendir á nokkra dóma í grein sinni um þriggja hreppa þing, sjá, Ólafur Lárusson: „Þriggja hreppa þing“, í Ólafur Lárusson: *Lög og saga*, bls. 259–264.

V. Niðurstöður

33. Efnisskráning dóma- og þingbóka

Þegar dómabókaverkefnið fór af stað vorið 2007 var kerfisbundið farið í gegnum allar dóma- og þingbækur af viðkomandi svæði sem var til fyrirtöku í þjóðlenduverkefninu. Efnisskráning á heimildunum hófst árið 2007 og var þjóðlenduverkefnið þá talsvert á veg komið. Landinu hafði verið skipt upp í afmörkuð svæði, þar sem búið var að úrskurða í u.þ.b. helmingi þeirra. Vinna við gagnagrunn dóma- og þingbóka hófst með skráningu gagna úr sýslumannsembætti Eyjafjarðarsýslu samhliða þjóðlenduverkefni ríkisins og á eftir fylgdi efnisskráning á heimildum Skagafjarðar-, Húnavatns- og Mýrasýslum. Hver færsla gagnagrunnsins var þannig flokkuð niður eftir málstegund og atriðisorði.

Aðalmarkmið dómabókaverkefnisins samhliða þjóðlenduverkefninu er að skrá og varpa ljósi á eignarheimildir og réttindi jarða. Þannig sparar gagnagrunnurinn tíma og auðveldar leit að einstökum jörðum sem til fyrirtöku eru. Til lengri tíma litið er markmiðið hins vegar að skrá efni allra dóms- og þingmála sýslumanna landsins í gagnagrunninn. Þannig myndu bjóðast spennandi möguleikar til rannsókna á viðkomandi svæðum, hvort heldur sem er í hugvísindum, félagsvísindum, lögfræði o.s.frv.¹⁹³

Við efnisskráningu dóma- og þingbókanna fór fram mikilvægt tölvu- og forritunarstarf, sem síðan tók talsverðum breytingum eftir því sem leið á skráninguna. Í upphafi verkefnisins var notast við Microsoft Access gagnagrunn við gagnaskráninguna, en þá tók hún einkum mið af jarðamálum. Eftir sumarið 2007 í skráningu dómabókaverkefnisins var hafist handa við að hanna nýtt skráningarviðmót sem myndi veita fleiri möguleika og nýtast skráningunni betur fyrir fleiri efnisflokkum. Kerfis- og tölvunarfræðingar Þjóðskjalasafn Íslands byggðu því upp nýjan gangagrunn í MySQL formi (e. My Structured Query Language). Vinnan við MySQL grunninn varð með tímanum einskonar þróunarverkefni, þar sem gagnagrunnurinn tók talsverðum breytingum með tilliti til málstegunda og atriðisorða. Þannig urðu til mörg ný atriðisorð á fyrstu vikum dómabókaskráningarinnar sumarið 2008, þar sem áður hafði einkum verið leitast við að skrá jarðamál. Gagnagrunnurinn var því í stöðugri þróun fyrstu misserin og atriðisorðin urðu brátt yfir 170 talsins og efnisflokkar voru samhafðir er skráning á öllum dóma- og þingbókum einnar sýslu var lokið. Með MySQL grunninum fjölgaði ekki aðeins möguleikunum til gagnaskráningar, heldur urðu afköstin meiri og leitarviðmótið varð einfaldara og fljótlegra í notkun.

¹⁹³ Þjóðskjalasafn Íslands. Skýrsla um starfsemi 2006–2008, bls. 62–63.

Í MySQL forminu er grunnurinn byggður upp í einskonar klasayfirlit, þar sem ákveðnar upplýsingar eru færðar í hverja töflu, s.s. tegund máls, atriðisorð, málsaðila, bærjarheiti o.s.frv., sem síðan tengjast á einn eða annan hátt saman í eina dómabókafærslu. Bæði skráning og leit í gagnagrunninum tekur því mið af þessum töflum og er hægt að leita í grunninum, með því að þrengja hana við ákveðnar töflur, s.s. atriðisorðið *Morðmál*, en grunnurinn býður einnig uppá orðaleit í inntaki máls og öðrum stöðluðum töflum, s.s. málsaðilum, bærjarheitum og þinghaldsstöðum. Við skráningu á færslu úr dóma- og þingbók ber því að færa inn allar helstu upplýsingar, þ.e. heiti dómabókar, dagsetningu, þinghaldsstað, sýslu, tegund þings, atriðisorð og inntak máls. Til viðbótar býður skráningarviðmótið uppá innslátt á málsaðilum, bls.tali, hreppum, bæjum, heiti svæðis, auk athugasemda og tengdum gögnum.

Aðgangur að dómabókagrunni sýslumanna er opinn á lestrarsal Þjóðskjalasafns Íslands, en stefnt er að því að opna vefviðmót fyrir grunninn, þar sem hægt yrði að leita að ólíkum málstegundum og atriðisorðum. Sem fyrr segir var meginstofn efnisskráningarinnar í gagnagrunninn sex málstegundir – þ.e. atvinnumál, fjárhagsmálefni, jarðamál, réttarfar, samfélagsmál og stjórgæsla og stjórnvaldsaðgerðir – sem síðan innihalda á bilinu 7–50 atriðisorð. Fjórar málstegundir standa hinum tveimur langtum framar með tilliti til fjölda atriðisorða og skráðra færslna á atriðisorð þeirra, þ.e. jarðamál, fjárhagsmálefni, réttarfar og stjórgæsla og stjórnvaldsaðgerðir. Í mörgum tilvikum eru þó fleiri en eitt atriðisorð skráð í einni færslu í gagnagrunninum og því er ekki óalgengt að atriðisorð einnar færslu geti komið úr tveimur eða fleiri málstegundum. Algeng dæmi um þetta eru t.d. *skuldamál* sem er undir fjárhagsmálefnum og síðan *verslun* undir atvinnumálum. Þar að auki er ekki óalgengt að atriðisorðin *stefna* og *sættir* tengist áðurnefndum atriðisorðum, t.d. þegar tekin eru fyrir verslunar- og skuldamál kaupmanna gegn skuldunautum fyrir gestarétti. Í mörgum færslum gagnagrunnsins geta því átt við fleiri en eitt atriðisorð, sem síðan geta komið úr fleiri en einni málstegund. Einn efnisflokkur sker sig þó úr hvað þetta varðar og ber þess augljós merki að megináhersla skráningarinnar tók mið af þjóðlenduverkefninu. Sá flokkur er jarðamál en frekar sjaldgæft er að atriðisorð jarðamála komi úr öðrum tegundum mála.

Segja má að markmið gagnagrunns dóma- og þingbóka sé í raun tvíþætt. Til skemmri tíma litið þjónar gagnagrunnurinn fyrst og fremst þjóðlenduverkefninu, þar sem úttekt á jarðamálum viðkomandi svæða er býsna einföld og fljótleg. Til lengri tíma litið þjónar gagnagrunnurinn hins vegar veigameira rannsóknarhlutverki í mun fleiri efnisflokkum, þar sem hann auðveldar ekki aðeins leit og aðgengi að efni dóma- og þingbókanna, heldur veitir einnig tækifæri til rannsókna í öðrum heimildaflokkum skjalasafna út frá innihaldi dóma- og

þingbókanna. Dómabókagrunnurinn er því fyrst og fremst góður leiðarvísir inní efnisskrá frumheimildanna sem dóma- og þingbækurnar eru og ætti að auka og dýpka rannsóknarmöguleika í ýmsum fræðigreinum.

Leitarmöguleikarnir í gagnagrunni dóma- og þingbóka eru gríðarlega margir, en með tilkomu orðaleitar eru möguleikarnir allt að því óendanlegir miðað við þær þrengingar sem fyrir voru. Í MySQL forminu er grunnurinn fjöldi taflna, sem síðan er hægt að þrengja leitina við. Þannig er einfalt að leita að færslum grunnsins sem þrengdar eru við einn eða fleiri möguleika af eftirfarandi atriðum: Dómabók, ártal, sýsla, hreppur, tegund máls og atriðisorð.

Auk þrengingarmöguleikanna eru í leitarviðmótinu leitarmöguleikar tengdir orðaleitinni, sem gefa möguleika til orðaleitar út frá og/eða leit (e. and/or) og nákvæmri stafa- og orðanotkun í inntaki máls. Þá býður orðaleitin einnig uppá leit út frá upphafi og endi orðs (á ensku nefnt regular expression). Þessir leitarmöguleikar miðast við eftirfarandi atriði efnisskrárinnar: Málsaðila, heiti svæðis, þinghaldsstaði, bæjarnöfn og inntak máls. Í öllum þessum tilvikum eru möguleg leitarorð skráð í nefnifalli, nema í inntaki máls. Þannig getur orðaleitin boðið uppá leit í fleiri en einum af fyrrnefndum möguleikum í einu og því t.d. hægt að leita bæði að mannsnafninu Jónas eftir málsaðilum og inntaki máls með því að haka við viðkomandi reiti.

34. Þingtegundir og þinghaldsstaðir

Frá því sýslumenn urðu umboðsmenn konungs á 13. öld og þar til dómsvald og umboðsvald urðu aðskilin árið 1992, hafa sýslumannsembættin og starfsumhverfi þeirra breyst mikið, þó ákveðnir þættir hafi haldið sessi í margar aldir. Þannig var Jónsbók aðalréttarheimild Íslendinga um langt skeið, en þegar komið var fram á 16. og 17. öld varð margt torskilið í Jónsbók og hófust þá hinar íslensku lögfræðibókmenntir, sem nær allar fjölluðu um Jónsbók.¹⁹⁴

Þegar litið er til dóma- og þingbóka sýslumanna verður niðurstaðan að mörgu leyti eins. Embættisskyldur breyttust með auknum lagasetningum og tilskipunum, þar sem þingtegundir, sem komu til á 19. og 20. öld, tóku til sérstæðra málaflokka og aðrar þingtegundir voru lagðar niður. Þó virðist sem eitt þinghald hafi haldið sér að forminu til frá elstu heimildum og þar til hætt var að halda þingið á 20. öld, en það er manntalsþingið. Í dæmum þeim sem hafa verið tíunduð í þessum leiðarvísi er manntalsþing eitt fjögurra fornra þingtegunda sem heldur flest öllum hlutverkum sínum frá lagasetningu þess í Jónsbók og þar

¹⁹⁴ Ólafur Lárusson: „Þróun íslensks réttar eftir 1262“, í Ólafur Lárusson: *Lög og saga*, bls. 205–206.

til þingtegundin er lögð niður að nafninu til á 20. öld. Þannig er uppsetning manntalsþinga í dóma- og þingbókum yfirleitt sú sama, með opinberum tilkynningum, fyrirspurnum og gjaldheimtu, þinglestri ýmissa skjala og kosningu hreppstjóra. Manntalsþing eru ennfremur eina þingtegundin sem hafði lögbundin þingtíma á vorin, en þau fóru einkum fram í apríl, maí og júní.¹⁹⁵ Þó gat það orðið að þinghaldinu yrði seinkað eða að það væri jafnan haldið seinna um sumarið sökum fjarlægðar viðkomandi hreppa. Þannig virðast manntalsþing á Þóroddsstöðum í Ólafsfirði og Hvanneyri í Siglufirði iðulega vera haldin í júlí eða ágúst í upphafi 19. aldar, á meðan öll önnur manntalsþing í Eyjafjarðarsýslu fóru fram í apríl, maí eða júní. Meira að segja kom það fyrir að manntalsþing fór fram í september á Hvanneyri, en sama ár, þ.e. 1809, er ekkert manntalsþing fært í dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu og ræður þar hugsanlega einhvers konar misbrestur í stjórnarsýslunni, sökum byltingartilraunar frá Reykjavík.¹⁹⁶

Hin þrjár þingtegundirnar sem birtast í dóma- og þingbókum, og geta kallast fornar þingtegundir, eru héraðsþing, leiðarþing og þriggja hreppa þing. Öllum þessum þingtegundum fækkar smám saman í dóma- og þingbókunum þegar líða tekur á 18. öldina. Á sama tíma fækkaði ennfremur dómstörfum á manntalsþingum, en þess háttar mál komu þá til kasta hinna nýju þingtegunda í upphafi á 18. og 19. öld, þ.e. aukaréttar og lögregluþings, og einnig justitsréttar og prófsréttar í upphafi 19. aldar. Fyrsta dómstig hélst því áfram á þingum sýslumanna. Af þessum fornu þingum gegndi einkum héraðsþingið svipuðum hlutverkum og aukaréttir og lögregluþing, þar sem rannsókn fór fram í réttarfarsmálum. Breytingar í réttarfarsmálum verða flestar eftir einveldistökuna á Íslandi á 17. öld og með innleiðingu danskra og norskra laga í upphafi 18. aldar. Þannig verða aukaréttir og lögregluþing til á Íslandi út frá erlendum lögum. Á sama tíma lögðust héraðsþing, leiðarþing og þriggja hreppa þing af og manntalsþing tóku að fullu við meginhlutverkum þeirra, þ.e. að taka fyrir héraðsmálefni, kynna tilskipanir og lagasetningar og fjalla um alþingismálefni.

Flestar aðrar þingtegundir sem teknar eru fyrir í þessum leiðarvísi eru þess eðlis að þær voru ekki reglulegar í dóma- og þingbókum sýslumanna. Það eru þó einkum bæjarþing og dómþing 20. aldar sem geta talist reglulegt þinghald, enda var þeim þingtegundum ætlað að taka við af manntalsþingum í kaupstöðum. Nær allar hinar þingtegundirnar eru háðar ákveðum málsatvikum og koma fram annað hvort á 19. eða 20. öld. Þær þingtegundir eru því til marks um þá sundurgreiningu málaflokka í skjalasöfnum sýslumanna, þar sem t.a.m. aðfarardómstólarnir fógetaréttur, skiptaréttur og uppboðsréttur, fara að verða færðir inn í þar

¹⁹⁵ Gustafsson, Harald: *Mellan kung och allmoge*, bls. 72.

¹⁹⁶ ÞÍ: Sýsl., Eyj.IV.B.13, Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1809–1813, 16. september 1809, án bls.tals.

til gerðar bækur. Sama gildi um landamerkjadóm, sjódóm og gestarétt í upphafi 20. aldar, þó þingtegundirnar birtist vissulega í dóma- og þingbókum sýslumanna. Þær þingtegundir sem helst ganga á skjön við flestar hinna þingtegundanna eru amtsúrskurður, prófastsréttur og standréttur. Amtsúrskurðurinn var vitaskuld ekki þinghald í sjálfu sér, heldur aðeins dómsúrskurður sem færður var inn í dóma- og þingbókina, óháður þinghaldi. Prófastsrétturinn var það fátíður hjá sýslumönnum að aðeins eitt mál var tekið fyrir á prófastsrétti í dóma- og þingbókum Eyjafjarðarsýslu og þá var standrétturinn algjört einsdæmi, sem sýnir þó hvernig dönsk lög gátu hæglega gilt á Íslandi.

Þingtegundir í dóma- og þingbókum sýslumanna 1621–1950 sýna því frekar staðlað form í embættisstörfum sýslumanna, þar sem langalgengasta þinghaldið voru manntalsþing, aukaping og lögregluþing. Þegar litið er til þinghaldsstaða kveður hins vegar við annan tón. Í þeim 25 dæmum um þingtegundir í þessum leiðarvísi er greint frá 23 mismunandi þinghaldsstöðum. Í flestum tilvikum eru þinghaldsstaðir færðir inn nákvæmlega, þ.e. nákvæmt heiti á bæ, s.s. Ríp í Hegranesi. Það er helst að þinghald 20. aldar greini ekki eins nákvæmt frá þinghaldsstöðum, þó þinghaldsstaðir verði mun staðlaðri með staðsetningu sýslumannsembætta í kaupstöðum. Þannig má sjá þinghald sýslumanna fara fram á skrifstofu embættisins, eða skrifstofu bæjarfógeta, sem greinir svo ekki frekar frá hvar sú skrifstofa er.

Dóma- og þingbækur sýslumanna eru því að mörgu leyti býsna staðlaðar heimildir að forminu til, en mjög breytilegar þegar rýnt er dýpra ofan í þingstörf sýslumanna og vitnisburði mála. Fyrst og fremst er dómabókagrunnurinn þó það tæki sem veitir fólki gríðarmörg tækifæri til rannsókna á sýslumannsembættum á Íslandi.

VI. Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Pétur G. Kristjánsson: „Sýslumenn“, Óútgefin grein í eigu höfundar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum = AM

- 254, 4to. Dómabók Einars Hákonarsonar, sýslumanns í Árnessýslu, 1619–1626.

Þjóðskjalasafn Íslands = ÞÍ

Skjalasafn sýslumanna og sveitastjórna [Sýsl.]

Barðastrandarsýsla:

- Sýsl., Barð.IV.1., Dóma- og þingbók Eggerts Björnssonar 1661–1662.

Dalasýsla:

- Sýsl., Dal.V.1., Dóma- og þingbók Bjarna Péturssonar 1653–1654 (brot).

Eyjafjarðarsýsla:

- Sýsl., Eyj.IV.B.08., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1766–1797.
- Sýsl., Eyj.IV.B.10., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1789–1793 (1797).
- Sýsl., Eyj.IV.B.13., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1809–1813.
- Sýsl., Eyj.IV.B.24., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1851–1854.
- Sýsl., Eyj.IV.B.29., Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 1875–1891.
- Sýsl., Eyj.IV.B.31., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1884–1890.
- Sýsl., Eyj.IV.B.51., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1915–1920.
- Sýsl., Eyj.IV.B.55., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1918–1925.
- Sýsl., Eyj.IV.B.57., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1921–1924.
- Sýsl., Eyj.IV.B.64., Dómsmálabók Eyjafjarðarsýslu 1936–1944.
- Sýsl., Eyj.VI.D.1.–24., Lögregluþingbækur Eyjafjarðarsýslu 1926–1950.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:

- Sýsl., Gull-Kjós.IV.09., Dóma- og þingbók Sigurðar Péturssonar sýslumanns og Páls Jónssonar klausturhaldara 1795–1805.
- Sýsl., Gull-Kjós.IV.B.1.–28., Lögregluþingbækur Gullbringu- og Kjósarsýslu 1937–1953.

Húnavatnssýsla:

- Sýsl., Hún.V.01., Dóma- og þingbók Guðmundar Hákonarsonar og Jóns Sigurðssonar 1621–1648.
- Sýsl., Hún.V.04., Dóma- og þingbók Bjarna Halldórssonar 1731–1741, 1745–1746.
- Sýsl., Hún.V.05., Dóma- og þingbók Bjarna Halldórssonar 1747–1755.
- Sýsl., Hún.V.06., Dóma- og þingbók Bjarna Halldórssonar 1756–1760.
- Sýsl., Hún.V.08., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1770–1781.
- Sýsl., Hún.V.13., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1812–1818.
- Sýsl., Hún.V.14., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1818–1819.
- Sýsl., Hún.V.19., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1830–1835.
- Sýsl., Hún.V.21., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1837–1842.
- Sýsl., Hún.V.23., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1850–1855.
- Sýsl., Hún.V.27., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1869–1871.
- Sýsl., Hún.V.30.a., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1874–1876.
- Sýsl., Hún.V.34., Dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1887–1895.
- Sýsl., Hún.VI.04., Dómabók Húnavatnssýslu 1842–1856.
- Sýsl., Hún.VII.01.–24., Fógetabækur Húnavatnssýslu 1823–1939.
- Sýsl., Hún.XII.01.–15., Uppboðsbækur Húnavatnssýslu 1789–1915.
- Sýsl., Hún.XIV.01., Skiptabók Húnavatnssýslu 1792–1806.

Ísafjarðarsýsla:

- Sýsl., Ísafj.IV.14.b., Dóma- og lögregluréttarbók 1900.

Mýrasýsla:

- Sýsl., Mýr.IV.06., Dóma- og þingbók Mýrasýslu 1856–1861.

Reykjavík:

- Sýsl., Rvk.XVIII.1.–34., Lögregluþingbækur Reykjavíkur 1883–1928.

Skaftafellssýsla:

- Sýsl., Skaft.V.03., Dóma- og þingbók Kristjáns Vigfússonar 1801–1803.

Skagafjarðarsýsla:

- Sýsl., Skag.V.02., Dóma- og þingbók Jens Spendrup 1724–1735.
- Sýsl., Skag.V.10., Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu 1799–1811.

Snæfellsnessýsla:

- Sýsl., Snæf.IV.1.a., Dóma- og þingbók Matthíasar Guðmundssonar 1652–1667.

Prentaðar heimildir

Alþingisbækur Íslands, I.–XVII. bindi, 1570–1800, Acta Comitiorum Generalium Islandiae (Reykjavík 1912–1990).

Axel Kristinsson: „Embættismenn konungs fyrir 1400“, í *Saga XXXVI* (1998), ritstjórar: Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Már Jónsson og Sigurður Ragnarsson, bls. 113–152.

Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín. Lögfræðihandbók fyrir almenning jafnt lærða sem leika* (Reykjavík 1973).

Björk Ingimundardóttir: „Nyt forskningsarbejde i Islands Nationalarkiv“, í *Nordisk Arkivnyt*, 50. árg., 1. tbl. (2005), ritstjóri: Eiríkur G. Guðmundsson, bls. 11–14.

Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir I.–V.*, með skýringum og viðaukum eftir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson (Reykjavík 1881–1932).

Boulhosa, Patricia Pires: *Gamli sáttmáli. Tilurð og tilgangur*, Smárit Sögufélags (Reykjavík 2006).

Chronologisk register over de kongelige forordninger og aabne breve, I, 1670–1699 (Kaupmannahöfn 1795).

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn, I.–XVI. bindi, 834–1589 (Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857–1972).

Gísli Baldur Róbertsson: „Áform um endurskoðun íslenskra laga“, í *Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, Már Jónsson tók saman, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8 (Reykjavík 2004), bls. 35–54.

Grágás. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna (Reykjavík 1992).

Gunnar Örn Hannesson: „Íslands Nationalarkivs domprotokolprojekt“, í *Nordisk Arkivnyt*, 53. árg., 3. tbl. (2008), ritstjóri: Eiríkur G. Guðmundsson, bls. 134–135.

Gustafsson, Harald: *Mellan kung och allmoge. Ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*, Stockholm studies in history 33 (Stokkhólmur 1985).

Heimildaleit í Þjóðskjalasafni, Björk Ingimundardóttir tók saman, Upplýsingarit Þjóðskjalasafns (Reykjavík 1996).

Helgi Þorláksson: „Er Gamli sáttmáli tómur tilbúningur?“ í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006*, ritstjórar: Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson (Reykjavík 2007), bls. 392–398.

Hjálmar Vilhjálmsson: „Manntalsþing“, í *Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni prófessor dr. juris & philosophiae sjötugum 25. febrúar 1955* (Reykjavík 1955), bls. 117–132.

Íslensk orðabók, ritstjóri: Árni Böðvarsson, Önnur útgáfa, aukin og bætt (Reykjavík 1992).

Járnsíða og kristinréttur Árna Þorlákssonar, útgefendur: Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, Smárit Sögufélags (Reykjavík 2005).

Jón Helgason: „„Þetta bölvað beinamál““, í *Vér Íslands börn II*. (Reykjavík 1969).

Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578, Már Jónsson tók saman, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8 (Reykjavík 2004).

Kong Christian den Femtes Norske lov af 15de april 1687 (Kristiania 1904).

Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873, I., II. og IV. bindi, 1802–1837 (Reykjavík 1916–1938).

Lovsamning for Island. Indeholdende unvalg af de vigtigste ældre og nyere love og anordninger, resolutioner, instruktioner og reglementer, althingsdomme og verdægter, kollegial-breve, fundatser og gavebreve, samt andre aktstykker, til oplysning om Islands retsforhold og administration i ældre og nyere tider, I.-XXI. bindi, 1264–1870 (Kaupmannahöfn 1853-1889)

Lögfræðiorðabók með skýringum, ritstjóri: Páll Sigurðsson, aðstoðarritstjórar: Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir (Reykjavík 2008).

Már Jónsson: „Efasemdir um sáttmála Íslendinga og Noregskonungs árið 1262“, í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006*, ritstjórar: Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson (Reykjavík 2007), bls. 399–406.

Morgunblaðið, 25. maí 1946.

Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne, ritstjórar: Erik Nørr og Jesper Thomassen, Kilder til dansk forvaltningshistorie V. (Kaupmannahöfn 2007).

Ordbog over det danske sprog, XXI., Sort-Stivøjet, ritstjóri: Dahlerup, Verner (Kaupmannahöfn 1943).

Ólafur Lárusson: „Þróun íslensks réttar eftir 1262“, í Ólafur Lárusson: *Lög og saga* (Reykjavík 1958), bls. 199–222.

Ólafur Lárusson: „Þriggja hreppa þing“, í Ólafur Lárusson: *Lög og saga* (Reykjavík 1958), bls. 249–268.

Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*, III. bindi, J–N (Reykjavík 1950).

Sigfús Haukur Andrésson: *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar. 2. útg.*, ritstjóri Jón Guðnason, Ritsafn Sagnfræðistofunar 1 (Reykjavík 1982).

Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna I.–IV., Bráðabirgðaskrár Þjóðskjalasafns (Reykjavík 1973).

Stefnir, 5. nóvember 1897.

Stjórnartíðindi 1981, 1989, 1998. A-deild (Reykjavík 1981, 1989, 1999).

Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1882, 1936, 1938, 1939. A-deild (Reykjavík 1882, 1936, 1938, 1939).

Sveinbjörn Rafnsson: *Skrift, skjöl og skjalasöfn. Ágrip af skjalfraði*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 2 (Reykjavík 1980).

Þjóðskjalasafn Íslands. Skýrsla um starfsemi 2006–2008, ritstjóri: Ólafur Ásgeirsson (Reykjavík 2009).

Rafrænar heimildir

ÞÍ: Dómabókagrunnur sýslumanna 1621–1950, lestrarsal Þjóðskjalasafni Íslands, einnig: Vefslóð: <http://domabaekur.skjalasafn.is>.

ÞÍ: Manntalsvefur Þjóðskjalasafn Íslands, Vefslóð: <http://www.manntal.is>.

VII. Viðauki og skrár

A. Orðskýringar

Listi yfir ýmis hugtök og orðatiltæki sem birtast í dóma- og þingbókum sýslumanna. Skýringar eru fengnar úr eftirfarandi heimildum: *Heimildaleit í Þjóðskjalasafni*, Björk Ingimundardóttir tók saman (Reykjavík 1996); *Íslensk orðabók*, ritstjóri: Árni Böðvarnsson (Reykjavík 1992); Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín. Lögfræðihandbók fyrir almennig jafnt lærða sem leika* (Reykjavík 1973); *Lögfræðiorðabók með skýringum*, ritstjóri: Páll Sigurðsson (Reykjavík 2008).

7ber = september

8ber = október

9ber = nóvember

10ber = desember

A.D., Anno Domini = á því herrans ári

actor = sækjandi

actum ut supra = gert skamkvæmt ofanskráðu

ad sub = að neðan

adjungeraður = settur

administrator = umboðsmaður konungsjarða, sem áður voru í eigu klaustra

Ad.Mand., ad mandatum = að skipun

afbötun = málsbætur

alin = lengdareining. Hamborgaralin eða íslensk alin, 57 cm. Dönsk alin, löggilt 1776, 62,7 cm.

angefa = greina frá, t.d. vogrek angefið

anmode = skora á

annexia = útkirkja, þar sem ekki er prestsetur

anno die et loco ut supra = ár, dag og stað samkvæmt ofanskráðu

anno die ut supra = ár og dag samkvæmt ofanskráðu

antage = reikna með

arresteraður = handtekinn

assessor = meðdómari, yfirdómari

assistent = aðstoðarmaður, búðarmaður

attestera = votta

authorization, autoriseraður = löggilding, löggiltur

auction = uppboð

befala = skipa

befalningsmaður = yfirmaður, umboðsmaður

begjering = krafa, ósk

beneficius = sá er heldur lénsjörð

besigtelsismenn = skoðunarmenn

betalað = borgað

bevísing = sönnun, skírteini, skilríki

bilager = fylgiskjöl

circulaire = umburðarbréf
citeraður = vitni
chirurgi = læknir, skurðlæknir
constitueraður = settur, skipaður
curator = umsjónarmaður, tilsjónarmaður
d.u.s., datum ut supra = sama dag og fyrr segir
dannebrogmaður = maður er hlotið hefur orðu Danafána
dat., datum = dagsetning
dánumaður, dandimaður = meðdómari
Db. = dagbók
defensor = verjandi
die et loco ut supra = dagur og staður samkvæmt ofanrituðu
die ut supra = dagur samkvæmt ofangreindu
dimitteraður = leyft að fara, burtfararleyfi
djöfladrykkur = asafoetida (kryddtegund), djöflatað
do., ditto = sama og næst á undan
document = skjal
ej., ejusd., ejusdem = sama (ár og mánuður)
embættisaffairer = embættissýslan, umsýsla
erklæra = lýsa yfir
etc, et cetera = o.s.frv.
examinerað = skoðað
factor = verslunarstjóri
fáþykkja = óvild

fjórðungur = fjórðungur fiska, verðeining. Gildur fiskur var 1 kg. Ein alin var tveir fiskar, 100 álnir voru 240 fiskar
fletfærsla = framfærsla
folio = arkarbrot
forlíkun = sáttagerð
forordning = tilskipun, fyrirmæli
forpaktari = maður sem situr annars jörð
forsvara = svara fyrir
forvaltari = bústjóri, umsjónarmaður
fullmagn = umboð
grandsknings = skoðunar, sbr. skoðunarþing (grandskningsþing)
grosserer = kaupmaður
heimatíund = tíund af heimajörð kirkju
hirðstjóri = æðsti umboðsmaður konung á 14.–17. öld. Einnig nefndur höfuðsmaður, landstjóri
hugnun = gera til geðs, greiði
hujus = þessa mánaðar
hundrað = Verðgildi. 1 hdr. jafngilti 120 álnum
höndlun = verslun
ib., ibid., ibidem = á sama stað, í sama riti, á sömu síðu
improbera = reyna, rannsaka
instrux = instruction, veitingarbréf
ítem = einnig, sömuleiðis
journal = bréfadagbók
jusitiarius = dómstjóri í yfirrétti
kammersekreter = stjórnarráðsritari

kansellí = skrifstofa í ráðuneyti
kapellán = aðstoðarprestur
kirkjuverjari = umsjónarmaður kirkju
knérunnur = ættarlína, niðjar í beinni röð niður eftir
kongl. majestat = konungleg hátign
kopíubók = bréfabók
krof = afturhluti lambaskrokks
kuld og kjön/kön = d. að ættleiða
kúgildi = einnar kýr verðmæti, þ.e. 1 kýr jafngilti 6 ám
kvartil = lengdarmálseining, ¼ úr alin, 6 þumlungar, rúmmálseining
kvilltur = maður með kvilla
L.S., lectori salutem = lesanda heilsað
landaurar = gjaldgengar vörur á föstu verði, s.s. vaðmál, þrjónles, húðir, smjör og fiskur
landskuld = afgjald af jörð
legkaup = greiðsla fyrir legstað
lénsmaður = maður er stjórnar ákveðnu umdæmi í umboði eiganda
ljóstollur = tollur er menn skyldu greiða graftarkirkju sinni
lóð = mælieining, 1/32 úr pundi eða 1/16 úr marki, færi
lögfesta = löghelgun, friðlýsing
máldagi = skrá um eigur kirkna
markseðlar = upplýsingar um fjármark
m.e.h. = táknað að viðkomandi hafi ritað nafn sitt sjálfur, annars væri

nafnið handsalað eða við það stæði: með hönd á penna, sem þýðir að viðkomandi hélt um pennann, en annar hélt um hönd hans og stýrði í raun pennanum
memorial = minnisblöð
mentioneraður = áminnstur
múlkt = sekt
mk., mörk = mynteining, mælieining, um hálf pund
mpp., manu pro pria = Merkir það sama og *m.e.h.*
N.N., nomen nescio = nafn óþekkt
norsku lög = sérstök lögbók í Noregi í lok 17. aldar, sem tekið var að beita á Íslandi eftir 1718, skipt í 6 bækur, síðan í kafla, greinar og paragraf
oekonomus, økonomer = bústjóri, ráðsmaður, hagfræðingur
orig., original = upprunalegur
P.M., Pro Memoria = til athugunar, til minnis
P.S., Postscriptum = eftirskrift, viðbættir við bréf
permitterar = gefur leyfi til
publiceraðir = auglýstir
proprieter = jarðeigandi, óðalseigandi, stórbóndi
protest = mótmæli
protokoll = gerðabók, embættisbók
próventa = fé gefið gegn því að fá framfæri hjá viðkomandi í ellinni
quarto = fjórðungsbrott, miðlungsstærð á bók eða pappír

R.B.E.K. = réttarbót Eiríks konungs
R.B.H.K. = réttarbót Hákonar konungs
rariteter = fágæti, sjaldséður gripur, konungs gersemi
rddl. = ríkisbankadalur, ríkisbankadalir
rddl. = ríkisdalur, ríkisdalir
registera = skrásetja
rentukammer = fjármálaráðuneyti
restans, restanslistar = skuld, skuldalistar, afgangur
reparerað = gert við, lagað
rigtugheit = réttleiki, sannleiki
ríkisdalur = danskur gjaldmiðill
sakeyrir = sektargreiðsla til konungs
sekreter =
Sgr., Signor = herra, ávarpstíll betri bænda
sign., signatum, signum = undirritað og innsiglað, merki
snikkari = lærður smiður
sk. = skildingur, skildingar
skipari = skipstjórnarmaður, skipverji
specie = mynt
specification = ákvörðun, afmörkun
Sr., Sieur = stytting úr monsieur og seigneur, herra, notað sem stytting fyrir séra, sem varð titill presta
S.T., Salvo titulo = án tillits til titla.
 Þessi skammstöfun kemur oft fyrir í

áritunum á bréf eða í ávarpi til móttakanda bréfs, þar sem titlum er sleppt eða að þeir geti verið rangir
sterfbú = dánarbú
stiftamtmaður = æðsti embættismaður Danakonungs á Íslandi 1684–1873
synodaldómur = prestastefnudómur
testament = erfðaskrá, arfleiðsla, vottun
testera = votta, staðfesta, arfleiða
túnd = skattur af skuldlausri eign
tólkur = haft um tólgarskjöld
trinitatis = þrenningarhátíð
ult., ultimo = þann síðasta (mánaðardag)
uppástand = krafa, skoðun
ut supra = sem fyrr segir
útbygging = útbyggingargjörð, maður borinn út af ábýlisjörð sinni
varðmaður = maður á varðlínu hálendisins vegna fjárkláða á 19. öld
visitasía = eftirlitsferð biskips eða prófasts um umdæmi sitt
visitera = að líta eftir kikjum og kristnihaldi, heimsækja
vætt = þyngdarmálseining
þumlungur = lengdareining, 1/20 úr alin, u.þ.b. 2,4 eða 2,8 cm.

B. Málstegundir og atriðisorð í dómabókagrunni

Listi yfir málstegundir og atriðisorð í dómabókagrunni sýslumanna 1621–1950.

Atvinnumál

Brot á byggingareglum	Handavinna	Verslun
Bygging mannvirkja	(vaðmálagjörð o.s.frv.)	Viðhald mannvirkja
Fiskveiðar	Niðurrif mannvirkja	Viðskipti

Fjárhagsmálefni

Aðsjón til skatts	Kyrrsetning eigna	Sauðfjármörk
Afgjöld	Markalýsingar	Skaðabætur
Búfjárdeila	Matsgerðir	Skattar
Eignaframtal	Ógilding skuldabréfa	Skuldamál
Eignaréttindi	Ógilding veðkrafna	Tíundir
Erfðamál	Sakeyrir	Umboð
Fjargæsla	Samningar	Umboðsfé
Fjárvöktun (dýr)	Samningsrof	Uppboð
Gjafabréf	Sauðfjárlýsing(ar)	

Jarðamál

Afréttur	Ítök	Lögfesta
Áreið	Jarða(r)krafa	Makaskipti
Átroðningur	Jarðaábúð	Nafnbreyting á jörð
Bygging jarða	Jarðakaup	Nýbýli
Eignarrétur	Jarðamat	Refaveiði (grenjaleit)
Eyðibýli	Jarðeignir	Rekamörk
Fjallskil	Jarðeignir (afsalsbréf)	Rekaþræta
Forboð/bann	Jarðeignir (kaupbréf)	Reki
Fornbýli	Jarðeignir (skuldabréf)	Selland
Friðlýsing	Landamerki	Sæluhús
Grasaheiði	Landamerkjамál	Uppboð jarða
Göngur og réttir	Landskipti	Veðbréf (í jörðum)
Heiðaland	Landsnytjar	Vegagerð
Ítala	Landspjöll	Virðing

Virðingargerðir

Virðingarmenn

Vogrek

Réttarfar

Barnsfaðernislýsing

Hústaka

Of hröð reið

Blóðskömm

Ill meðferð dýra

Óspektir á almannafæri

Brot á lögreglusamþykkt

Ill meðferð fólks

Ósæmilegt framferði

Brot á áfengislöggjöfinni

Innbrot

Peningafölsun

Brot gegn einkaleyfum

Kaupfox

Refsingar

Brot gegn valdstjórninni

Kirkjurof

Skemmdarverk

Búfjárþjófnaður

Klaga

Skjalafals

Dulsmál

Kynferðisbrot

Stefna

Embættisafglöp

Landhelgisbrot

Sættir

Fóstureyðing (ólögleg)

Launverslun

Tíundarsvik

Frávísunarkrafa

Legorðsbrot

Umferðarlagabrot

Frelsissvipting

Líkamlegar refsingar

Vitnaleiðsla

Handalögsmál

Lækningar án leyfa

Vitnisburðir

Helgidagabrot

Meiðyrði og níð

Ýmis brot á hagsmunum

Hindrun réttarins

Meinsæri

almennings

Hótanir

Morðmál

Ölvun

Húsbrot

Mútur

Þjófnaðarmál

Samfélagsmál

Andleg veikindi

Hjónaskilnaðir

Slysfarir

Barnauppeldi

Hjúskaparsamningar

Sóttkví og sjúkdómar

Draugar og reimleikar

Lausamennska

Tapað fundið

Eldsvoði

Líkamleg veikindi

Umferðarslys

Flakk

Ólögætt hjónaband

Vélarbilun á sjó

Flutningar

Rannsókn á ævihlaupi

Vist

Framfærsla

manna

Vistarráð

Fæðingarhjálp

Samgöngur

Vistarrof

Galdraáburður

Sjálfsvíg

Heimilisgrafreitir

Skipbrot

Stjórn­gæsla og stjórnvaldsaðgerðir

Björgun verðmæta

Dreifing matvæla

Eiðsæri

Embætti

Fangavist

Fjárnám

Forðabúr

Grið og friður

Lýst eftir stökufólki

Lögræðissvipting

Mannslát

Manntal

Opinberar fyrirspurnir

Opinberar rannsóknir

Opinberar tilkynningar

Vegabréf

Vöruskortur

Þegnskylda

C. Yfirlit yfir dóma- og þingbók Húnavatnssýslu 1756–1760

Hér gefur að líta útprintað yfirlit yfir skráða dóma- og þingbók úr dómabókagrunni sýslumanna. Heimildin nær yfir dóm- og þingstörf í Húnavatnssýslu á árunum 1756–1760. Yfirlitið samanstendur af 262 færslum, þar sem málstegundir voru teknar fyrir á þrenns konar þingtegundum, þ.e. héraðsþingum, manntalsþingum og þriggja hreppa þingum.

Svo virðist sem héraðsþingin taki yfirleitt til réttarfarsmálefna frekar en hinar tvær þingtegundirnar í dóma- og þingbókinni, en manntalsþing haldi um stjórn gæslu og stjórnvaldsaðgerðir, á meðan fjárhagsmálefni og opinberar tilkynningar, m.a. um byggingu Hólakirkju, fóru fram á þriggja hreppa þingum. Þrisvar sinnum er þingtegundar ekki getið og eru þá í öll skiptin tekin fyrir búfjárþjófnaðarmál.

Upplýsingar í yfirlitinu samstanda af öllum skráðum töflum dómabókagrunnsins, en hægt er að velja annars konar snið, þar sem færri upplýsingar koma fram.



Þjóðskjalasafn Íslands

Dómabókagrunnur - Ítarleg útprentun á yfirliti

Leitarforsendur:
Dómabók = Hún. V.06 (1756-1760)

Prentað út:
09.12.2009
kl 14:19

F.nr: 51943	Dags: 1756-03-06	Málsaðilar: Magnús Gíslason
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls:	Tegund þings: Ekki getið Þinghaldsstaður: Ekki getið um þinghaldsstað	Inntak máls Löggilding bókarinnar. Magnús Gíslason, dags. 06.03.1756.
Heiti svæðis: Bæir:	Tegund máls: Stjórnngæsla og stjórnvaldsaðgerðir Atriðisorð: Opinberar tilkynningar	

F.nr: 51960	Dags: 1756-04-27	Málsaðilar: Bjarni Björnsson, Jón Hafliðason
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 1	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Vindhæli í Vindhælishreppi	Inntak máls Upplesið kaupbréf Bjarna Björnssonar fyrir 40 hdr. í jörðinni Syðri Ey af Jóni Hafliðasyni fyrir Björnólfsstaði, 12 hdr. og 80 rd. milligjöf. Dags. 09.06.1754.
Heiti svæðis: Syðriey Bæir: Syðri Ey [Vindhælishreppur], Syðri-Ey [Vindhælishreppur], Björnólfsstaðir [Engihlíðarhreppur]	Tegund máls: Jarðamál Atriðisorð: Jarðeignir (kaupbréf), Makaskipti	

F.nr: 51965	Dags: 1756-04-27	Málsaðilar: Bjarni Björnsson, Valgerður Þorsteinsdóttir, Ingveldur Þorsteinsdóttir, Björn Þorsteinsson
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 1	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Vindhæli í Vindhælishreppi	Inntak máls Upplesið kaupbréf Bjarna Björnssonar fyrir hálfu öðru hundraði í Björnólfsstöðum af Valgerði Þorsteinsdóttur og Ingveldi Þorsteinsdóttur fyrir hálfan áttunda ríkisdal í lausafé. Dags. 01.02.1755. Upplesið kaupbréf sama manns fyrir hálfu öðru hundraði í Björnólfsstöðum af Birni Þorsteinssyni fyrir hálfan áttunda ríkisdal í lausafé. Dags. 07.05.1754.
Heiti svæðis: Bæir: Björnólfsstaðir [Engihlíðarhreppur]	Tegund máls: Jarðamál Atriðisorð: Jarðeignir (kaupbréf)	

F.nr: 51967	Dags: 1756-04-27	Málsaðilar: Guðmundur Björnsson, Teitur Magnússon	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 1	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Vindhæli í Vindhælishreppi	Inntak máls Guðmundur Björnsson er nefndur til hreppstjóra í stað sál. Teits Magnússonar.	
Heiti svæðis: Bær:	Tegund máls: Stjórnngæsla og stjórnvaldsaðgerðir Atriðisorð: Embætti (kjör hreppstjóra osvfrv)		

F.nr: 51973	Dags: 1756-04-27	Málsaðilar: Guðrún Gísladóttir, Jón Jónsson	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 1-2	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Vindhæli í Vindhælishreppi	Inntak máls Hreppstjórar óska þingvitna um skaða á túni stólsjarðarinnar Brandaskarði, sem sú fátæka ekkja Guðrún Gísladóttur ábýr. Þingvitni segja að grjót og mjög mikill sandur hafi á völlinn borið. Einnig meta þeir verk Jóns heitins Jónssonar og hans konu, sem hreinsuðu skriðuna af, til 60 álna.	
Heiti svæðis: Bær: Brandaskarð [Vindhælishreppur]	Tegund máls: Jarðamál Atriðisorð: Landspjöll, Virðing (lands, jarða, jarðamat)		

F.nr: 51977	Dags: 1756-04-28	Málsaðilar:	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 2	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Engihlíð í Engihlíðarhreppi	Inntak máls Manntalið tekið.	
Heiti svæðis: Bær:	Tegund máls: Stjórnngæsla og stjórnvaldsaðgerðir Atriðisorð: Manntal		

F.nr: 51979	Dags: 1756-04-28	Málsaðilar:	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 2-3	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Engihlíð í Engihlíðarhreppi	Inntak máls Eftirspurt um réttarins erindi. Ekkert vitnast.	
Heiti svæðis: Bær:	Tegund máls: Stjórn­gæsla og stjórnvaldsaðgerðir Atriðisorð: Opinberar fyrirspurnir		

F.nr: 51980	Dags: 1756-04-30	Málsaðilar:	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 3	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Bólstaðarhlíð í Bólstaðahlíðarhreppi	Inntak máls Manntalið tekið.	
Heiti svæðis: Bær:	Tegund máls: Stjórn­gæsla og stjórnvaldsaðgerðir Atriðisorð: Manntal		

F.nr: 51981	Dags: 1756-04-30	Málsaðilar:	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 3	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Bólstaðarhlíð í Bólstaðahlíðarhreppi	Inntak máls Eftirspurt um réttarins erindi. Ekkert vitnast.	
Heiti svæðis: Bær:	Tegund máls: Stjórn­gæsla og stjórnvaldsaðgerðir Atriðisorð: Opinberar fyrirspurnir		

F.nr: 51985	Dags: 1756-05-01	Málsaðilar: Illugi Jónsson	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 3-4	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Svínavatn í Svínavatnshreppi	Inntak máls Upplesið kaupbréf Illuga Jónssonar fyrir 10 hdr. í Brún, fyrir 50 rd. specie. Dags. 27.06.1755.	
Heiti svæðis: Bær: Brún [Bólstaðarhlíðarhreppur]	Tegund máls: Jarðamál Atriðisorð: Jarðeignir (kaupbréf)		

F.nr: 51986	Dags: 1756-05-01	Málsaðilar:	
Dómabók: Hún. V.06 (1756-1760) Bls: 4	Tegund þings: Manntalsþing Þinghaldsstaður: Svínavatn í Svínavatnshreppi	Inntak máls Manntalið tekið.	
